

# DNA



## UMMÆLI ÁRSINS

„MERKI UM TAKMARKA-  
LAUSAN DRULLUSOKKS-  
HÁTT AF SPÍTALANUM“

„ÉG EK Á  
GUÐS VEGUM“



# Völvaspá

## Hvað gerist 2019?

*Miðflokksmenn snúa aftur  
– og Ágúst Ólafur líka*

*Samkynhneigðir rapparar  
stinga á karllægum kylum*

*Skilnaður sjónvarps-  
konu skekur samfélagið*

*Frægur Íslendingur stígur  
fram sem rangfeðraður*

*Már viku úr stóli  
seðlabankastjóra*

*Trúfélag sakað um  
þrælastarfsemi*

*Stórt leigufélag  
verður gjaldþrota*

*Engeyjarflétta  
stórskadar Bjarna Ben*



**Árið með augum  
Svarthöfða:**

**Slagur ársins  
Skilnaður ársins  
Fyllerí ársins**

**Margar gerðir af  
FARANGURSBOXUM**



**Dráttarbeisli**  
undir flestar tegundir bíla




Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



### Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

**Webasto**  
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is





### Síðustu orðin

„Svona, svona, minn kæri, nú er ekki rétti tíminn til að afla sér óvina.“

– heimspækingurinn Voltaire (1694-1778) þegar prestur hvatti hann á dánarbedinum til að afneita tilvist djöfulsins.

### Á þessum degi, 28. desember



1308 – Valdaskið Hanazono keisara hefst í Japan.



1836 – Spánn víðurkennir sjálfstæði Mexíkó og undirritar Santa-María-Calatrava-samninginn.



1879 – Miðhluti Tay járnbrautarbrúarinnar í Dundee í Skotlandi hrynur þegar lest fer þar um og 75 manns missa lífið.



1895 – Wilhelm Röntgen gefur út rítgerð þar sem upplýst er um uppgötvun hans á nýrri tegund geislunar, sem seinna fær nafnið X-ray, og við þekkjum sem röntgengeisla.



1989 – Um 5,6 stiga jarðskjálfti riður yfir Newcastle í Nýju-Suður-Wales í Ástralíu. Prettán manns farast.


# Úti er ástarævintýri

„Ástin dugir að eilífu,“ sungu Páll Óskar og Unun, en sú er ekki raunin. Samböndum manna er stundum ætlaður aðeins afmarkaður tími og tíma þessara para lauk á árinu.



## Lína Birgitta og Sverrir Bergmann

Samfélagsmiðlastjarnan Lína Birgitta Camilla Stefánsdóttir og söngvarinn Sverrir Bergmann hættu saman í byrjun árs. Orðrómur hafði gengið manna milli um sambandslitin um tíma uns Lína staðfesti þau á samfélagsmiðlum. „Það hvarflaði ekki að mér að það væri hægt að eiga gott og fallett „breiköpp“ við neina manneskju. Ég verð að segja að það er svo mikil virðing og svo mikill kærleikur og við erum svo góð við hvort annað,“ sagði Lína og bætti svo við að hún og Sverrir væru þrátt fyrir allt bestu vinir. Margt getur breyst á einu ári og í dag er Sverrir í sambúð með Kristínu Evu Geirsdóttur, sérfræðingi í flugöryggis- og flugverndarmálum.



## Sunna Elvira og Sigurður

Sunna Elvira vann hug og hjórtu Íslendinga eftir að hafa lamast í hörmulegu slysi á Spáni í janúar. Hún skildi í maí við eiginmann sinn, Sigurð Kristinsson, en hann er einn sakborninga í umfangsmiklu smyglmáli sem kennt er við Skáksamband Íslands. Málið varðaði sex kíló af amfetamíni sem smyglað var til landsins í skákgrípum og sent á Skáksamband Íslands til að vekja ekki grunsemdir. Rétt er að taka það fram að Skáksamband Íslands hafði ekkert með málið að gera.



## Sigríður Elva og Teitur

Sigríður Elva Vilhjálmisdóttir, fréttakona á K100, og fyrrverandi fréttamaðurinn Teitur Þorkelsson tilkynntu um skilnað í október eftir 18 ára samband. Þau eiga eitt barn saman.



## Svala Björgvinsdóttir og Einar Egilsson

Greint var frá skilnaði Svölu Björgvins og Einars Egilssonar í september en þau höfðu gengið saman í gegnum súrt og sætt í rúmlega tuttugu ár. Í lok september opinberaði Svala að hún væri komin með nýjan ástmann. Sá heppni er hinn 23 ára gamli Guðmundur Gauti Sigurðarson.




## Rikka og Haraldur

Fríðrika Hjördís Geirsdóttir, fjölmiðlakona og matgæðingur, og Haraldur Örn Ólafsson, pólfari og ævintýramaður, slitu sambandi sínu í haust eftir þriggja ára samband. Sem þar lögðu þau stund á mikla útivist saman, klifu fjöll og klæddust úlpum, ætli þau skilin hangi þá inni á hlýrabolum?

## Hildur Eir og Heimir

Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju, og Heimir Haraldsson eru skilin. Hildur tilkynnti það í færslu á Facebook í nóvember. „Við Heimir erum skilin eftir 20 ára samfylgd og 18 ára hjónaband sem gat af sér tvo undursamlega drengi og óendanlega dýrmæta vináttu sem við hjónaleysin ætlum svo sannarlega að rækta um ókomna tíð,“ sagði Hildur svo fallega um skilnaðinn. Hildur tók líka fram að gefnu tilefni að hún væri ekki samkynhneigð og ekki kominn á Tinder. En það var þá. Nú er kominn mánuður frá opinberuninni og raunin gæti verið önnur í dag.



## 5 hlutir sem gerðust ekki 2018 en hefðu átt að gerast

Það gerðist ótrúlega margt á árinu sem er að líða. Það eru hins vegar ótal hlutir sem hefðu átt að gerast, DV tók saman nokkra hluti.



Ísland hefði átt að ná lengra á HM í knattspyrnu karla í Rússlandi. Þetta var okkar fyrsta HM og miðað við hvernig EM þjappaði þjóðinni saman þá hefðum við átt að ná upp í 16 liða úrslit.



Frans páfi hefði átt að koma til Íslands. Það er langt síðan páfi kom síðast.


Stjórnmalamaður hefði mátt segja af sér. Skiptir ekki máli í hvaða flokki eða fyrir hvað, má líka vera embættismaður. Bara einhver að segja af sér einu sinni.



Verð á hlutum sem okkur langar í hefði mátt lækka á sama degi og heimsmarkaðsverð. Það hækkar yfirleitt samdægurs þegar heimsmarkaðsverð hækkar, það ætti að lækka einu sinni þegar það lækkar.

Það hefði mátt gerast eitthvað yfirnáttúrulegt sem hægt væri að sanna að hefði átt sér stað. Til dæmis ef ein geimvera hefði lent, vampíra stigið fram (ekki í dagsljósið samt) eða alvöru draugur náðst á myndband. Það hefði sett mikinn svip á árið.





Um leið  
og við óskum ykkur  
gleðilegrar hátíðar og  
farsældar á komandi ári,  
þökkum við viðskiptin  
á árinu sem er  
að líða.



## Hver er hún



■ Hún er fædd í Reykjavík 4. október árið 1973.

■ Hún er með meistaraáráðu í alþjóðahagfræði frá Columbia University í New York.

■ Hún hefur gegnt störfum sem ráðgjafi hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington.

■ Hún á þrjú börn og er dóttir fyrrverandi borgarfulltrúa Framsóknarflokksins.

■ Nafn hennar kom oft upp í Klaustursmálinu umtalaða.

SVAR: LILJA ÖBGG ALFREYSDÓTTIR

## Það er staðreynd að...



Hátt í þrjátíu Legósett eru seld á hverri sekúndu á háannatíð jólaanna.



Í Hawaii er jólasveinninn kallaður Kanakaloka.



White Christmas er söluhæsta jólaglag allra tíma, það var samið af tónskáldinu Irving Berlin.



Gervijólatré hafa verið söluhærrí en ósvikin tré á heimsvísu síðan árið 1991.



Í nýlegri notendakönnun Yahoo var kvikmyndin Home Alone kosin vinsælasta jólamynd allra tíma. Í öðru sæti er Prúðuleikaramyndin The Muppet Christmas Carol og hin sígilda It's a Wonderful Life lenti í þriðja.



# SELJUM EKKI ÍSLAND

**P**egar lítið er til ársins sem er að líða og síðan þess sem í vændum er, þá staðnæmist ég einkum við tvennt sem í mínum huga telst uppörvandi og jákvætt.

### Jóna Imsland er maður ársins!

Fyrst vil ég nefna til sögunnar konu að nafni Jóna Imsland en hún hófst handa þegar vel var áliðið árs um að safna undirskriftum undir hvatningunni, Seljum ekki Ísland. Nokkur þúsund manns hafa þegar skrifað undir áskorunina þrátt fyrir afar litla kynningu. Tildrög-in eru kunn: Í sumar bárust fréttir af því að erlendir auðmenn væru að kaupa upp stór landsvæði víða um landið, mest á Norðausturlandi, í Fljótum, Biskupstungum en einnig víðar. Um þetta var rætt manna á meðal í sumar og var almennt búist við því að ráðist yrði í lagabreytingar, samkvæmt tillögum sem þegar liggja fyrir, um leið og þing kæmi saman sl. haust. Sú varð ekki raunin.

Áhugaleysi þingmanna var algert og ekki í nokkru samræmi við greinilegan þjóðarvilja. Þá hóf Jóna Imsland átak sitt og biður framtak hennar þess að við fylkjum okkur saman um það á komandi ári. Vel væri til fundið að við sýndum vilja okkar í verki með því að kjósa Jónu Imsland mann ársins. Ef ekki, þá

gerum við það á næsta ári þegar henni, með okkar stuðningi, hefur tekist að vekja stjórnámálmenn af þyrnirósarsvefni sínum. Gleyfum því ekki hve kauphallarbröskurum heimsins myndi reynast auðvelt að kaupa Ísland eins og það leggur sig. Gróðinn á góðum degi í kauphöllinni myndi fara langt með það. Þar með yrði eignarhald á auðlindunum jafnframt að talsverðu leyti komið ofan í vasa auðkýfinga og út fyrir landsteinana í þokkabót.

### Undið ofan af gjalddöku í heilbrigðiskerfinu

Hitt jákvæða atriðið sem ég staðnæmist við er ákvörðun Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra nú undir árslokinn um að byrja að vinda ofan af gjalddöku í heilbrigðiskerfinu. Þessi ákvörðun er gríðarlega mikilvæg og þá jafnframt augljós ásetningur ráðherrans að styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað sjúklings í kerfinu.

Upphæðin sem lífeyrisþegum og öryrkjum sparast þegar þeir hætta að vera krafðir um gjald á heilsgæslustöðvum nú um áramótin, er að sönnu ekki ýkja há, en hún hefur ekki aðeins hagræna heldur einnig táknræna þýðingu. Í byrjun tíunda áratugarins, þegar gjalddakan hófst, var talað um

þetta sem „fyrsta skref“. Þáverandi heilbrigðisráðherra hafði reyndar einnig á orði á þessum tíma að gjalddaka innrætti sjúklingum kostnaðarvitund, nokkuð sem samtökum sjúklinga og verkalyðshreyfingu þótti ekki vera göfugt markmið, nefnilega að þröngva inn í vitund þeirra sem ættu við sjúkdóma að stríða hve mikil byrði þau væru á samfélaginu!

Nú er svo komið að fimmtungur kostnaðar heilbrigðiskerfisins kemur beint úr vasa sjúklinga en aðeins áttatíu af hundraði úr sameiginlegum skatthirslum. Kannanir hafa ítrekað sýnt að þetta hafi valdið því að fátækasti hluti samfélagsins veigri sér við að leita sér lækninga af fjárhagslegum ástæðum. Vonandi verður haldið áfram á þessari jákvæðu braut og er mikilvægt að veita heilbrigðisráðherra öflugan stuðning hvað þetta varðar.

### Vonbrigði ársins

Ekki hefði ég trúað því að á fullveldisárinu yrði farið að rukka okkur fyrir að koma á Þingvöllum og ekki hefði ég heldur trúað því að aðkoma VG að ríkisstjórn breytti engu um að seldur sé aðgangur að náttúruperlum landsins! Þar með er haldið áfram á braut fyrri ríkisstjórna um að kvótavæða náttúru landsins, festa í sessi privatréttinn

til að hagnast á því sem heyrir okkur öllum til. Á komandi ári verður fylgst með framvindunni í þessu efni. Því verður vart trúað að ríkisstjórnin lyppist niður gagnvart yfirgangi hagsmunaaðila nema að hún sé sama sinnis, að réttmætt sé að rukka fólk fyrir að horfa á fjall eða foss.

### Fjölmiðlar gerist vandaðri og gagnrýnni

Önnur vonbrigði ársins var umfangsmesta hernaðaræfing NATO til þessa á Íslandi. Hvenær skyldi sá tími renna upp að við segjum okkur frá þessu síðlausa hernaðarbandalagi? Seinast sáum við til NATO þegar ráðist var á Líbíu með hörmulegum afleiðingum. Svo í vor var gerð árás á Sýrland, skammvinn þó, til að refsa þar lendum stjórnvöldum fyrir að beita efnavopnum gegn þegnum sínum. Viðeigandi stofnun (OPCW) í Haag myndi eflaust staðfesta þetta eftir að hafa rannsakað málið, var okkur sagt í fréttum. Rannsóknin fór vissulega fram. Í ljós kom að allur málatilbúnaður NATO var lygi frá upphafi til enda. Lítið fór fyrir þeirri niðurstöðu í fjölmiðlum.

Vonandi hressist Eyjólfur á komandi ári! ■

Ögmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra.



**CARGO FLUTNINGAR**  
Sími: 845 0900



**Gledileg jól**

**Flutningaþjónusta  
milli Suðurnesja og  
höfuðborgarsvæðis**



→ **Suðurnes**  
→ **Reykjavík**  
→ **Suðurnes**

**Tvisvar  
á dag!**

# Týndu meðlim í London

■ Lights on the Highway snýr aftur ■ Eiga mikið af ókláruðu efni

Guðni Einarsson  
gudnieinarsson@dv.is



**H**ljómsveitin Lights on the Highway var stofnuð síðsumars árið 2003 af söngvaranum Kristófer Jenssni og gítarleikaranum Agnari Eldberg, Kristó og Agga eins og þeir eru kallaðir. Þeir höfðu þekkt lengi og voru báðir að leita sér að nýju verkefni. Fengu þeir afnot af hljóðveri í Hafnarfirði þar sem þeir tóku upp fimm lög. Skömmu síðar gekk bassaleikarinn Karl Daði Lúðvíksson til liðs við sveitina og urðu þeir órafmagnað trío.

Lights on the Highway spilaði í kjölfarið á litlum kaffihúsum um alla Reykjavík og varð hluti af vissri senu sem var þá í gangi. Í þeirri senu voru einnig Pétur Ben, Tenderfoot, Indigo, Mood Company og fleiri tónlistarmenn.

## Haugasjór af hálfkláruðu efni

Á Hróarskelduhátíðinni árið 2004 bættist trymbillinn Þórhallur Reynir Stefánsson í hópinn. Hann og Kristófer voru þá fyrir tilviljun saman í tjaldbúðum. Þegar heim var komið var stungið í samband og fyrsta platan tekin upp í Stúdíó Grjótánmurni. Seinna bættist í hópinn Stefán Gunnlaugsson á hljómborð en einnig hafa fleiri gítarleikarar verið í bandinu í gegnum tíðina, þeir Gunnlaugur Lárusson, Konráð Bartch og Bjarni Þór Jensson. Þeir munu allir koma fram á tónleikum sveitarinnar á Hard Rock dagana 29. og 30. desember.

### Hvaðan kemur nafnið?

Kristó: „Nafnið kom í rauninni mjög fljótlega eftir að við Aggi tókum upp fyrstu upptökurnar. Við vorum að keyra einhvers staðar og að hlusta á upptökurnar þegar þessi hugmynd kom upp sem nafn á verkefni. Okkur fannst þetta lýsa tónlistinni ágætlega, eða allavega sáum við það fyrir okkur að það væri svona þínu „roadtrip“ fílingur í þessu.“

Árið 2012 flutti Aggi til Bandaríkjanna og þá lagðist hljómsveitin í híði. Aggi segir að þeir hafi ekki náð að flétta neinu almennilega saman síðan en engan þeirra hafi langað til að hætta að starfa saman í tónlist.



### Er nýtt efni á leiðinni frá ykkur?

Aggi: „Það er til alveg haugasjór af hálfkláruðu efni og okkur langar mjög mikið að gera þriðju plötuna. Svo er að reyna að mauka eitthvað úr þessum vilja, þannig að það er ekkert að fara koma á næstu vikum eða mánuðum, en vonandi sem fyrst.“

### Týndist í lest

Lights on the Highway spilaði mest hér heima en hefur einnig komið fram á erlendri grundu.

Kristó: „Ég get ekki sagt að við höfum túrað mikið erlendis en við gerðum þó eitthvað af því á sínum tíma. Þá eingöngu í Bretlandi en þar höfum við spilað á alls konar stöðum, allt frá hryllilegustu klósettum upp í sögufræga staði eins og The Marquee og London Astoria.“

Aggi: „Við spiluðum ekki eins mikið erlendis og við hefðum átt að gera. Eftir að hafa búið í Bandaríkjunum í nokkur ár sé ég alveg að við gætum rúllað þessu upp þar og sópað undir teppið. En það skiptir oft ekki máli hvað þú kannst heldur hvern þú þekkir, því miður.“

Getið þið nefnt einhver skemmtileg atvik sem upp komu á tónleikaferðalagi?

Kristó: „Mér er minnisstætt

þegar við vorum að taka síðustu lestina heim eftir gigg í London. Allir orðnir mjög þreyttir og með allt dótið okkar í lestinni. Þegar við komum á lestarstöðina okkar stígum við allir út úr lestinni, nema Ásgeir sem var eins konar tourumboðsmaður og rótarí. Hann varð einhverra hluta vegna einn eftir þegar dyrnar lokuðust og við horfðum á eftir honum. Við vissum reyndar líka að síminn hans væri straumlaus þannig að við gátum bara vonað að hann rataði aftur upp á hostel þar sem við vorum með herbergi. Ég man síðan eftir að við sátum einhverjir fyrir utan til þess að bíða eftir og vona að hann skilaði sér. Þá tók að heyrast íslenski þjóðsöngurinn með einhverju furðulegu flauti í fjarska. Viti menn, þar birtist Ásgeir, búinn að æfa sig í að flauta þjóðsönginn á einhverja furðulega fuglaflautu sem hann hafði keypt fyrr um daginn. Hann hafði þá gengið frá næstu lestarstöð, sem var líklega um klukkutíma gangur, flautandi þjóðsönginn alla leið.“

Hver er helsti munurinn á íslenskum og erlendum aðdáendum?

Aggi: „Það er ekki svo mikill munur á aðdáendum sjálfum. En tónlistarsenan á Íslandi er

mjög svo fjölbreytt og tónlistarmenn gera í því að mynda sinn eigin hljómsveit. Erlendis eru mjög margir greinilega að herma eftir því sem er heitt þá stundina.“

### Eistnaflug það besta fyrir rokkseuna

Áhrifavaldar hljómsveitarmeðlima koma úr ýmsum áttum. Má þá helst nefna Bítlanu, Elliot Smith og Crosby, Stills og Nash.

Hvað er það sem tónlistin gefur ykkur?

Aggi: „Mér finnst að ég verði að gera músík svo ég verði ekki bara hrikalega þunglyndur.“

Kristó: „Tónlistin er ákveðið tjáningarform. Stundum til að sýna einhverjum hvernig þér líður, hvort sem það er svo raunverulegt eða skáldskapur.“

Er rokkseuna betri eða verri í dag en fyrir tíu árum?

Aggi: „Sumt mætti betur fara eitthvað langt í burtu. En annað er mjög gott. Ég held að þeir tónlistarmenn sem eru ekki trúir sjálfum sér viti upp á sig sökina en hinir megi vera ánægðir áfram. Svo vorkenni ég þeim sem þekka ekki muninn þar á milli.“

Kristó: „Ég held reyndar að það besta sem gat komið fyrir rokkseuna á Íslandi var Eistnaflug.

Það gaf svolítið „boost“ í annars meira hulda senu sem hefur svo sem alltaf verið til staðar. Rokksenan sem slík þarf enga hjálp, þetta gengur allt saman í hringi hvort eð er.“

### Með suð í eyrum

Lights on the Highway kom síðast saman árið 2015 og tók þá lítinn túr um Ísland. Þá tróðu þeir upp á skemmtistöðum í Reykjavík, Græna hattinum á Akureyri og á Eistnaflugi. Aggi hefur ekki komið til Íslands síðan. Kristó segir:

„Það er í raun Stebba á Hard Rock að þakka að við höfum látið verða af þessu, bæði þá og núna, en við ætlum að halda tvenna tónleika á Hard Rock núna. Miðsalan er í gangi á tix.is en þegar er uppselt á fyrri tónleikana og örfáir miðar eftir á þá seinni. Við erum reyndar alveg orðlausir yfir viðbrögðunum sem við höfum fengið.“

Hvernig ætlið þið að eyða áramótunum?

Aggi: „Öruglega bara í kósi eftir þessi tvö kvöld með suð í eyrum að sprengja.“

Kristó: „Með fjölskyldu og vinum í Eyjum.“ ■

## HÖFÐAHÖLLIN

Funahöfði 1 | 110 Reykjavík | Sími 567 4840 | www.bilo.is | bilo@bilo.is

## Komdu í BÍLÓ!



### HONDA CR-V EXECUTIVE

nýskr. 02/2008, ekinn 133 þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, einn eigandi. Verð 1.390.000 kr. Raðnúmer 258884



### KIA SPORTAGE EX

nýskr. 03/2017, ekinn 58 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Flott eintak! **TILBOÐSVERÐ 3.660.000 kr.** Raðnúmer 258417



### AUDI A3 E-TRON DESIGN

nýskr. 06/2017, ekinn 23 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Talsvert af aukahlutum, glæsilegt eintak! Verð 4.190þkr. **TILBOÐ 3.990.000 kr.** Raðnr. 258730



### TOYOTA LAND CRUISER 150 GX 35"

nýskr. 06/2014, ekinn 82 þ.km, dísel, sjálfskiptur, nýlega 35" breyttur. Verð 7.440.000 kr. Raðnúmer 258819



### FORD F350 KING RANCH 4X4


nýskr. 01/2008, ekinn 174 þ.km, dísel, sjálfskiptur, pallhús, 35" dekk. Verð 3.490.000 kr. Raðnúmer 288297

ÓSKUM EFTIR BÍLUM Á SÖLUSKRÁ - LAUS STÆÐI



# FALLEGT ÚTLIT VÖNDUÐ HÖNNUN

Hefðir, handverk og framþróun. Nýja Inspiration línan hefur fallett og gæðalegt útlit í samræmi við innri gæði. Hægvaxta fura, náttúrulegt latex, þéttofin bómull og okkar eigið gormakerfi úr sænsku karbon stáli gefur óviðjafnanleg þægindi og stuðlar að góðum svefni.



DUXIANA  
Ármúla 10  
☎ 568 9950  
duxiana.is

DUXIANA®  
Háþróaður svefnbúnaður

# Krýsuvík, kókaín og kosningabaráttu



Árið byrjaði ekki vel hjá **Þorvaldi Gissurar-syni**, forstjóra og eiganda ÞG verks, sem er eitt öflugasta verktakafyrirtæki landsins. Íslenskir fjölmiðlar greindu frá því að hann hefði verið handtekin í Los Angeles fyrir að hafa misst stjórn á sér í flugi WOW Air frá Íslandi til Los Angeles. Þorvaldur var ölvaður og missti stjórn á sér þegar honum var neitað um annan gin og tónik. Hann var yfirbugaður af flugþjónum eftir að hafa sýnt af sér ógnandi hegðun. Í yfirlýsingu sagðist hann ætla að leita sér hjálpar vegna atviksins og baðst afsökunar.



**Gylfi Egiðsson** lýsti yfir megnri óánægju sinni með að mega ekki fá konur í heimsókn til að stunda með kynlíf á elliheimili í Hveragerði.

**Eyþór Arnalds** ákvað að bjóða sig fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn í borginni og tók kosningabaráttan mikil pláss í fjölmiðlaumræðu mánaðarins. Fyrst um sinn skygðði þó annar frambjóðandi rækilega á Eyþór. Þar var kominn **Viðar Guðjohnsen** sem fordæmdi ungt fólk, feita, útlendinga, róna, konur, jafn- aðarmenn og **Kára Stefánsson** í fyrsta alvöru útvarpsviðtali sínu. Stuttu síðar þurfti Viðar að vísa slúðurfréttum um að hann gengi með hárkollu rækilega til föðurhúsanna.



Afhjúpun DV á starfsemi Krýsuvíkursamtakanna leiddi í ljós óeðlilega starfshætti meðferðarstöðvarinnar. Fjallaði umfjöllun blaðsins um ógnarstjórn, alvarlegt kynferðisbrot starfsmanns, óeðlileg samskipti milli starfsfólks og sjúklinga auk slæmrar meðferðar á almannafé. Umfjöllun blaðsins varð til þess að samtökin misstu fjárhagslegan stuðning ríkisins og stjórnarmaður sagði af sér. Þá var forstöðumaður samtakanna sendur í langt leyfi. Allt starfið er til rækilegrar endurskoðunar.



**Gunnar Björnsson**, forseti Skák-sambands Íslands, vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar þungvopnaðir sérsveitarmenn brutust inn í húsnæði sambandsins og handtóku hann. Ástæðan var sú að lögreglan hafði lagt hald á pakka með skákvörum, fullum af fíkniefnum, sem hafði verið sendur í pósti á skrifstofu Skák-sambandsins.



Nokkrum dögum síðar var tilkynnt að Íslendingur, **Sigurður Kristinnsson**, sæti í gæsluvarðhaldi á Spáni, grunaður um að eiga þátt í slysi sem hafði orðið til þess að eiginkona hans, **Sunna Elvira Þorkelsdóttir**, lá lömuð á spænsku sjúkrahúsi. Engan grunaði þá að málin tengdust en Íslendingar áttu eftir að fylgjast agndofa með framvindu málanna næstu vikur.





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

MIKOLAJ CEDERHOLM

## EINRÆÐISHERRANN



„...ég hló og ég grét og svo grét ég úr hlátri“  
HELGA VALA HELGADÓTTIR

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á LEIKHÚSIÐ.IS

Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is



Harmasaga kísilvers United Silicon hélt áfram en stjórn félagsins óskaði eftir því að félagið yrði tekið til gjaldprotaskipta.



Tilkynnt var að leikskólastarfsmaðurinn **Sólveig Anna Jónsdóttir** færi fyrir hópi sem byði sig fram gegn sitjandi forystu í verkalyðsfélaginu Eflingu. Taldi hópurinn að verkalyðsforystan á Íslandi hefði brugðist í stétta- baráttu á Íslandi og tími væri kominn á breytingar.



# Langar þig að hætta að reykja?

Nicorette nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda þér að hætta að reykja.



Nicorette nikótínlyf hjálpa þér að halda reykbindindi með því að koma í stað nikótínsins sem fæst úr reykingum og draga þannig úr líkamlegum fráhrarfseinkennum.

 **nicorette**<sup>®</sup>  
gerðu eitthvað magnað

# Umdeildir, umskurðir og Ási keyrir



**Guðmundur Ellert Björnsson**, starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur, var ákærður fyrir gróf kynferðisbrot gegn fjórum börnum. Síðar sama ár var Guðmundur sýknaður á héraðsdómsstigi en málinu var áfrýjað til Hæstaréttar.



DV fjallaði um dularfull katta-dráp á Suðurlandi en allt að fimmtíu kettir hafa verið drepnir með eitri eða horfið á þessum slóðum undanfarnin ár. Ekki er vitað hver eða hverjir eru að verki og málið er enn óupplýst.



**Hanna Kristín Skaftadóttir** greindi frá því að fyrrverandi kærasti hennar, athafnamaðurinn **Magnús Jónsson**, hefði undirritað dómsátt og fallist á að greiða henni miskabætur, 1,6 milljónir króna. Rúmu ári fyrr hafði Magnús gengið í skrokk á Hönnu Kristínu á hóteli í Austin í Texas og ákvað hún síðar að höfða einkamál á hendur Magnúsi.



Ættingjar einstaklinga sem hvíla nærri **Steingrímur Njálssyni**, þekktasta barnaníðingi Íslands-sögunnar, í Gufuneskirkjugarði hafa farið fram á að lík hans verði fjarlægð enda valdi það þeim hugarangri.



Umskurðarfrumvarpið svokallaða vekur mikla athygli, innanlands sem utan. Í frumvarpinu, sem **Silja Dögg Gunnarsdóttir** lagði fram ásamt átta öðrum þingmönnum, er kveðið á um að umskurður drengja verði bannaður hérlandis nema af heilsufarsástæðum. Frumvarpið er mjög umdeilt og sérstaklega eru gyðingar úti um allan heim afar hneykslaðir. Frumvarpið hefur enn ekki náð fram að ganga en það virðist hafa dagað uppi á Alþingi.

## Gleðilega meltingu

**Vertu í toppformi.**  
Betri melting, meiri orka og góð líðan

Enzymedica býður uppá öflugustu meltingarensímin á markaðnum en einungis eitt hylki með máltíð getur öllu breytt.

**Digest Basic** hentar fyrir börn

Útsöluastaðir: Flest apótek, heilsuhillur stórmarkaða



Umræða um endurgreiðslur vegna aksturs þingmanna gýs upp og er **Ásmundur Friðriksson**, sem fékk 4,6 milljónir endurgreiddar árið á undan vegna aksturs, skotspónn gagnrýnenda. Síðar á árinu kemur í ljós að Ásmundur hefur fengið 23 milljónir endurgreiddar frá því að hann settist á þing árið 2013.



DV birtir hljóð- og myndbandsupptökur af blaðamönnum að kaupa dauðadópið contalgin af spákonu sem býr í Breiðholti. Verðið á töflunni er 8 þúsund krónur en töflurnar eru keyptar á 1.000 krónur hver á Spáni. Heimildir blaðsins herma að íslenskur karlmaður sem áður hefur gerst sekur um refsiverða háttsemi sé nánast einráður þegar kemur að innflutningnum.

## Uniconta er nýtt og öflugt bókhaldskerfi í skýinu

úr smíðju Erik Damgaard sem færði okkur Dynamics AX

Prófaðu  
frítt í 30 daga

### UNICONTA:

# Bókhaldskerfið sem allir eru að tala um

Uniconta er nýjasta og öflugasta bókhaldskerfið úr smíðju Eriks Damgaard. Erik er ókrýndur konungur bókhaldskerfanna, byrjaði ungur að árum að þróa bókhaldskerfi sem þúsundir fyrirtækja um allan heim hafa notað, t.a.m. Concorde XAL og Axapta. Microsoft keypti fyrirtæki hans fyrir um 200 milljarða króna árið 2001 og hafa lausnir hans verið flaggskipið í lausnaframboði hugbúnaðarrisans síðan þá.

Uniconta kom á markað í Danmörku og á Íslandi árið 2016 og hefur fengið frábærar viðtökur. Önnur kerfi komast ekki með tærnar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem að öll gögn eru vistuð í ISO vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum forrit eða app á tölvu eða snjalltæki.

#### Hraði og virkni

„Okkar reynsla er sú að Uniconta sem skýjalausn er að skila gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum niðri í kjallara hjá fyrirtækjum, gögnunum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau er sótt eða send upp í skýið,“ segir framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi, Ingvaldur Thor Einarsson.

Fjárhagskerfið er hjartað í Uniconta og tengist að fullu við allar kerfiseiningar eins og viðskiptavina- og lánardrottnakerfi, birgða-, framleiðslu-, verkbókhalds-, kröfu- og CRM-kerfi.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API) þannig að einfalt er að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og launakerfa, vefverslana, bókunarkerfa o.s.frv. hins vegar. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka teninga í Excel eða PowerBI sem keyra á raungögnum úr Uniconta. Í dag eru á annað hundrað lausnir sem bjóða upp á tilbúna tengingar við Uniconta.

Uniconta má nota á öllum tækjum: Windows- og Mac-tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

#### Frábærar viðtökur

Uniconta er viðskiptalausn á heimsmælikvarða og styður nú þegar 30 tungumál. Kerfið er komið inn á nokkra markaði í Evrópu, Asíu og Mið-Austurlöndum. Fjöldi notenda hér á landi er kominn yfir eitt þúsund og vel á þriðja hundrað íslenskra fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál og rekstur, birgðir, framleiðslu og verk.

Í dag eru flest íslensk fyrirtæki að nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni. „Hér eru þessi gömlu íslensku bókhaldskerfi eins og DK enn víða í notkun. Þessi kerfi voru smíðuð á síðustu öld og voru mjög fin á sínum tíma. Þarna var tækniumhverfið allt annað, nettengingar voru hægar og dýrar. Þessi kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður flöskuháls víða. Notendur þurfa oft að vinna í gegnum

fjarvinnsluviðmót sem var ásætlanlegt fyrir einhverjum tíu árum en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi.“ segir Ingvaldur. „Á hinum enda markaðarins eru stóru kerfin eins og Dynamics NAV sem eru einnig komin til ára sinna. Þessi kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur eru dýrar og flóknar. Uniconta er skýjalausn sem uppfærast sjálfkrafa þannig að fyrirtæki sem er í Uniconta þarf aldrei að ráðast í kostnaðarsama uppfærslu.“

Uniconta er því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki.

#### Bókhaldskerfi hafa aldrei verið ódýrari

Uniconta er seld sem hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er kr. 2.499 án VSK en sú áskrift hentar einrykjum í einföldum rekstri. „Menn bæta svo við notendum, kerfiseiningum, færslum og viðbótarlausnum eftir þörfum. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta eru að jafnaði að ná fram 50% sparnaði í rekstrarkostnaði bókhaldskerfis,“ segir Ingvaldur. „Þá er mun einfaldara að innleiða Uniconta en önnur kerfi og hægt að færa öll gögn úr gamla kerfinu yfir í Uniconta. Við aðstoðuðum t.d. litið fyrirtæki um daginn við innleiðingu Uniconta og það tók

klukkustund að koma öllum gögnum og færslum síðustu 10 ára úr gamla kerfinu yfir í Uniconta. Hjá stærri fyrirtækjum hleypur innleiðing á einhverjum dögum en ekki mánuðum eins og hjá mörgum af okkar keppinautum.“

#### Aldrei minni vinna við bókhaldið

„Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna, heldur viljum við einnig hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna,“ segir Ingvaldur. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði. Í byrjun árs mun Uniconta kynna nýja lausn sem les upplýsingar af fylgiskjöllum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Þetta mun spara alla innsláttarvinnu og nær útrýma mistökum.

Þetta er í takt við fjórða iðnbýltinging þar sem að tæknin leysir af hólmi einföld, tímafrek verkefni sem eru endurtekin í gríð og erg. „Margir hafa spáð því að starf bókara muni leggjast af en okkar sýn er sú að þessi störf muni ekki leggjast niður – heldur breytast. Bókarar munu hafa tíma til að sinna greiningum og veita stjórnendum fyrirtækja endurgjöf

um reksturinn. Þetta skapar mun meiri verðmæti fyrir alla en núverandi fyrirkomulag þar sem heilu stöðugildin eru að slá inn gögn af pappír og raða fylgiskjöllum í möppur.

Uniconta er í stöðugri þróun og við leggjum okkur fram um að hlusta á óskir viðskiptavina okkar. Bestu hugmyndirnar koma frá fólkinu sem notar kerfið daglega til að leysa ýmis vandamál í rekstrinum og kallar eftir nýjum og snjöllum leiðum til að gera hlutina.“

#### Um Uniconta

Uniconta A/S er starfrækt í Danmörku og hefur um 30 starfsmenn á sínum snærum. Fyrirtækið er að mestu í eigu Eriks Damgaard en danskir lífeyrissjóðir lögðu til milljarða fjárfestingu á síðasta ári. Uniconta Ísland ehf. hefur dreifingarrett á Uniconta hér á landi. Uniconta bókhaldskerfið er selt í gegnum fjölda sjálfstæðra sölu- og þjónustuaðila. „Við teljum að þetta sé besta leiðin inn á markaðinn. Viðskiptavinurinn getur valið þann þjónustuaðila sem hann treystir best en við höfum lagt mikla vinnu í að velja og þjálfa öflugra þjónustuaðila sem viðskiptavinir treysta.“

Sjá nánar á [uniconta.is](http://uniconta.is). ■

 UNICONTA

**3 FYRIR 2**  
AF ÖLLUM VÖRUM

VEGLEGUR KAUPAUKI FYLGIR  
ÖLLUM FLUGELDASÝNINGUM

**NÝTTI!**

## SAMANSETTAR FLUGELDASÝNINGAR

Við kynnum þetta árið nýjar samansettar flugeldasýningar í einum kassa, njóttu sýningarinnar og fagnaðu nýju ári með stæl, pakki af handblysum, stjörnuljósum og raketta fylgja öllum samansettum flugeldasýningum þegar verslað er í netverslun.

**Veldu þína sýningu og gerðu nágrannana græna af öfund!**

**600** SKOTA BLÖNDUÐ  
SÝNING

44.900 KR



**384** SKOTA BLÖNDUÐ  
SÝNING

34.900 KR



**242** SKOTA BLÖNDUÐ  
SÝNING

24.900 KR



**MEIRA ÚRVAL OG MYNDBÖND Á HEIMASÍÐUNNI**  
**WWW.STJORNULJOS.IS - DALBREKKU 17, KÓPAVOGI**



**196** SKOTA BLÖNDUÐ SÝNING  
39.900 KR

**177** SKOTA BLÖNDUÐ SÝNING  
36.900 KR



**147** SKOTA BLÖNDUÐ SÝNING  
34.900 KR



**STJÖRNULJÓS**  
FLUGELDAR

# HÚH!, þvottabjörn á flóttta og aðgerðarsinni fellur



Ari Ólafsson, söngvari og Eurovision-fari, vekur athygli fyrir að vera óhræddur við að sýna tilfinningar sínar og gráta í aðdraganda þess að hann ber sigur úr býtum í undankeppni söngvakeppinnar hér á landi.



Kári Stefánsson lýsir yfir vanþóknun sinni með seinagang heilbrigðisyfirvalda við að koma jáeindaskanna, sem Íslensk erfðagreining færði þjóðinni að gjöf í september 2015, í gagnið. Skriður kemst loks á málið og jáeindaskanninn er vígður við hátíðlega athöfn í lok árs.



Fregnir berast frá Sýrlandi um að aðgerðarsinninn Haukur Hilmarsson hafi fallið í átökum í Afrin í Sýrlandi. Haukur barðist fyrir þjóðaröryggisveit Kúrda, YPG, gegn ISIS og tyrkneska stjórnarhernum. Hann er talinn hafa fallið í loftárásum hinna síðarnefndu. Haukur, sem var 32 ára gamall, vakti þjóðarathygli í búshaldabyltingunni þegar hann klifraði upp á þak Alþingishússins og flaggaði fána Bónusverslunarkerðjunnar á flaggstöng hússins.



Eignir hljómsveitarmeðlima Sigur Rósar eru kyrrsettar af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu vegna gruns um skattalagabrot. Kyrrsetningin nær til eigna upp á rúmlega 800 milljónir króna. Þar á meðal fasteignir, ökutæki, hlutafé í fyrirtækum og fé á bankareikningum þeirra Jóns Þórs Birgissonar, Orra Páls Dýrasonar og Georgs Hólms. Premeningarnir mótmæla kyrrsetningu og segja að um handvömm endurskoðanda hafi verið að ræða en ekki ásetning.



Stjórn NI hf. ákveður að hækka laun forstjóra félagsins, Eggerts Þórs Kristóferssonar, um 20% sem verðlaun fyrir góðan árangur í rekstri félagsins árið 2016. Ákvörðunin vekur mikla reiði í samfélaginu.



Birgir Hauksson er í göngutúr á Reykjanesi ásamt hundinum Tyson þegar félagarnir ganga fram á torkennilegt býr. Hundurinn lendir í áflogum við dýrið og hefur það undir. Í ljós kemur að um þvottabjörn er að ræða sem hafði komið sér vel fyrir í holu skammt frá Höfnunum. Ekki er vitað um uppruna dýrsins en líklegast er að dýrinu hafi verið smyglað til landsins sem gæludýri eða það hafi gerst laumufarþegi.

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM



Sjálftandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar



Greiðslulausnir tengdar helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060



Grínistinn Hugleikur Dagsson greinir frá því að hann hafi fengið skilaboð þar sem þess er krafist að hann hætti sölu á bolum með myndum af spýtukalli sem orgar hið víðfræga „HÚH!“ sem íslenskir stuðningsmenn eru heimspektir fyrir. Umræddur maður, Gunnar Þór Andrésson, hafði tveimur árum fyrr sótt um einkaleyfi fyrir „HÚH!“ á fatnað og drykkjarvörur. Framtak Gunnars fellur í grýttan jarðveg í þjóðfélaginu og hann fellur frá kröfu sinni.




# RISA ÚTSALA

20-70% afsláttur af öllum vörum

2.-10. janúar 2019



Allir Brooks skór á 14.000 kr.

Sama útsöluverð og í fyrra þrátt fyrir gengislækkun



**30%**  
afsláttur  
af FootJoy golfskóm



**25%**  
afsláttur  
af öllum fatnaði.  
Sama verð og í USA



**30%**  
afsláttur  
af Ecco sandölum,  
götuskóm og barnaskóm

Höfum opnað glæsilega sölusíðu  
[www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)

Allar vörur eru með sama afslætti á heimasíðu



**EINS OG FÆTUR TOGA**

[www.gongugreining.is](http://www.gongugreining.is)

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

# Kosningabarátta, eldsvoði og flótti Sindra



**Sturla Sigurgeirsson**, karlmaður á sextugsaldri, er dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa fróað sér í gestamót-tökunni á Hótel Sögu við Hagatorg í nóvember 2016.



Greint er frá stórbruna í atvinnuhúsnæði í Garðabæ. Í húsinu er fataverslunin Icewear til húsa sem og geymsluleigan Geymslur.is. Húsið brennur til kaldra kola og fjölmargir Íslendingar tapa verðmætum sem þeir höfðu komið fyrir í geymslu í húsnæðinu. Meðal þeirra sem glata verðmætum eru **Björgvin Halldórsson** og **Sigríður Beinteinsdóttir**.



**Ágúst Guðmundsson** lýsir því í viðtali við DV hvernig honum tókst að smygla sér út úr Taflandi og sleppa þar með við áratuglangan fangelsisdóm. Ágúst átti allt að þrjátíu ára fangelsisdóm yfir höfði sér fyrir að ráðast á starfsmenn þarlendrar verslunar með piparúða og stela sigarettum og freyðivíni. Ágúst sætti slæmri meðferð ytra á meðan hann þurfti að dýsa þar í haldi og var hann beittur margs konar ofbeldi.



Lögreglan lýsti eftir **Sindra Þór Stefánsyni** sem strauk frá Sogni þar sem hann sat í gæsluvarðhaldi vegna gagnaversmálsins svokallaða. Um var að ræða þjófnað á um 600 tölum. Verðmæti þeirra var um 200 milljónir króna og eru tölurnar enn ófundnar. Flótti Sindra Þórs vakti mikla athygli, innanlands sem og erlendis, og sérstaklega sú staðreynd að hann náði að flýja land í sömu flugvél og **Katrín Jakobsdóttir**, forsætisráðherra Íslands. Sindri var síðan gripinn í Amsterdam en réttarhöld yfir honum og öðrum sakborningum í málinu hafa staðið yfir. Sindri Þór hefur játað aðild að málinu og er farið fram á fimm ára fangelsisdóm yfir honum.



**Birgitta Jónsdóttir** tilkynnir að hún sé hætt í Pírötum. „Vonsvikin með stjórnmálin, almenning, kerfið almennt og Píratar eru ekkert undanskildir.“



DV birtir umfjöllun um fjórtíu fjölkæra Íslendinga sem mættu í swing-partí á ótilgreindum stað á höfuðborgarsvæðinu.

Hafa bakað með íslendingum frá 1935

ÍSLENSKT  
gjöril svo vel

Flóra  
SIDAN 1935

Sími. 4524272 / vilko.is



Fréttir af kosningabaráttu til sveitarstjórna um allt land heltekur aprílmánuð. Sjálfstæðismenn saka **Dag B. Eggertsson** og félag hans í Samfylkingunni um að dæla út óhróðri og lygum um **Eypór Arnalds** á samfélagsmiðlum. Á meðan er Dagur brjáláður yfir óvinsældakönnun Fréttablaðsins. **Vilborg Hansen** hættir þátttöku í pólitík, þátttöku sem aldrei hófst út af samskiptaörðugleikum hjá Miðflokknum. **Biggi lögga** fer í fylu því hann fær ekki sæti á lista Framsóknarflokksins í Hafnarfirði og bylting gegn Elliða bæjarstjóra kraumar í Eyjum. Á meðan syngja Sósíalistar hástöfum: „Hosanna, Hey Sanna Sanna Sanna Hosanna, Hey Sanna Hosanna.“



# Þú færð flugeldana hjá okkur



Troðfullir sölustaðir  
af flugeldum  
í öllum gerðum.

## VÍGATERTUR

Nýjar vígalegar tertur sem bjóða  
upp á heila flugeldasýningu í kassa.  
Enginn verður ekki svikinn af þessum.



## FJÖLSKYLDU- PAKKAR

Frábærir fjölskyldupakkar í sjö  
mismunandi stærðum.

## KAPPATERTUR

Þú getur örugglega fundið þinn  
uppáhaldskappa í þessari mögnuðu  
tertulinu. Við bjóðum allar gerðir  
af ljósum, hávaða og skrauti.



NOTUM ALLTAF  
FLUGELDAGLERAUGU

-bæði börn og fullorðnir



Flugeldamarkaðir okkar eru á yfir 110  
stöðum um allt land - troðfullir af  
fjörugum flugeldum. Verið velkomin.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

# Níðingur fær þungan dóm, tíkin Gloría og bóndinn sem vill heita Sigríður



Athafnamaðurinn **Sigmar Vilhjálmsson** tilkynnir að hann hafi selt öll hlutabréf sín í Hamborgarafabrickunni og Keiluhöllinni Egilshöll.

**Rafal Kiedowski** er ákærður fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum. Var honum gefið að sök að hafa fróað sér opinberlega víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2013 til 2017. Að lokum náðist hann eftir að hafa stundað ósiðsamlegt athæfi við dvalarheimilið Hrafnistu. Að auki var Rafal ákærður fyrir fjölda annarra brota, öll vegna þjófnaðar eða umferðarlagabrota.



Dyggur hlustandi Útvarps Sögu, **Guðfinna Karlsdóttir**, höfðar mál gegn Arnþrúði Karlsdóttur, útvarpsstjóra stöðvarinnar, vegna fjármuna sem Guðfinna lagði inn á persónulegan reikning stöðvarinnar. Deildu aðilar málsins um hvort að um hafi verið að ræða styrk eða lán. **Pétur Gunnlaugsson**, samherji Arnþrúðar í blíðu og stríðu, varði útvarpsstjóran. DV fylgdist með réttarhöldunum sem voru skrautleg og þurftu dómari að krefjast þess að Arnþrúður róaði sig. Arnþrúður var að lokum dæmd til að greiða Guðfinnu 3,3 milljónir auk dráttarvaxta og málskostnað upp á 620 þúsund krónur að auki.



Þingeyski bóndinn **Sigurður Hlynur Snæbjörnsson** óskar eftir því við Þjóðskrá að hann fái að heita Sigríður í höfuðið á ömmu sinni. Að hans sögn vonuðu foreldrar hans að þeir eignuðust stúlku og ætluðu að láta skíra stúlkuna í höfuðið á ömmunni. Erindi Sigurðar var vísað til mannanafnanefndar, sem sýnjaði beiðninni. Sigurður áfrýjaði og fhugar að leita til dómstóla ef krafa hans nær ekki fram að ganga.

**Ingvar Árni Ingvarsson** er ákærður af lögreglu fyrir grófar hótanir í garð starfsfólks Dýralæknamiðstöðvarinnar í Grafarholti sem annaðist smáhundinn **Gloríu**. Ingvar var afar ósáttur við þjónustuna á umræddri stöð og tilkynnti fyrirfram á Facebook-síðu sinni að hann væri á leið í fangelsi. Ingvar Árni hefur ítrekað komist í kast við lögin á undanförunum árum.



## Frost í kortunum?

Ekki láta kuldann koma þér í vandræði  
Komdu við og láttu mæla rafgeyminn þinn!



**Þorsteinn Halldórsson** er dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn ungum pilti. Drengurinn var fimmtán ára gamall þegar brot Þorsteins hófust. Gaf hann piltinum peninga, tóbak og farsíma og nýtti sér yfirburði sína gagnvart honum til að hafa við hann samræði og önnur kynferðismök. Þá tók hann klámmyndir af piltinum og geymdi í læstri möppu í farsíma sínum.



DV greinir frá því að **Matthías Imsland** hafi fjárfest í tíu íbúðum í Vestmannaeyjum. Til að fjármagna kaupin fékk hann lán frá Íbúðalánasjóði sem aðeins eru ætluð óhagnaðarfríum leigufélögum. Í stofnskrá einkahlutafélags Matthíasar kemur fram að félag hans sé rekið í þeim tilgangi.



Greint er frá því að líkamsleifar sem fundust í Faxaflóa fyrr á árinu hafi verið af **Arturi Jarmoszko**. Hann hvarf þann 1. mars 2017 og var gerð umfangsmikil leit að honum auk þess sem helstu fjölmiðlar fjölluðu ítarlega um hvarfið.

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

MIKIÐ ÚRVAL, TRAUST  
OG FAGLEG ÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 12 / S. 577 1515 / skorri.is

# Bjarmaland ferðaskrifstofa

Óskum landsmönnum öllum  
farsælla ferðalaga og  
hamingju árið 2019!

Flottur aðbúnaður og frábær félagsskapur!



## INDVERSKT SUMAR Í FEBRÚAR

«Gull þríhyrningurinn» og 6 dagar á ströndum Góa S-Indlandi

2.- 17. febrúar

**Aðeins! 359 000 kr.**



## ÆVINTÝRALJÓMI TRANSILVANÍU

Rúmenía - í fótspor Drakúla greifa

25. maí - 1. júní **179 700 kr.**



## SKEMMTISIGLINGAR

helstu borgir Rússlands og nærsveitir

Moskva - Pétursborg

7. - 18. sept. & aðrar dags **333 000 kr.**

Moskva - Astrakhan (eða öfugt)

í september

**494 000 kr.**



## SILKILEIÐIN MIKLA

Úzbekistan og Túrkménistan í Míð-Asíu

ævintýri á slóðum 1001 nætur

18 - 30. apríl **488 000 kr.**



## GEORGÍA og AZERBÆDSJAN

forn menning og hrikaleg

fegurð Kákasusfjalla

28. sept. - 8. okt. **385 000 kr.**



## HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA

Víetnam og Kambódía

meiriháttar upplifun SA-Asíu

26. okt. - 10. nóv. **578 000 kr.**

# Lögreglumaður sakaður um kynferðisbrot, HM og bílslys tíu barna móður



Tíu barna móðir, **Sigrún Elisabeth Arnardóttir**, lenti í skelfilegu bílslysi á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi. Ásamt Sigrúnu í bílnum voru sjö börn hennar, á aldrinum 3 til 16 ára, og eitt systurbarn hennar. Fjögur þeirra voru flutt á gjörgæsludeild en náðu sér um síðir. Ökumaður fólksbifreiðarinnar, karlmaður á fertugsaldri og erlendur ríkisborgari, lést í slysinu.



**Elisabet Ronaldsdóttir** barðist hetjulegri baráttu við illvígt krabbamein og vann sigur að lokum. Hollywood-stjarnan Ryan Reynolds reyndist henni afar vel en Elisabet klippti nýjustu mynd hans, á þeim tíma, Deadpool 2.



Þrjár stúlkur, **Kiana Sif Limehouse**, **Helga Elín Herleifsdóttir** og **Lovísa Sól Sveinsdóttir**, stigu fram og lýstu meintum kynferðisbrotum sem þær fullyrða að þær hafi orðið fyrir af hálfu Aðalbergs Sveinssonar lögreglumanns. Aðalbergur er enn starfandi hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu en stúlkurnar og aðstandendur þeirra telja að rannsókn málsins hafi verið verulega ábótavant.



HM í fótbolta gekk yfir í Rússlandi. Hannes varði vítaspyrnu frá Messi en að öðru leyti slógu strákarnir ekki í gegn og komust ekki áfram. Íslensku stuðningsmennirnir voru þó frábærir.

**NOKIA**

ÍMYND  
GLÆSILEIKANS

**Nokia 7.1**  
Með öllu því  
nýjasta frá Google

- 12 mp tvöföld ZEISS myndavél
- full hd+ 5.84" hdr skjár
- 4/64gb minni

androidone

**ZEISS**

Fjölmíðlamaðurinn **Hjörtur Hjartarson** var sendur heim frá HM í Rússlandi af yfirmönnum sínum. Ástæðan var sú að Hjörtur hafði áreitt Eddu Sif Pálsdóttur, íþróttafélagsmann RÚV. Hjörtur hafði verið án áfengis í lengri tíma en féll á bindindinu ytra. Edda Sif kærði Hjört fyrir líkamsárás árið 2012 en þau náðu samkomulagi þar sem hann viðurkendi fulla ábyrgð og fór málið því ekki fyrir dóm.

Sex ára gömlum dreng, **Ægi Þór Sævarssyni**, sem glímir við sjaldgæfan og ólæknandi vöðvarýrnunarsjúkdóm, var synjað um besta mögulega lyf til að hægja á framgangi sjúkdómsins af lyfjanefnd Landspítalans. Ástæðan er sú að lyfið er ekki leyft í Evrópu. Barátta Ægis Þórs og foreldra hans snerti streng hjá þjóðinni og þjóðþekktir Íslendingar kepptust við að hvetja stjórnvöld til þess að endurskoða málið.

# PEP FLUGELDAR

Opnum 28. des.

Erum staðsettir á **DRAGHÁLSI 12**, 110 Reykjavík  
Skoðið vöruúrvalið [www.pepflugeldar.is](http://www.pepflugeldar.is) og á Facebook

**ELDUR OG ÍS**  
120 skota terta  
**27.900 kr.**




**HVELLURINN**  
360 skota terta!  
**34.900 kr.**



**UPPHAF**  
49 skota terta  
**11.900 kr.**



**Cloud Stone**  
rakettupakki  
**3.900 kr.**



600 skota ýlutertur  
2 fyrir 1  
**4.900 kr.**



Tertupakki með  
5 tertum  
**14.900 kr.**



## Opnunartímar

28. desember	12.00–22.00
29. desember	10.00–22.00
30. desember	10.00–22.00
31. desember	10.00–16.00
4. janúar	12.00–21.00
5. janúar	12.00–21.00
6. janúar	12.00–20.00

# Þingvallaskandall og Karl Vignir laus



Einn alræmdasti barnanfðingur landsins, Karl Vignir Þorsteinsson, er látinn laus úr fangelsi, eftir að hafa afplánað um fimm ár af sjö, og kemur sér fyrir í lítilli íbúð við Hlemm þar sem hann hefur útsýni yfir leikvöll. Foreldrar eru slegnir óhug enda hefur Karl Vignir víðurkennt að hafa misnotað allt að 50 börn í gegnum árin, drengi og stúlkur.



DV upplýsir um að Guðný Guðnadóttir, einstæð móðir fjögurra barna, neyðist til þess að gista í tjaldi á höfuðborgarsvæðinu með yngsta son sinn í kjölfar þess að íbúð sem hún leigði var seld. Sonur Guðnýjar, sem er þriggja ára, er langveikur en hann fæddist fyrir tímann og er ekki enn byrjaður að tala.



Davíð Jónsson, sextugur íslenskur karlmaður, lætur lífið í bíslýsi í Taílandi á flótta frá lögreglu. Bíll hans skall á vörubíl samkvæmt erlendum fjölmiðlum. Í bílnum fannst heilmikið af fíkniefnum, svo sem metamfetamín, kókaín og kannabis. Davíð var einnig breskur ríkisborgari og hét þar í landi David Sewell.



Veitingastaðurinn Lof, sem er í eigu framkvæmdastjóra SUS, Jakobs Helga Birgissonar, og tengdafiðdur hans, fer í þrot á mettíma. Starfsfólk fær ekki greidd þau laun sem það telur sig eiga rétt á, en á meðan keyrir Jakob Helgi um á rúmlega 15 milljóna króna Porsche-sportbíl.



Þingvallafundurinn er settur og í öndvegi situr hinn umdeilda danska stjórnmalakona, Pia Kjaersgaard. Ekki nokkur sála hefur áhuga á fundinum sem er ekki í takt við væntingar ráðamanna. Síðar verður allt vitlaust þegar í ljós kemur að fundurinn kostaði íslenska skattgreiðendur 87 milljónir króna.



## Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarolía  
Íslensk framleiðsla



60



120/180



220 ml



„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“



Adolf Örn Adolfsson verður fyrir harkalegri árás nauts í spænska smábænum Denia. Myndir af atvikinu birtast í spænskum miðlum og vekja athygli ytra. Adolf Örn tók þátt í árlegri nautahlaupshátíð með þessum afleiðingum. Horn nautsins stungust inn í líkama Adolfs Arnar á þremur stöðum en hann slapp afar vel miðað við aðstæður.

# Kynferðisbrot séra Þóris og Siggi hakkari á Reykjavíkurlflugvelli



DV fjallaði um starfsemi fyrirtækja í eigu athafnamannsins Hilmar Ágústs Hilmarssonar á Reykjavíkurlflugvelli. Sigurður Ingi Þórðarson, betur þekktur sem Siggí hakkari, hafði nýverið verið skráður stjórnarformaður og framkvæmdastjóri eins félagsins og var í krafti starfstúlsins með nánast ótakmarkað aðgengi inn og út af haftasvæðum. Í stjórn með Sigurði sat síðan dæmdur barnaníðingur, Robert Tomaz Czarny. Þá vakti athygli að náinn samstarfsmaður Sigurðar, Dan Somers, sá um öryggisgæslu fyrir fyrirtækin en í staðinn fékk hann að starfrækja tilbeðslustað fyrir sértrúarsöfnuð sinn í flugskýli á Reykjavíkurlflugvelli.



DV greinir frá því að séra Þóris Stephensen hafi viðurkennt á sáttafundum á Biskupsstofu að hafa brotið kynferðislega á tíu ára gamalli stúlku. Brotin áttu sér stað á sjötta áratug síðustu aldar þegar Þóris nam til prests. Meðal þeirra sem sátu sáttafundinn með Þóri og fórnarlambi hans, þar sem presturinn baðst afsökunnar, var Agnes M. Sigurðardóttir biskup. Þrátt fyrir að hún vissi af brotum Þóris þá fékk hann áfram að taka að sér margs konar verkefni fyrir kirkjuna auk þess sem hann sat í öndvegi þegar nýr vígslubiskup var vígður í Skálholti. Í kjölfar umfjöllunarinnar bað biskup séra Þóri um að draga sig alfarið í hlé.



SS stöðvar vinsælar auglýsingar fyrirtækisins þar sem Kjartan Guðjónsson leikari fer á kostum sem Árni pylsusali. Ástæðan er sú að umræða um gamlan nauðgunardóm Kjartans kemur upp á yfirborðið á Twitter en forsvarsmenn fyrirtækisins voru ekki meðvitaðir um hann.



Ronja Auðunsdóttir var í hjólatúr ásamt dóttur sinni þegar þær mægður fundu kött sem misþyrmt hafði verið með hrottalegum hætti í Helligserði í Hafnarfirði. Kötturinn hafði verið hengdur við tré með netaböndum auk þess sem hann hafði verið beittur margvíslegur ofbeldi. „Hér var algjört illmenni að verki,“ sagði Ronja í samtali við DV. Hún kom kettinum, sem var örmerktur og hét Lísu, til dýralæknis og náði kötturinn sér að mestu leyti eftir raunina.



Margrét Friðriksdóttir greindi frá því á samfélagsmiðlum að hún hefði ráðist að Semu Erlu Serdar fyrir utan veitingastað við Grensásveg. Þær hafa eldað grátt silfur saman um árabíl út af mismunandi skoðunum sínum á þjóðfélagsmálum. Sema Erla kærði Margréti fyrir líkamsárás og morðhótanir í kjölfarið. Margrét lýsti yfir iðrun sinni og kvaðst ætla að hætta að drekka í kjölfarið.



## Straumhvörf í neysluvatnsdælum



GRUNDFOS

ÍSLEIFUR JÓNSSON

### Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýsting og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysrluvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Draghals 14-16 | Sími 412 1200  
110 Reykjavík | www.isleifur.is



Suðurlandsbraut 14  
2. hæð  
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson  
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll víðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn



### Bitur kaleikur

Það virðist hafa verið afleikur hjá **Sigurði Inga Jóhannssyni** samgönguráðherra að láta undan Sjálfstæðismönnum og taka við þeim bitra kaleik vegtolla sem forveri hans, **Jón Gunnarsson**, bar á borð. Gæti hann hafa blindast af vilja norðanmanna til að borga toll í hin nýju Vaðlaheiðargöng. Lengi hafði verið beðið eftir þeim göngum og heimamenn viljugir að greiða nánast hvað sem er til að keyra í gegnum þau. Sunnanmenn eru aftur á móti nýhættir að greiða í Hvalfjarðargöngin og þá á að setja upp nýtt hlið sem mun standa um óákveðinn tíma. Þetta mun bitna harðast á íbúum í nágrannasveitarfélögum við höfuðborgarsvæðið. Þar hafa Framsóknarmenn víða verið sterkir, sérstaklega á Akranesi, Borgarnesi og í Árborg. Hugsa flokksmenn þar nú Sigurði þegjandi þörfina þar sem aðgerðin virðist ætla að verða mjög óvinsæl.



### Bein Þórdísar

Öllum er það ljóst að meirihlutasamstarfið í borginni stendur nú á brauðfótum. Öll spjót standa á borgarstjóra sem ætla sér ekki að axla neina ábyrgð og reyna frekar að bíða af sér storminn. Það er aftur á móti ekki örvadrifa andstæðinganna sem hann þarf að hafa áhyggjur af heldur samstarfsfólk sitt sem ókyrrist með hverri mínúttunni sem líður. Nú horfa margir á Þórdísi Lóu og velta fyrir sér hennar pólitísku beinabyggingu. Ætla hún að pakka í vörn með Degi eða taka sjálf frumkvæðið. Allir vita að hún hefur ekki geð til að vinna með Vigdís Hauks eða Sósíalístum. Hún gæti hins vegar sparkað Samfylkingunni út og tekið Sjálfstæðismenn inn og leitt nýjan meirihluta. Sjálfstæðismenn myndu sætta sig við hvað sem er, en Píratar þyrftu að fá veglega umbun í ráðum og nefndum.

# 2019 verður að vera betra

## Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Það er einhver fjandans grámygla yfir öllu. Köld, blaut og snjólaus jól eru að baki og annar hver maður flúði til útlanda til að þurfa ekki að horfast í augu við tilbreytingarlausan drungann. Hvað tekur svo við? Jú, rakettukaup, sem áður voru okkar helsta þjóðarskemmtun, en eru nú orðin að þrætuepli. Þeim sem ekki kaupa af björgunarsveitunum er brigslað um landráð og þeir sem skjóta upp rakettum yfirhófuð eru vændir um umhverfisspjöll og dýraníð.

Þegar gamlárskvöld kemur dreyfum við á ódýru freyðivíni og kveikjum jafnvel í vindli til hátíðarbrigða. Annálarnir rúlla og við hugsum: Djöfull var þetta ómerkilegt ár. Skaupið er líka lélegt. Svo er orðið mjög kalt úti og krakkarnir orðnir allt of þreyttir til að skjóta upp flugeldum. Væl og skæl út í eitt. Svo strengjum við áramótaheit sem við vitum að við munum aldrei geta staðið við. Byrja í ræktinni? Endist í tvær vikur í mesta lagi. Hætta að reykja? Tyggjó í viku og svo fall. Gleðilegt nýtt ár, 2019 verður að vera betra.

Hvernig væri nú að slaka aðeins á? Hætta að gera svona miklar kröfur? Við þurfum ekki að vera höfðatöluheimsmeistarar í öllu, eiga allt og geta allt. Lífið þarf ekki að vera eitt stórt partí. Það sem skiptir kannski mestu máli er að það þurfa ekki allir að vera samála okkur.

Við lifum á öld þar sem við erum í stöðugu kapphlaupi við hvert annað. Við erum einnig í stöðugu talsambandi við hvert



## Eftir heilt ár af upphlaupum og tryllingsköstum erum við hvekk og uppstökk í jóla- og áramótaveislunum

annað. Línan er laus, alltaf og um öll málefni. Sama hvort það sé við einhvern sem við þekkjum eða bláókunnugt fólk. Við setjum líf okkar í sýningarglugga og verjum okkar lífsstíl og okkar skoðanir

með kjafti og klóm á hverjum degi. Ef einhver einhvers staðar mælir hnjóðsyrði um einhvern eða eitt hvað sem við stöndum með, verðum við reið, pirruð og sár. Þetta getur eyðilagt daginn eða vikuna.

Svona rúllar þetta allt árið. Gamall karl setur fram ósmekklega athugasemd um hárgreiðslu stjórnmalakonu og samfélagið fer á hliðina. Einhver nefnd frá borginni skilar kyngreindri skýrslu og hver miðaldra karlinn á fætur öðrum stífnar upp af bræði. Ungar grænmetisætur ákveða að eyða eftirmiðdegi í að mótmæla við Sláturfélag Suðurlands og kjötæurnar flykkjast að til að mótmæla mótmælendum.

Við gerumst öll sek um að láta smámál fara í taugarnar á okkur. Verða reið, jafnvel hamstola yfir

einhverju sem skiptir okkur sjálf nákvæmlega engu máli. Þegar rykið er sest virðast mörg þessara mála ansi hjákátleg og beinlínis fyndin. Ekki aðeins málin sjálf heldur það moldviðri sem skapadist vegna þeirra. Eftir heilt ár af upphlaupum og tryllingsköstum erum við hvekk og uppstökk í jóla- og áramótaveislunum.

Eigum við ekki að reyna að strengja það áramótaheit að slaka svolítið á á næsta ári? Ekki brjálast í næsta skipti sem Páll Vilhjálmsson eða Hildur Lilliendahl setja fram einhverja staðhæfingu sem samrýmist ekki okkar lífsskoðunum. Hlæja frekar að því eða lesa eitt hvað annað. Kannski endist það áramótaheit ekki lengur en þessi hefðbundnu. ■



„Róleg, ég er búinn að tístá þrisvar um að flugeldar séu slæmir fyrir umhverfið, þannig að ég má þetta!“





# STÓR ÚTSALA REKKJUNNAR ER HAFIN 20-60% AESTLÁTTUR



Útlitsgallaðar, sýningar og skiptidýnur,  
heilsurúm, stakar dýnur, sængur, heilsukoddar,  
lök og höfðagaflar á ótrúlegu verði.

Mikið úrval af stillanlegum rúmum á frábæru verði.



**Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup!**

**rekkjan**  
HEILSURÚM

# Svarthöfði verðlaunar þá s

■ Slagsmál ■ Íbúð ársins ■ Bygging ■ Svikarar ■ Stóllinn Snorri



## Slagur ársins

Fyrir utan veitingastaðinn Benzin á Grensásvegi áttu sér stað slagsmál ársins. Þar tókust á Margrét Friðriksdóttir og Sema Erla Serdar. Margrét hafði farið á Benzin til að spila „pool“, hafði ætlað sér á Ölvær en þar er hún í banni. Úps! Fyrir utan Benzin lenti Margréti og Semu saman. Margrét sakaði Semu um að hreyta í hana fúkyrðum og hún hefði að lokum ýtt Semu frá sér til að komast undan. Margrét hefur áður komið sér í vandræði vegna neyslu og var meðal annars dæmd í fangelsi fyrir að aka undir áhrifum árið 2007. Vinir Semu og hún sjálf sökuðu Margréti um að fara frjállega með staðreyndir. Margrét hefði blótað þeim í sand og ösku og hóttað því að kærasti hennar, sem kynni karate, myndi lúskra á þeim öllum. Margrét hafi svo kýlt Semu Erlu og haldið áfram hrópum og öskrum sem andsetin væri. Sema ákvað að kæra Margréti og Margrét tók einu réttu ákvörðunina, sem var að hætta að drekka eða fá sér aðeins minna af þeim anda sem hún segir fylla líf sitt á hverjum degi.



## Skilnaður ársins

Inga Sæland kemur enn og aftur fyrir í umfjöllun Svarthöfða á árinu. Inga Sæland ákvað að skilja við Karl Gauta Hjaltason og Ólaf Ísleifsson, þingmenn Flokks fólksins, eftir að í ljós kom að þeir voru á fyllerí í vinnutíma á Klaustri bar. Þar drukku þeir ásamt Miðflokknum og töluðu illa um mann og annan. Inga fékk nóg og hætti í sambandinu.



## Auglýsing ársins

Fyrir ári var það Björt Ólafsdóttir sem auglýsti kjól fyrir vinkonu sína á Alþingi. Í þetta sinn ákvað Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra að gera enn betur og auglýsti mjólk í þinghúsinu. Skrifstofustjóri vildi meina að Katrín hefði engar reglur brotið þegar fulltrúar MS afhentu henni nýjar mjólkurfurnur. Það er alveg rétt. Katrín brýtur aldrei neinar reglur og svikur engan og hefur aldrei gert. Eins og allir íslenskir pólitískusar stendur hún við loforð sín og sannfæringu. Henni myndi til dæmis aldrei láta sér detta í hug að fara í eina sæng með Sjálfstæðisflokknum og fara síðan kannski að mæla með veltollum!



## Grenj/Ari ársins

Inga Sæland grét sig ekki bara inn á þing, hún grét líka nokkrum sinnum á árinu, bæði í skrifðu máli og svo í pontu á Alþingi. Ari Ólafsson Eurovision-fari sá að þetta virkaði og grét nokkrum sinnum meðan á keppni stóð og náðist vart viðtali við þennan unga, efnilega og tilfinningaríka mann án þess að tár væri á hvarmi. Sjálfur sagði Ari: „Svo var ég líka búinn að gráta svo mikið að ég gat ekki grátið lengur og fór eiginlega í trans.“ Notendur Twitter fóru einnig í trans og uppfundu Ara „grenjARI“ og líktu við Ingu Sæland. Svarthöfði tekur auðvitað upp hanskan fyrir Ara, það er nauðsynlegt fyrir unga karlmenn að geta grátið og tjáð tilfinningar sínar. Inga og Ari hafa líka kennt okkur, að viljir þú sigra þá er bara að gráta og gera það nægilega oft þangað til að hinir fullorðnu þagga niður í þér með því að rétta þér dótið sem þig langaði svo í.



## Bísllys ársins

Sunna Elvira komst í fréttirnar þegar greint var frá að hún hefði fallið á milli hæða á heimili hennar á Spáni. Sunna hefur borið sig vel og er alltaf jákvæð og býr nú á Íslandi. Fyrrverandi eiginmaður hennar, Sigurður Kristinsson, var handtekinn fyrir að smygla eiturlyfjum í skákvörum sem sendar voru til Íslands. Sunna Elvira hefur ítrekað sagt að Sigurður Kristinsson hafi ekki átt neinn þátt í slysinu örlagara-rika um kvöldið á heimili hennar. Það má vel vera rétt, enda var skráð á spítalanum að Sunna Elvira hefði slasast eftir bísllys og það er auðvitað ótrúleg tilviljun að bílaleigubíllinn sem Sunna og Sigurður voru með á leigu hafi aldrei fundist.



## Svikarar ársins

Vinstri græn, eins þau leggja sig, eru svikarar ársins. Það er ekkert að marka það sem þau segja og flokkurinn mun þurrkast næstum út í næstu kosningum. Flokknum er meðal annars stýrt af hægri manni, Steingrími Jod sem býr í 400 fermetra einbýlishúsi með fataherbergi og arinstofu. Þau munu ýta öllu í framkvæmd sem þau áður börðust gegn. Trúir þú ekki Svarthöfða? Hvað er búið að vera nýjast í fréttum? Vegtollar? Hvað með þá? Þeir verða samþykktir. Af hverjum? Ríkisstjórninni.

## Stóllinn Snorri

Hljóð ársins á stóllinn Snorri sem er á Klaustri bar. Hann er líklega í horninu á þeim fræga stað en enginn veit þó nákvæmlega hvar Snorri er nákvæmlega er staðsettur. Fólk hefur haft á orði að þegar stóllinn Snorri sé dreginn eftir gólfinu heyrst skerandi selahljóð, sem sumir vilja meina að líkist einnig hjóli sem bremsað er fyrir utan glugga. En ef verulega illa liggur á honum, þá á stóllinn Snorri til að uppfefna fólk og tekur þá alla minnihlutahópa fyrir.

## Flugferð ársins

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flaug til Svíþjóðar í apríl til að vera leiðtoga-



fund Norðurlandanna og hitta forsætisráðherra Indlands. Það sem Katrín vissi líklega ekki, var að um borð í vélinni var Sindri Þór Stefánsson sem hafði um nóttina strokið úr fangelsinu að Sogni með því að klifra út um glugga á einni byggingu fangelsisins. Sindri var í gæsluvarðhaldi grunaður um innbrot í gagnaver og þjófnaði á Bitcoin-gröfu-tölvum. Flótti Sindra vakti heimsathygli og hann átti ófáa stuðningsmenn hér á landi sem vildu að hann myndi aldrei finnast. Þeim varð ekki að ósk sinni og var Sindri handtekinn fimm dögum síðar í Amsterdam. En kannski var Sindri einmitt handtekinn vegna þess að hann ákvað að birta mynd af sér í borginni og birta hana á Instagram. Mjög gáfulegt þegar þú ert á flótta enda varð hann afar hissa þegar hann var handsamaður klukkutíma síðar. Hann bíður nú dóms.

## Dagur ársins

Dagur ársins 2018 er Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Hann náði að halda sér við völd í Reykjavík með því að fá Viðreisn til liðs við sig. Síðan fór hann í frí. Þegar hann kom úr frí komst hann að því að bragginn sem hann var að byggja fyrir HR kostaði af mikild. Þá ákvað hann að þá væri rétti tíminn til að fara í veikindaleyfi. Það er ekki nóg pláss á síðum DV til að rifja upp allt sem gekk á hjá Degi á árinu.



# sem stóðu sig best á árinu



## Bygging ársins

Bygging ársins er án efa bragginn í Nauthólsvík. Það var ekkert til sparað við þá framkvæmd. Voru einnig vinargreiðar og lögbrot góður grunnur að byggingu braggans. Bragginn hefur sýnt okkur hversu mikil spilling getur verið á einum stað. Það sem hann hefur einnig sýnt okkur er að það var augljóslega engum að kenna að hundruð milljóna fóru í vaskinn á kostnað skattborgara. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, segir að við eigum að læra af þessum mistökum. Mælir Svarthöfði með því að næsta kennslustund borgarstjóra í klúðri 101 verði aðeins ódýrari fyrir skattborgara landsins.



## Óvinir ársins

Þeir Björn Leví Gunnarsson og Brynjar Níelsson minna meira á Tomma og Jenna en háttvirta þingmenn. Birni Leví, líkt og músin Jenni, hefur rækilega tekist að espa upp Sjálfstæðismenn með tali um spillingu og aksturskostnað. Brynjar, líkt og kötturinn Tommi, eltir málfutning Björns Levis á röndum og segir honum til syndanna, kallar hann teknókrata og niðurstening sem vanvirði Alþingi með skóleysi sínu.

## Íbúð ársins

Í Maríubaugi í Grafarholti er að finna íbúð ársins en um er að ræða 148 fermetra öryrkjaíbúð sem Inga Sæland, sem er lögblind og fyrirverandi X-Factor stjarna, en starfar í dag sem formaður Flokks fólksins, býr í ásamt Óla Má Guðmundssyni. Inga greiddi aðeins 110 þúsund í leigu á mánuði á sama tíma og mikil bið er eftir íbúðum fyrir öryrkja. Var hún þar með tæpar tvær milljónir í laun. Eitthvað hækkaði leiga eftir fréttafutning DV sem hefur þó ekki fengið að sjá hinn nýja samning. Í nóvember keypti Inga sér einbýlishús sem hún notar þegar hún þarf hvíld frá Maríubaugi enda kallar hún einbýlishúsið sumarhús. Og í Maríubaugi heldur Inga svo nokkra hunda þvert á allar reglur og enginn segir neitt.



## Femínistar ársins

Það eru tveir menn sem hafa gert mikið í því að gefa femínisma þyr undir báða vængi. Það eru Harmageddonbræðurinn Frosti Logason og Máni Pétursson. Þeir hafa barist ótulllega fyrir því að vekja athygli á framtakinu #Karlmennskan og baráttu Hildar Lillendahl Viggósdóttur fyrir heimi án feðraveldis og í hvert sinn sem þeir tala vex femínistum ásmegin. Svarthöfði telur því að Frosti og Máni séu helstu karlfemínistar landsins.



## Fyllerí ársins

Það er ekkert fyllerí í Íslandssöggunni jafn frægt og umtalað og fylleríð sem fjórir þingmenn Miðflokksins og tveir þingmenn Flokks fólksins fóru á þriðjudagskvöldið 20. nóvember. Þetta var hópur sem hittist víst reglulega og ætlaði bara aðeins að sumbla á meðan þingið var að tala um eitthvað leiðinlegt. Algjörlega öllum að óvörum byrjaði allt í einu að heyrast tal um tíkur, kunktur, apa og sendiherrastöður. Þessu náði Soros á upptöku og lak í fjölmíðla.



## Herramaður ársins

Það gerist varla herramannslega en þegar Sigmundur Davíð hringdi í Freyju Haraldsdóttur og útskýrði hvernig hún hefði misskilið uppnefnið „Freyja Eyja“ sem var endurtekið margoft á fylleríinu fræga á Klaustri bar eða þá að hjólreiðamaður eða stóll hefði verið að gera grín að henni. Freyja tók herramannslega afsökunarbeiðni Sigmundar ekki gilda þar sem hann, sem ófatlaður herramaður, hefði verið að útskýra fyrir henni hvað væru fötlunarfóðomar og hvað ekki.



## Kosningaloforð ársins

Það var nóg af kosningaloforðum í sveitarstjórnarkosningunum síðasta vor, enda allt of mikið af flokkum í framboði að mati Svarthöfða. Var það minnst Karlalista ofaukið. Loforð ársins var klárlega hraðamyndavélarloforð Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Borgarinnar okkar. Hún lofaði kjósendum að ef hún yrði kosin til valda þá yrði sett hraðamyndavél í Álmgærði. Það mun vera gatan við hliðina á heimili Sveinbjargar Birnu.



## Flótti ársins

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, á flótta ársins. Eftir að DV birtir fréttir af því að Þórir Stephensen, fyrirverandi dómkirkjuprestur, hefði viðurkennt fyrir henni að hafa kynferðislega misnotað barn birtu allir helstu miðlar fréttir um málið. Fjölmiðlamenn vildu hins vegar heyra í Agnesi en biskup lagði á flótta og neitaði viðtölum. Á flótta sínum gerði hún það góðverk að banna Þóri að starfa fyrir kirkjuna. Búist er við að Agnes komi aftur í leitirnar þegar hún ávarpar þegna landsins um áramót.



## Gróður ársins

Stráin fyrir utan braggann í Nauthólsvík eru án efa svalasti gróður sem hefur sést á Íslandi. Þau eru ekki bara löng og mjó, heldur gefa þau alveg einstakan strandblæ. Stráin eru höfundarréttarvarin og flutt inn frá Danmörku, alls kostaði það 1,4 milljónir að fá þau á staðinn. Því eru þau miklu svalari en þetta auma melgresi sem vex úti um allt.

# SKILTAGERÐ

**Ljósakassar  
Ljósaskilti  
3D stafir**

**Hönnun  
Ráðgjöf  
Uppsetning**

Sundaborg 3  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is

# GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT  
GANGI  
SMURT**



**KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!**

# STA Í 20 ÁR



**kemi**

Tunguhálsi 10 • [www.kemi.is](http://www.kemi.is)

# Orka Náttúrunnar, Orri Páll og stolin kynlífsdúkka



**Agnes Sigurðardóttir**, biskup Íslands, bað séra Þóri Stephensen að koma ekki aftur fram fyrir kirkjunnar hönd. Varð hann við þeirri beiðni. DV hafði áður greint frá því að séra Þórir hefði játað kynferðisbrot gegn barni fyrir þolanda og biskupi sjálfum.



DV kannaði vændismarkaðinn í miðbæ Reykjavíkur. Blaðamenn fylgdust með húsum þar sem vitað var að vændiskonur hefðu aðsetur, leiguíbúðum og gistiheimilum. Þangað komu meðal annars íslenskir fjölskyldumenn til að kaupa þjónustu.



**Sólveig Austfjörð Bragadóttir** steig fram í einlægu viðtali í DV og opnaði sig um morðið á syni sínum. Sonur hennar, Hartmann Hermannsson, var aðeins sjö ára þegar eldri drengur hrinti honum í Glerá á Akureyri árið 1990. Sólveig kenndi gerandanum Ara ekki um heldur kerfinu sem brást.



**Ásgerður Jóna Flosadóttir**, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands, bauð konu 200 þúsund krónur til að losna undan pínlegum réttarhöldum. Hafði Ásgerður nafngreint konuna í útvarpsviðtali sem olli konunni kvíða. Konan hafði áður lýst yfir vonbrigðum með mataraðstoð Fjölskylduhjálparinnar fyrir jól.



**Einar Bárðarson** steig fram og greindi frá kynferðislegri áreitni á ónefndum vinnustað. Síðar kom í ljós að vinnustaðurinn var Orka Náttúrunnar og að eiginkonu Einars, Áslaugu Thelmu Einarsdóttur, hafði verið sagt upp. Varð málíð mjög umtalað næstu vikur og mánuði. Síðar kom í ljós að Áslaugu hafði verið sagt upp á faglegum forsendum.



Lögreglan rannsakaði mál þar sem erlendir svikahrappar hótuðu einhverfum pilti ofbeldi ef hann greiddi ekki 150 þúsund krónur. Var hann narraður til að hafa milligöngu um sölu smáhunds en eyddi peningunum sjálfur. Hundurinn sem um ræddi var ekki raunverulegur. Svikahrapparnir létu hins vegar kné fylgja kvíði og réðust á móður drengsins.



Tvær ungar stúlkur keyrðu í gegnum hurð kynlífshjálpartækjabúðarinnar Adam & Eva og stálu úr búðinni. Þær fóru hins vegar ekki í búðarkassann heldur tóku kynlífsdúkku sem metin var á 300 þúsund krónur. Billinn og dúkkan fundust samdægurs en þjófarnir voru á bak og burt.



Bandarísk listakona, **Meagan Boyd**, sakaði trommarann **Orra Pál Dýrason** úr Sigur Rós um að hafa brotið kynferðislega á henni árið 2013. Átti hið meinta brot sér stað á hótellherbergi í Los Angeles þar sem liðsmenn Sigur Rósar voru við upptökur. Orri neitaði ásökunum en hætti engu að síður í Sigur Rós.



## Collagen Beauty formula

### Minni hrukkur og frísklegri húð

Inniheldur 500 mg af kollageni ásamt náttúrulegri bætiefnablöndu sem styður við kollagenframleiðslu húðarinnar.

Regluleg inntaka getur hægt á öldrunareinkennum og dregið úr líkum á að finar línur og hrukkur fari að myndast of snemma.



3 mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI  
 HÁTALARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR  
 DVD SPILARAR SJÓNVÖRÐ MYNDAVÉLAR  
 BÍLHÁTALARAR HEYRNARTÓL  
 HLJÓMBORÐ  
 REIKNIVÉLAR

# ÚTSALA

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

**ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR**

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR  
 HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL  
 HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR  
 KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR  
 VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN  
 RYKSUGUR



**LOKAÐ Í DAG VEGNA  
 VÖRUTALNINGAR.  
 RISAÚTSALAN HEFST Á  
 MORGUN 29. DESEMBER.**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 13-17

**TAKMARKAÐ MAGN**  
 Fyrstur kemur – fyrstur fær!

 **Heimilistæki**  
 www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT

 LG
  CASIO
  Lenco
  NAD
  KENWOOD
  PHILIPS
  Panasonic
  DENON
  BEKO
  scn domestic
  wilfa  
 Melissa
  Friete
  elna
  VESTFRÖST
  iRobot
  MEDISANA
  Whirlpool
  DeLonghi
  DAEWOO
  OBH NORDICA

# Dýr strá, Björn Bragi og hasar í Sjómannafélaginu



Reynir Bergmann Reynisson, einn af þekktustu snöppurum landsins, lýsti baráttu sinni við eitulyfjafíkn í einlægum viðtali við DV. Fyrir tuttugu árum prófaði hann kókaín í fyrsta skipti og þá breyttist líf hans til hins verra. Reynir ræddi þessa baráttu og sagði fíkniefnaheiminn svartari en fólk gæti ímyndað sér.



Meira en tuttugu konur sökuðu Jóhannes Tryggva Sveinbjörnsson meðhöndlara um kynferðisbrot. Leitudu þær til lögmans til að sjá um málið fyrir sig en áður hafði Jóhannes verið kærður til lögreglu af minnst þremur konum. Jóhannes, sem meðhöndlar margar stjórnur, hafnaði ásökuninum.



Katrín Ingibjörg Kristófersdóttir steig fram í DV og sagði frá nauðgun samstarfsmanns og brottrekstri í kjölfar hennar. Katrín starfaði hjá Fjárslu ríkisins og í fyrstu virtist sem yfirmenn hennar hafi ætlað að sýna henni skilning. En þegar hún var að reyna að vinna úr áfallinu sneru þeir við henni bakinu.



Heiðveig María Einarsdóttir bauð sig fram til forystu í Sjómannafélagi Íslands. Framboðinu var hins vegar hafnað á grundvelli þess að hún hefði ekki verið í félaginu undanfarnir þrjú ár. Áhöld voru uppi um hvort sú lagabreyting ætti sér stöð enda var hún ekki auglýst fyrir en Heiðveig boðaði framboð sitt. Í lok mánaðarins var Heiðveigu vikið úr stéttarfélagi sínu sem hefur ekki gerst í marga áratugi.



DV greindi frá að Kristinn Sigurjónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, hefði látið óviðeigandi ummæli um konur falla á Facebook-síðu. Sagði hann að konur reyndu að troða sér þar sem karlmenn vinna og eyðileggja þá vinnustaði. Kristni var skömmu síðar vikið frá störfum og í kjölfarið hóf hann málaferli gegn skólanum fyrir ólögmeata uppsögn.



Bruggamálið rúllaði áfram. DV greindi frá því að Reykjavíkurborg hefði greitt 757 þúsund krónur fyrir strá sem plantað var við braggann. Þetta voru höfundarréttarvarin strá sem keypt voru frá Danmörku. Einnig kom fram að tegundin yxi nú þegar á Íslandi og væri ágeng og óæskileg planta.

## ALLAR VETRARVÖRURNAR KOMNAR Í HÚS

VIÐ HJÁ ÍSLENSKU ÖLPUNUM ÓSKUM YKKUR FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

**ALPARNIR**

Faxafen 12 • Sími 534 2727 • alparnir.is



DV greindi frá að Íslendingar ættu kvenkyns klámstjörnu, Tinna Gunnarsdóttur. Hún starfar í Bretlandi og gengur undir nafninu Tindra Frost. Tinna er framarlega í sínu fagi og hefur unnið til verðlauna.



Skemmtikrafturinn og uppstandarinn Björn Bragi Arnarsson var gripinn við að þukla á stúlku undir lögaldri á veitingastað á Akureyri. Stúlkan tók atvikið upp á myndband og komst það í dreifingu á netinu. Í kjölfarið baðst Björn Bragi afsökunar og sagði af sér sem kynnir spurningakeppninnar Gettu betur á RÚV.





# Gleðilegt nýtt ár!

VÉLANAUST  
ehf

  
Vörumerking

 B. Markan ehf.  
Pípulagnir  
Allt til pípulagna • Löggitur pípulagningamistari  
660 6690 bmarkan.is

 dk  
hugbúnaður

**Fagverk**  
verktakar

LITLA *kilasalan*

 LOTA

 ÍÞRÓTTABANDALAG  
REYKJAVÍKUR

# Klausturfólk



Lík **Kristins Rúnarssonar** og **Þorsteins Guðjónssonar**, sem fórust á fjallinu Pumo Ri í Nepal árið 1988, fundust. DV rifjaði upp málið í vor og komst þá að því að þeir höfðu líklega komist fyrstir allra upp þessa hlið fjallsins.



Nóróveirusýking kom upp hjá gestum á Skelfiskmarkaðnum í Reykjavík. Alls voru þetta þrettán manns af átján sem höfðu borðað ostrur. Heilbrigðiseftirlitið tók staðinn út og talið var að hráefnið sjálft væri ástæðan.



DV greindi frá því að **Inga Sæland**, formaður Flokks fólksins, hafi keypt einbýlishús en leigi áfram íbúð hjá Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins. Þeir sem vilja fá leigða íbúð hjá Brynju mega ekki eiga fasteign við umsókn. Inga sagði að húsið, sem er á Ólafsfirði, sé vísir að einhverju sem gæti talist sumarhús. DV greindi einnig frá því að Inga héldi hunda í íbúð Brynju þrátt fyrir bann.



Tveir Íslendingar, **Brynjar Smári Guðmundsson** og **Helgi Heiðar Steinarsson**, voru handteknir á flugvelli í Melbourne í Ástralíu með sjö kíló af kókaíni. Markaðsvirði fíkniefnanna var talið vera um 220 milljónir króna. Brynjar Smári er geysivinsæl stjarna á Instagram með um 17 þúsund fylgjendur.



Íslensk fjölskylda lenti í óskemmtilegri uppákomu í bílferð í Los Angeles-borg. Ókunnur maður miðaði á þau skammbyssu í nokkrar mínútur. **Hrafnhildur P. Þorsteinsdóttir**, móðirin í fjölskyldunni, tjáði DV að þau hefðu grátið og óskrað af hræðslu.

Nýtt öflugt  
**bókhaldskerfi** í skýinu  
frá mannum sem færði  
okkur Dynamics Ax

Prófaðu  
frítt í  
30 daga

Erik Damgaard  
Stofnandi Uniconta

Lagast að þínum þörfum

 UNICONTA  
www.uniconta.is



Huldumanneskja, sem síðar reyndist vera **Bárta Halldórsdóttir**, hljóðritaði sex þingmenn Miðflokksins og Flokks fólksins að sumblí á Klaustri bar. Í upptökunum sem birtar voru yfir nokkurra daga skeið mátti heyrja **Sigmund Davíð Gunnlaugsson**, **Gunnar Braga Sveinsson** og fleiri tala á ósmekklegum nótum um nafngreindar konur og fólk úr minnihlutahópum. Einnig mátti heyrja Gunnar Braga lýsa hvernig hann skipaði í sendiherrastöður gegn því að fá stöðu í framtíðinni.



Tryggvi Ingólfsson, sem lamaður er fyrir neðan háls, fékk ekki að snúa aftur á dvalarheimilið í heimabyggð sinni Hvolsvelli. Tryggvi fór í aðgerð á Landspítalanum og hefur þurft að dúsa þar síðan, langt frá eiginkonu sinni. Kostnaðurinn sem fellur á ríkið er um 350 þúsund krónur á dag.

“Fyndnasta sýningin á höfuðborgarsvæðinu”

SH Morgunblaðið



# Fyrsta Skiptið

“Áhorfendur emjuðu af hlátri”

*Op Fjarðarpósturinn*

“Get ekki nóg samlega mælt með þessari frábæru sýningu”

*Felix Bergsson þáttastjórnandi*

## Næstu sýningar

Fimmtudagur 17. janúar	kl 20.00 örfáir miðar
Föstudagur 18. janúar	kl 20.00 örfáir miðar
Fimmtudagur 24. janúar	kl 20.00
Föstudagur 25. janúar	kl 20.00
Fimmtudagur 31. janúar	kl 20.00

**gaflara**  
LEIKHÚSIÐ

**tix** IS

# Klaustursmál, kratar í klípu og köld drottning




Tveir þingmenn Flokks fólksins, Ólafur Ísleifsson og Karl Gauti Hjaltason, voru reknir úr flokknum. Ólafur og Karl sátu á Klaustri og tóku þátt í umtali um Ingu Sæland, formann flokksins, og nutu ekki trausts eftir það. Ákváðu þeir eftir þetta að sitja áfram á þingi sem óháðir þingmenn.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra steig fram í viðtali í Kastljósi og lýsti upplifun sinni á Klaustursmálinu. Fjöl mörg ummæli þriggja Miðflokksmanna beindust að henni með mjög klúrum hætti. Lilja lýsti sínum fyrri félögum sem ofbeldismönnum sem mættu ekki hafa dagskrárvald yfir umræðunni. Hreyfði viðtalið við mjög mörgum.



Margrét Þórhildur Danadrottning kom til Íslands til að vera viðstödd fullveldishátíðina. Bar það helst á góma að öldruð drottningin hafi verið látin dýsa úti í miklum kulda og roki á meðan löng athöfn fór fram. Urðu margir Danir móðgðir vegna meðferðar á hennar hátígn.



Bára Halldórsdóttir steig fram sem uppljóstrarinn á Klaustri. Bára er samkynhneigð kona með fötlun og blöskraði það tal sem hún heyrði hjá þingmönnum. Eftir að Bára steig fram stefndu fjórir þingmenn Miðflokksins henni fyrir dóm. Héldu þeir fram að Bára hefði haft vitorðsmenn við að hljóðrita samtalið.



Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, var settur í tveggja mánaða straff af flokk sínum. Bára Huld Beck, blaðamaður Kjarnans, tilkynnti kynferðislega áreitni af hans hálfu til flokksins og var það tekið fyrir hjá siðanefnd.



## BÍLASALA REYKJAVÍKUR



LAND ROVER DISCOVERY SPORT HSE LUXURY DYNAMIC BLACK PACK Árgerð 2018, ekinn 7 þ.KM, dísel, BÍLL MEÐ ÖLLU! sjálfskiptur 9 gírar. Verð 7.690.000. Rnr.436035.



HYUNDAI IX35. Árgerð 2014, ekinn 129 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.190.000. Rnr.435948.



SKODA OCTAVIA G-TEC BENSIN/METAN Árgerð 2016, ekinn 36 þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.436087.

SÍMI: 587 8888 / BÍLDHÖFÐI 10 / WWW.BR.IS



Upplýst var að siðanefnd Samfylkingarinnar hefði verið stofnuð vegna mála sem upp komu tengd þingmanninum Helga Hjörvari sem sat árin 2003 til 2016. Var hann sakaður um alvarlega kynferðislega áreitni af nokkrum konum.



Mikil reiði braust út vegna meðferðar ungs manns, Jóhanns Þórs Arnarssonar, á kattarhæi. Félagi hans hafði keyrt á köttinn fyrir slysi og tekið upp óviðeigandi myndskaið af leik með hræið. Athæfið varðaði ekki við lög en þeir sem komu við sögu fengu að kenna á reiði netverja og fengu margar hótanir.



VÍÐ KYNNUM NÝTT DÖMU ÚR  
101 ART DECO



*JS Watch co.*  
REYKJAVIK  
[www.jswatch.com](http://www.jswatch.com)

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100



# Völvuspá 2019

Blaðamaður DV er mættur stundvíslega fyrir utan hús í útjaðri borgarinnar og hringir dyrabjöllunni. Til dyra kemur hlýleg og brosandí eldri kona. Loksins var komið andlit við röddina sem hann hafði rætt við í gegnum síma í nokkur skipti. Eftir nokkra umhugsun hafði þessi geðuga kona samþykkt að spá fyrir um hin ýmsu mál sem brenna á þjóðinni á næsta ári. Ákveðið var að leita á nýjar slóðir að þessu sinni og það var hægara sagt en gert að finna heppilegan spámiðil. Sú er tók að sér verkefni að lokum hefur aldrei auglýst þjónustu sína en orðspor hennar hefur borist víða á undanförunum árum. Í síðasta samtali fyrir fund okkar kvaðst hún vera stressuð vegna verkefnisins. „Þetta reynir verulega á. Ég læt í raun hugann líða og byggji spárnar mínar á þeim tilfinningum sem koma upp þegar ég hugsa um tiltekinn einstakling eða málefni. Þessi skilaboð koma að handan, ég hef verið næm frá því að ég var barn. Ég treysti líka mikið á drauma. Síðan ég ákvað að verða við þessari beiðni þá hef ég haft ægilegar draumfarir. Svo er það ákveðin list að reyna að túlka draumana rétt. Stundum verður merking þeirra ekki ljós fyrir en löngu síðar,“ segir völvun. Við setjumst niður í hlýlegu eldhúsinu og völvun býður blaðamanni upp á rótsterkt kaffi. Hún dregur upp blað með ýmsum punktum sem hún hefur samvisskusamlega skrifað niður. Skyndilega breytist viðmót hennar og hún byrjar að þylja upp óorðna atburði. Blaðamaður þrífur sig sálan yfir upptökuforritinu á símanum. Annars ætti hann fullt í fangi með að fylgja völvunni eftir.

Við setjumst niður í hlýlegu eldhúsinu og völvun býður blaðamanni upp á rótsterkt kaffi. Hún dregur upp blað með ýmsum punktum sem hún hefur samvisskusamlega skrifað niður. Skyndilega breytist viðmót hennar og hún byrjar að þylja upp óorðna atburði. Blaðamaður þrífur sig sálan yfir upptökuforritinu á símanum. Annars ætti hann fullt í fangi með að fylgja völvunni eftir.

## Ríkisstjórnarsamstarfið nötrar

Það þarf kannski ekki að koma mikið á óvart að völvun skynjar að það muni hrikta í ríkisstjórnarsamstarfi Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á næsta ári. Hún segir að það geti vel farið svo að það slitni upp úr ríkisstjórnarsamstarfinu á næsta ári. „Mig dreymdi leiðtogana þrjá hvern á sínum staðnum og gríðarstóran vegg milli þeirra. Þau freistuðu þess ekki að klífa þann múr. Það kann að þýða gríðarlegt ósætti eða jafnvel stjórnarslit á síðari hluta næsta árs. Ég skynja það sterkt að Vinstri græn munu stökkva á slíkt tækifæri,“ segir völvun. Að hennar sögn hafi Vinstri græn þurft að gera mikið af óþægilegum málamyndunum og grasrót þeirra væri farin að ókyrrast verulega. Yfirstjórn flokksins veit að flokkurinn mun bíða afhroð í næstu kosningum ef fram heldur

sem horfir. Það mun ýta enn frekar undir óánægjuna með ríkisstjórnarsamstarfið. Stjórnvöld munu beita sér grimmt í kjarasamningabaráttunni og almannarómur verður sá að þau dragi taum atvinnurekenda. Stuðningsmenn íhaldsins og Framsóknarmanna munu mala af ánægju á meðan kjósendur Vinstri grænna munu hvæsa. Hún sér fyrir sér gríðarleg innbyrðis átök í flokknum og álagið á **Katrínu Jakobsdóttur** forsætisráðherra verður afar mikið.

## Hefur áhyggjur af Katrínu

Völván segir að framundan sé erfitt ár hjá Katrínu. Fyrir utan að sinna þeim fjölmörgu, víðamiklu verkefnum sem forsætisráðuneytið krefst þá þarf hún að slökkva elda í gríð og erg innan Vinstri grænna, enda er hluti grasrótarinnar afar ósáttur við stjórnarsamstarfið. Þá verður hún fyrir óvægri gagnrýni á samfélagsmiðlum og þrátt fyrir þykkann skráp þá nær slíkt að lokum í gegn. „Ég hef áhyggjur af Katrínu og held að hún verði að hugsa meira um sjálfa sig og það sem skiptir máli. Ég sé hrikta í stoðum einkalífs hennar en allt ætti að fara vel ef tekist er strax á við vanda málið,“ segir völván.



Egilsdóttir. Það er þó algjört ofmat enda eru flestir sam-mála um að Þór-unn sé illgresi í grænum garði Framsóknar-flokksins,“ segir völván án þessa að blikna.

## Framtíð Framsóknarflokksins

Þá munu verða umskipti innan Framsóknarflokksins. Það hefur öllum verið ljóst að **Lilja Alfreðsdóttir** er framtíð flokksins og hún mun taka við sem formaður á næsta ári. Að sögn völvunnar fer **Sigurður Ingi Jóhannsson** þó ekki frá glaður í bragði. „Hann kann því vel að vera í forystunni, þó að sú forysta hafi komið óvænt upp í hendurnar á honum. Þetta er traustur og góður maður, en ekki einhver sem sópar að sér atkvæðum. Það getur hins vegar Lilja gert og að lokum ákveður Sigurður Ingi að hlusta hinar háværu raddir innan flokksins og stíga til hliðar úr formannssætinu. Hann er þó hvergi nærri hættur í pólitík,“ segir völván. Hún slær þó einn varnagla. „Ég skynja einhverjar tengingar Lilju við Seðlabanka Íslands. Það var nokkuð skýrt í draumum mínum. Lilja starfaði þar á árum áður og þekkir þar hvern krók og kima. Það gæti því vel verið að innra með henni bærast áhugi á stóli seðlabankastjóra.“ Hún segir að þótt allt virðist með kyrrum kjörum innan þingflokks Framsóknarflokksins þá kraumi óánægja þar eins og annars staðar. „Það eru nokkrir þingmenn sem telja að þeir eigi að hljóta stærri vegsemdir, til dæmis Þórunn



## Hneyksli varðandi viðskipti Engeyinga

Það er kátt innan Sjálfstæðisflokksins enda gengur Sjálfstæðismönnum allt í haginn þessa dagana. Völván segir að leiðtogar Sjálfstæðisflokksins þurfi nánast að klípa sig daglega til þess að vera fullvissir um að stjórnarsamstarfið sé ekki einhvers konar draumur. Allt gengur flokknum í hag, helstu mál fljúga í gegn og samstarfsflokkarnir eru undanlátssamir. Þá hafa hin ýmsu hneykslismál haldið kastljósinu frá helstu forystumönnum flokksins. Það á þó eftir að breytast. „Hingað til hefur ekkert bitið á **Bjarna Benediktsson**. En um mitt næsta ár mun koma upp hneykslismál sem tengist afskiptum Bjarna að viðskiptum fjölskyldumeðlima. Þetta mál mun reynast Bjarna afar erfitt. Ég sé að um hann leika vindar elds og íss. Skyndilega er hann einn,“ segir völván.



## Ágúst Ólafur bíður færís

Völván segist skynja að stemmingin innan Samfylkingarinnar, að minnsta kosti í



þingflokknum, sé góð en þó eru blikur á lofti. Leiðtogar flokksins liggja undir feldi um hvernig eigi að tækla mál **Ágúst Ólafs Ágústssonar**. „Ágúst Ólafur vill taka aftur sæti á þingi eftir hið sjálfskipaða leyfi sitt. Hann mun þó reyna að draga endurkomuna þar til ljóst er hvað verði um Gunnar Braga og Bergþór. Ef þeir segja af sér þá er staða hans mun erfiðari. Ef ekki þá mun það gera Ágústi Ólafi kleift að

snúa aftur en þó eru ekki allir í forystu flokksins sátta-ir við það. Ég skynja að Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, vill að þingmaðurinn segi af sér, hann er góður í að segja það sem almúginn vill heyra,“ segir völván.



## Dagur að kveldi kominn

Hún segir að allt annað andrúmsloft ríki meðal Samfylkingarfólks innan borgarstjórnar. Þar ríkir ótti og tortryggni. „Braggamálið hefur skaðað **Dag B. Eggertsson** verulega. Í draumum mínum sé ég hann helsærðan. Hann vonast eftir því að vera sloppinn en handan við sjóndeildarhringinn brýna óvinirnir vopnin, blóðþyrst stríðsgyðja þar fremst í flokki. Varnirnar í kringum borgarstjóra munu halda enn um sinn en á fyrstu mánuðum hins nýja árs þá munu koma fram nýjar upplýsingar í málinu sem valda usla. Boðberinn verður illvígur minkur. Dagar borgarstjóra eru raun og veru taldir,“ segir völván. Hún segir að nýr leiðtogi muni taka við taumunum í borgarstjórnarflokki Samfylkingarinnar. „Það verður ljóshærð kona en hún staldrar stutt við. Augu hennar eru á landsmálunum,“ segir völván.

## Leyndarhyggja leggst illa í Pírata

Hjá Pírötum logar allt í óreiðu, nú sem endranær. „Það eru mikil átök innan flokksins, á öllum vígstöðvum. Þar er eins og flokksmenn fagni unnum sigrum með því að hella í sig rommi og halda villtar veislur. Síðan sest einhver í vitlaust sæti og þá er kutum



brugðið á loft. Undanfarin ár hefur eins konar leyniklíka verið starfrækt innan flokksins. Uppgjör fór fram undir lok síðasta árs án þess að mikið bæri á en sá ófriður mun halda áfram inn á

nýtt ár. Mestu átökin verða innan borgarstjórnararms flokksins en þar á bæ verða menn ekki á eitt sáttir við starfshætti **Dóru Bjartar Guðjónsdóttur** og hennar fylgismanna. Ósættið mun varða þá leyndarhyggju

sem ríkir varðandi ýmis störf meirihlutans sem Dóra Björt tekur þátt í að viðhalda. Það er þvert gegn vilja flokksmanna og það leiðir af sér áflog,“ segir völván.



## Björn Leví vekur aðdáun

Þá sér völván fyrir sér að árið verði gott fyrir **Björn Leví Gunnarsson**, þingmann Pírata. „Hann mun veita stjórnvöldum gott aðhald og vekja aðdáun fyrir. Þá mun hann vinna sigur í baráttu sinni gegn óhóflegum kostnaðargreiðslum til þingmanna, sérstaklega þegar þeir eru í kosningabaráttu. Björn beið tímabundinn ósigur á árinu sem er að líða en þetta er þrjúskur maður með eindæmum og baráttu hans mun skila árangri. Þá verður hann einnig í fylkingarbrjósti í baráttunni gegn veggjöldum og mun vekja verðskuldaða athygli fyrir,“ segir völván.

## Sigmundur telur sig órétti beittan

Þegar völván segist hugsa til **Sigmunds Davíðs Gunnlaugssonar**, formanns Miðflokksins, þá komi ein tilfinning sterk upp í huga hennar, einmana-leiki. „Sigmundur er reiður yfir Klaustursfárinu og telur sig hafa verið beittan órétti. Þjóðfélags-umræðan hefur engin áhrif á áskoðun hans. Hann hefur aldrei getað hegðað sér í takt við það sem almenningur vill. Sigmundur Davíð er orðinn pólitískt eyland en góðu fréttirnar fyrir hann eru að meirihluti kjósenda Miðflokksins mun gláður búa á þeirri eyðeyju með honum. Hann mun því geta setið óáreittur áfram á þingi en hann er verulega laskaður. Málaferlin gegn Báru Halldórsdóttur munu aðeins auka skaðann, það hefði verið farsælla að reyna að láta málið gleymast.



Ég sleit krossbönd og fór í fimm liðþófaaðgerðir.

Samt hljóp ég hálf t maraþon í sumar verkjalaust.

Jóhann Gunnarsson – sölustjóri hjá Pennanum



**NUTRILENK**





# REYKJAVIK RAINCOATS



**REYKJAVIK RAINCOATS**  
HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN  
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM  
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

**AÐRIR ÚTSÖLUSTADIR**  
EPAL - LAUGAVEGI 70  
EPAL - HARPA  
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ

## Elska að vera þingmenn

**Gunnar Bragi Sveinsson** og **Bergþór Ólason** eru ekki af baki dottnir og munu freista þess að setjast aftur á Alþingi. „Ég finn það sterkt að þeir elska báðir að sitja á þingi, sérstaklega Bergþór sem hefur stefnt að því leynt og ljóst allt sitt líf. Það mun því reynast honum erfitt að segja sig frá þingstörfum. Í febrúar/mars munu þeir snúa aftur og treysta á að þjóðin sé farin að hugsa um annað. Ég sé þó fyrir mikil mótmæli vegna endurkomu þeirra, en þeir munu reyna að standa það af sér,“ segir völván.



## Líðstyrkurinn sem allir sáu fyrir

Miðflokkurinn mun síðan fá líðstyrk næsta haust. Þá munu **Karl Gauti Hjaltason** og **Ólafur Ísleifsson** tilkynna að þeir hafi róð á árabát út í eyðieyju Sigmundar Davíðs, glaðir í bragði. „Það telst þó varla vera spádómur, heldur formsatriði,“ segir völván kímín



## Vigdís versta martröð borgarstjórnar

Þá mun vegur **Vigdísar Hauksdóttur** vaxa á nýju ári. Hún mun vera óþreytandi að djöflast í borgarstjórnarmeirihlutunum og með því vinnur hún sér smátt og smátt inn virðingu pólitískra andstæðinga. „Það er mikil orka og



dugnaður í kringum Vigdís þó að hún sé helst til hvatvís og

átakasinnuð. En hún er akkúrat það sem borgarstjórn þurfti á að halda og hún mun verða óþreytandi í að velta upp hverjum steini til þess

að koma Degi frá völdum. Henni mun takast það að lokum,“ segir völván.

## Fjármál vekja upp spurningar

**Inga Sæland** heldur glöð inn í nýtt ár. Klausturmálið kom á heppilegum tíma fyrir hana. Karl Gauti og Ólafur voru við það að yfirgefa Flokk fólksins en þess í stað gat hún nýtt fárið til þess að sparka þeim kónum á eigin forsendum og skora pólitískt snertimark í leiðinni. „Gleði Ingu verður þó skammvinn. Það mun blossa upp gagnrýni á hana í tengslum við fjármál flokksins sem enginn hefur yfirsýn yfir nema hún. Hún mun verða fyrir mikilli gagnrýni vegna þess að hún neitar að láta prókúru flokksreikninganna af hendi. Hún kann vel að meta hinn nýja

lífsstíl sinn sem fylgir setunni á Alþingi og í lok árs, þegar fylgi Flokks fólksins verður komið í nýjar lægðir, fer hún að örvænta mjög,“ segir völván. Hún segist ekki sjá fyrir sér að Inga verði langlíf í pólitík.

## Vont að skipta engu máli

Völván segir að ládeyða muni einkenna Viðreisn á næsta ári. „Það hefur enginn áhuga á Evrópusambandinu í þessu árferði og flokkurinn á því erfitt með að láta til sín taka. Það versta fyrir stjórnmalaflokk er að skipta engu máli. Úttekt á störfum þingmanna á næsta ári mun verða til þess að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, verður sökuð um að mæta illa og svíkjust þannig um í vinnunni,“ segir völván.



## BÍLASALA REYKJAVÍKUR



LEXUS CT200H. Árgerð 2013, ekinn 73 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.436005.



JAGUAR F-PACE R-SPORT Árgerð 2018, NÝR BÍLL, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 9.390.000. Rnr.435826.



LAND ROVER RANGE ROVER SE DYNAMIC Árgerð:2017, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 girar. Verð 6.900.000. Rnr.435077.

SÍMI: 587 8888 / BÍLDHÖFÐI 10 / WWW.BR.IS



Njóttu þess að hlakka til

vita

Afbragðs þjónusta  
og frábær verð

# Sumarið 2019 með VITA

ALICANTE



## Þín upplifun skiptir okkur máli

Við hjá VITA leggjum okkur fram við að bjóða upp á fjölbreytt úrval með afbragðs þjónustu og tryggum flugkosti á góðu verði.



## Bókaðu þitt uppáhaldssæti

Þú getur valið sæti um borð í vélum Icelandair gegn vægri greiðslu þegar þú ferðast með VITA. Við getum líka boðið þér Saga Class-sæti.



TENERIFE



KANARÍ



KRÍT



TYRKLAND



ALMERÍA

VITA er í eigu Icelandair Group

ICELANDAIR



Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is

## Sundrung innan verkalyðshreyfingarinnar

Völván sér fyrir miklar hamfarir í viðskiptalífínu á næsta ári, sérstaklega varðandi kjaramálin auk þess sem mikill titringur verður á fasteignamarkaði. „Kjaramálin verða mál málanna á næsta ári og ef fólk er orðið þreytt á fréttum af Ragnari Þór Ingólfssyni þá munu þær eflaust tvöfaldast á næsta ári. Annars skynja ég að Ragnar Þór muni lenda í vandræðum á næsta ári. Hann ber sér fast á brjóst og hótar öllu illu. Allur málfutningur hans hefur gert það að verkum að hann mun eiga erfitt með að gera málamiðlanir og það gæti leitt hann út í ógöngur. Sólvæg Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, munu feta veginn með Ragnari af hörku og óbilgírni. Þegar verkföll blasa við þá er ekki víst að sá stuðningur sem þau töldu vísan verði fyrir hendi. Það verður sundrung innan verkalyðshreyfingarinnar,“ segir völván. Hún segir að baráttan muni skaða báða aðila, launafólk og atvinnurekendur, en að endingu muni nást lending sem enginn verður sáttur við.



## Áfangi í afnámi verðtryggingar

Völván segist einnig sjá stór tíðindi varðandi afnám verðtryggingar. „Fjármagnseigendur berjast hatramlega gegn því en að endingu munu launþegar bera sigur úr þýtum. Það verða stór skref stigin í afnámi verðtryggingar á árinu og það verður gæfu-  
spor.“



## Krónan veikist fram að sumri

Völván segir að krónan muni halda áfram að veikjast í byrjun næsta árs og það muni hafa góð áhrif á ferðamannastrauminn. „Útlendingar hafa enn mikinn áhuga á að heimsækja Ísland og munu flykkjast hingað á nýju ári. Almennir eru aðilar í ferðapjónustu að standa sig afar vel en ég skynja að stórt fréttamál muni koma upp varðandi óþrúttna starfshætti hjá stóru bókuarfyrtæki,“ segir völván. Í sumar mun síðan krónan byrja að styrkjast aftur í þann mund sem Íslendingar byrja að ferðast til útlanda í sumarfrí.



og fremst súa að bankinn er mun betur rekinn en hinir bankarnir og nýtur meira trausts. Þó mun ríkið halda eftir 20–30% eignarhlut í bankanum,“ segir völván ákveðin. Þá sér hún fyrir sér ýmiss konar sameiningu hjá fyrirtækjum á fjármálamarkaði. „Þau fyrirtæki sem ætla að vera samkeppnishæf verða að hafa aðhald í rekstri. Menn verða að kaupa freyðivín í stað kampavíns,“ segir völván.

## Lífeyrissjóðir fá leigufélag í fangið

Völván segir að tvö leigufélög muni glíma við mikla erfiðleika á næsta ári, sérstaklega þau stærstu. „Rekstur leigufélaga hefur verið afar þungur og eitthvað mun undan láta á næsta ári. Í sumum tilvikum duga leigugreiðslur ekki fyrir vöxtum og alborgunum. Ég skynja að að minnsta kosti eitt stórt leigufélag verði úrskurd að gjaldþrota á næsta ári. Eignir þess félags munu lenda í höndum kröfuhafa, sem eru að stærstum hluta Íslenskir lífeyrissjóðir. Umræddir lífeyrissjóðir verða því skyndilega orðnir með stærstu leigusölum landsins,“ segir völván og dæsir.

Þá sér hún fyrir sér gjaldþrot verktaka, sérstaklega þeirra sem

hafa veðjað á dýrar íbúðir í miðbæ Reykjavíkur. „Þessar íbúðir eru ekki að seljast á þessu verði og það mun skapa talsverðan usla. Framundan eru mörg stór verkefni, til dæmis Valssvæðið og auk þess rándýrar íbúðir í grennd við Hörpuna. Fjárfestar í þessum verkefnum eru byrjaðir að bryðja kvíðalyfi.“

## Fyrsti bankinn seldur

Þá sér völván, sem greinilega fylgist ágætlega með viðskiptalífínu, fyrir sér að ríkisbanki verði seldur á næsta ári. „Flestir hafa talið að Íslandsbanki yrði fyrsti bankinn sem hyrfi úr ríkiseigu en þegar á reynir verður Landsbankinn seldur fyrstur. Ástæðan er fyrst

## Málaferli gegn GAMMA

Hún segist sjá óvenjulegt mál blossa upp í tengslum við GAMMA á næsta ári. „Ég sé mikla reiði varðandi brotthvarf stofnandans, Gísla Haukssonar. Hann á erfitt með að setta sig við orðinn hlut og á næsta ári munu berast fréttir af málaferlum hans gegn fyrirtæki sínu.“



## Lífrænt rauðrófuduft í hylkjum

Rauðrófur innihalda mikið af næringar- og plöntuefnum, meðal annars járn, A-, B6- og C-vítamín, fólínsýru, magnesíum og kalíum. Að auki innihalda þær góð, flókin kolvetni, trefjar og öflug andoxunarefni.



„Áhrifin fóru ekki á milli mála, um það bil tveimur vikum eftir að ég fór að taka rauðrófuhylkin þá batnaði úthaldið og þrekið á hlaupum og ég fann bara almennt fyrir meiri orku.“

Ingveldur Erlingsdóttir, maraþonhlaupari



LÍFRÆNT  
OFURFÆÐI

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum verslana.

# ALVÖRU ÚTSALA Í MÚRBÚÐINI



## Harðparket, víniparket, viðarparket

Verðdæmi:

8mm Harðparket Smoke Eik. Verð nú **770 kr/m²** **50%** afsáttur  
 12mm Harðparket Eik hvíttuð. Verð nú **1.718 kr/m²** **25%** afsláttur  
 14mm Parket Eik hvíttuð Natural. Verð nú **1.995** **50%** afsláttur

**Allt að 50%  
AFSLÁTTUR**

**20 -40%  
AFSLÁTTUR**

**Flísar  
MIKIÐ ÚRVAL**



Frá kr. **950 pr. m²**

Ceraviva Cementi ljós 60x60 Verð nú **2.392 kr/m²**  
 Prestige hvítar 30x75 Verð nú **2.094 kr/m²**  
 Veggflísar 10x30 Ral 9016 hvít mött Verð nú **1.614 kr/m²**  
 Veggflísar 15x15 dökk grá mött Verð nú **950 kr/m²**

CERAVID



**25%  
AFSLÁTTUR**

3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta. Þýsk gæðavara  
**29.168**  
 Áður kr. 38.890

Skál: „Scandinavia design“

**20%  
AFSLÁTTUR**

Lavor háþrýstidælur 130-180 bör  
 Verð nú frá: **9.992 kr.**

**MIKIÐ ÚRVAL**



BoZZ sturtuklefar og sturtuhorn  
 Mikið úrval. Verð nú frá **27.992 kr.**



**20%  
AFSLÁTTUR**



LuTool gráðukútsög 254mm blað  
**20.168**  
 Áður kr. 26.890

Sög með 305mm blaði **26.918**

**25%  
AFSLÁTTUR**

**20%  
AFSLÁTTUR**

Oulin og Bolego stálvaskar Margar gerðir

Verð frá **3.294**

**30-40%  
AFSLÁTTUR**



Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun  
**2.018**  
 Áður kr. 2.690

**25%  
AFSLÁTTUR**

Álþröppur og stigar fyrir heimilið og fagmenn. Verð nú frá **3.992 kr.**



**20%  
AFSLÁTTUR**

Tower Nano sturtuset  
 Verð nú: **9.592**  
 Áður kr. 11.990



Gua-543-1 vegghengdur vaskur, 1mm stál, einnig fánlegur í borð  
**7.794**  
 Áður kr. 12.990



**40%  
AFSLÁTTUR**

**20%  
AFSLÁTTUR**

Egematur Aria  
**3.996**  
 Verð áður 4.995



**20%  
AFSLÁTTUR**

BOZZ- LH2202 Hitastýrt sturtutæki m. niður- eða uppstútt (rósettur fylgja)  
**7.112**  
 Áður kr. 8.890



Tia Pro Trappa 5 þrep.  
 Verð nú: **15.112**  
 Áður kr. 18.890



**Reykjavík** Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16  
**Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14  
 Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Afslættir gilda til 31/1/2019 aðeins á auglýstar vörur og á meðan birgðir endast.

**MÚRBÚÐIN**  
 Gott verð fyrir alla, alltaf!



## Handboltinn á allra vörum

Að sögn völvunnar sér hún fyrir sér að handbolti muni eiga hug þjóðarinnar allrar í byrjun árs. Íslendingar muni eiga góðu gengi að fagna á heimsmeistararamótinu í handknattleik sem fram fer í Þýskalandi og Danmörku í janúar. „Væntingar þjóðarinnar eru miklar fyrir mótið en liðið á eftir að koma verulega á óvart og fanga hug og hjörta þjóðarinnar. Eins og vanalega verður Guðjón Valur Sigurðsson í fararbroddi, en ungir leikmenn muna slá í gegn. Guðmundur Þ. Guðmundsson verður enn á ný upphald allra Íslendinga,“ segir völvann.

## Erfitt ár hjá karlalandsliðinu

Hún segir að íslenska karlalandsliðið í fótbolta muni eiga í erfiðleikum á árinu. Liðið mun freista þess að komast á Evrópumótið 2020 en riðillinn sem liðið lenti í sé snúinn. Frakkar eru þar langsterkastir en auk Íslands eru í honum Tyrkir, Albanir og Moldóvar. Ljósir punktar munu sjást inni á milli en liðið mun verða í erfiðleikum með að tryggja sér sæti á Evrópumest-

aramótinu 2020. „Frakkar munu valta yfir riðilinn og ég sé fyrir mér neyðarlegt tap gegn þeim. Við munum áfram hafa ágæt tak á Tyrkjum en Albanir munu koma á óvart og reynast okkur skæðir. Það verður mjög tæpt hvort við komumst beint áfram í öðru sæti riðilsins eða þurfum að sætta okkur við þriðja sætið og umspil. En ég sé okkar menn fagna að lokum,“ segir völvann.

## Kvennalandsliðið flýgur inn á EM

Hún sér þó bara gleði framundan hjá íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu. „Liðið lendir í viðráðanlegum riðli í undankeppni EM og mun fara þar á kostum. Þær munu fljúga inn á EM,“ segir völvann.

## Frábært ár framundan hjá Gylfa

Gengi íslensku landsliðsmannanna hjá félagsliðum sínum verður líka brokkgengt. „Árið 2019 verður gott ár hjá Gylfa Sigurðssyni. Hann verður potturinn og pannan í leik

Everton og mun skora talsvert af mörkum og leggja enn fleiri upp. Þá sé ég að eitt marka hans á eftir að vekja gríðarlega athygli á árinu. Mögulega eitt af mörkum ársins,“ segir völvann. Hún bætir við að hún sjái líka fyrir góðar fréttir úr einkalífi Gylfa.

## Jóhann Berg seldur – Aron Einar breytir til

Félagar Gylfa í Englandi verða þó í erfiðleikum. „Aron Einar Gunnarsson og Jóhann Berg Guðmundsson verða í bullandi fallbaráttu með liðum sínum á þessari leiktíð. Að öllum líkindum munu bæði liðin falla og í framhaldinu sé ég breytingar hjá landsliðsmönnum. Jóhann Berg mun ganga til liðs við stærra lið í enska boltanum, líklega Leicester eða West Ham. Hann hefur sýnt og sannað að hann á heima á stærsta sviðinu. Skrokurinn hjá Aroni Einari er aðeins farinn að gefa eftir og hann er ekki spennur fyrir öðru tímabili í hinni afar erfiðu Championship-deild. Það er í kortunum að hann skipti yfir í lið í veikari deild og á framandi slóðum. Míg dreymdi draum um að hann ætti erfitt með að troða veskinu í rassvasann þannig að líklega er drjúg launahækkun framundan,“ segir völvann.



## Birkir nærri úrvalsdeildinni

Í staðinn gæti annar landsliðsmaður komist upp í úrvalsdeildina. „Aston Villa mun eiga góðu gengi að fagna í Championship-deildinni og Birkir Bjarnason mun fá veigameira hlutverk undir lokin. Liðið kemst í umspil um sæti í úrvalsdeildina. Ég sé Birki Bjarnason fagna innilega í búningi Villa, liðið kemst því að minnsta kosti í verðmætasta knattspyrnuleik hvers árs. Úrslitaleikinn um sæti í úrvalsdeildinni.“

## Arnór fer til meginlands Evrópu

Stjarna Arnórs Sigurðssonar mun áfram skína skært á árinu og breytingar gætu verið í farvatninu. „Arnór mun stimpla sig inn sem lykilmáður í liðinu og það úti á kanti. Gylfi heldur honum enn um sinn frá sinni eftirlætissstöðu. Þá er hann orðinn lykilmáður hjá CSKA Moskvu og hann mun vekja athygli athygli annarra liða. Hann mun brátt verða seldur frá Moskvu til liðs á meginlandi Evrópu.“


## Kolbeinn losnar – Alfred á faraldsfæti

Völvann segist skynja að það muni rofa til hjá Kolbeini Sigþórsson í byrjun næsta árs. „Þessari martröð hans í Nantes mun senn ljúka. Kolbeinn mun komast í annað lið og mun loksins byrja að spila fótbolta aftur,“ segir völvann. Völvann segist skynja að Alfred Finnogason muni færa sig um set á næsta ári.

## Sara Björk landar stórum titli

Þá sér hún mikla sigra framundan hjá Söru Björk Gunnarsdóttur, landsliðsforliði Íslands. „Sara Björk og félagar hennar eiga eftir að fagna stór-

um titli á næsta tímabili. Þar kemur ekkert annað til greina en meistaradeildin. Íslenska landsliðskonan verður í algjöru lykillutverki sem endranær. Það kæmi mér ekki á óvart ef Sara Björk yrði kosin íþróttamaður ársins fyrir árið 2019 enda mun hún brillera á öllum vígstöðvum,“ segir völvann.



## Þrjú heimsmet – Hægur uppgangur Gunnars

Þá segir hún að íslenskir íþróttamenn muni setja þrjú heimsmet á næsta ári. Eitt þeirra mun Júlíán J.K. Jóhannesson kraftflytingamaður setja. Aðspurð um Gunnar Nelson

segist hún vera tvístígandi. „Það kemur kannski ekki á óvart en ég sé hann alblóðugan fyrir mér í bardaga á næsta ári. Hann mun að öllum líkindum hafa sigur með naumindum. Hann mun þó bara berjast einu sinni á næsta ári og ég skynja reiði í herbúðum hans. Það gengur hægar að að klífa metorðastigann en hann hefði viljað.“



## BÍLASALA REYKJAVÍKUR



LEXUS CT200H. Árgerð 2013, ekinn 73 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.436005.



JAGUAR F-PACE R-SPORT Árgerð 2018, NÝR BÍLL, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 9.390.000. Rnr.435826.




LAND ROVER RANGE ROVER SE DYNAMIC Árgerð:2017, ekinn 19 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 girar. Verð 6.900.000. Rnr.435077.

# FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylytols sem  
aðalsætufrnis í tyggigúmmil

## Angist seðla-bankastjóra ápreifanleg

„Það er mikill órói í kringum Mál. Angist hans er nánast ápreifanleg,“ segir völvun og skírskotar þar til **Más Guðmundssonar** seðlabankastjóra. Öllum er ljóst að Mál hefur átt í vök að verjast undanfarin misseri í kjölfar þess að Hæstiréttur staðfesti dóm úr héraði um að fella niður 15 milljóna króna stjórnvaldssekt á hendur Samherja þann 8. nóvember síðastliðinn. **Þorsteinn Már Baldvínsson**, forstjóri Samherja, hefur farið fram á að Mál verði leystur frá störfum vegna málsins og meira að segja lýst því yfir að hann telji að bankastjórnin eigi að vera dæmdur til fangelsisvistar. Á dögnum fór Þorsteinn Már á fund bankaráðs Seðlabankans og má búast við að greinargerð ráðsins vegna málsins verði birt í byrjun næsta árs.

Völvun spáir því að Mál muni ekki kemma hærurnar þegar greinargerðin kemur upp. „Í draumi sá ég hann fyrir mér standandi ásamt samherjum sínum gegn mun öflugri her. Þegar hermenn

andstæðingsins blésu í herlúðra og ruddust fram þá leit Mál aftur fyrir sig og sá þá að félagar hans höfðu látið sig hverfa og hann stóð einn gegn ofureflinu. Eða nokkurn veginn einn, við hlið hans stóðu tvær konur, önnur ung og ljóshærð en hinn eldri og virtist halda á þykkri bók, gott ef þetta var ekki Grágás. Þeirra virðast



embættismönnum

bíða sömu örlög og Mál,“ segir völvun ánúðarfull. Hún og blaðamaður eru sammála um að draumurinn hljóti að þýða endalok Más hjá Seðlabankanum. Hafa verður í huga að ráðningarsamningur Más rennur út um mitt næsta ár og því er stóra spurningin sú hvort hann fái að klára samninginn. „Hann mun að sjálfsögðu reyna að hanga á embættinu eins og hundur á roði, enda væri annað of mikil niðurlægning. En það mun reyna verulega á og með öllu óvíst að það takist. Hann mun þó ná að forðast fangelsisvist eins og hatursmenn hans þrá,“ segir völvun.



## Ekki öll kurl komin til grafar í Braggamálinu

Braggamálið svokallað beindi kastljósinu að gjörspilltum

## Sala ríkiseigna vekur athygli

Þá segir hún að fleiri dæmi um spillta embættismenn muni koma upp á yfirborðið, sérstaklega tengd sölu ríkiseigna. „Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, hefur verið óþreytandi við að berjast fyrir upplýsingum um hverjir keyptu fullnustueignir Íbúðalánasjóðs á árunum eftir hrún. Þorsteini verður ágengt í þessari baráttu sinni og upplýsingarnar munu vekja verulega athygli,“ segir völvun.



## Hvítbók veldur usla

Þá sér völvun mikla ólgu í kringum útgáfu hvítbókar um heilbrigðismál. „Það verður mikill núningur milli Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra og sjálfstætt starfandi sérfræðilækna. Deilan mun að mestu leyti fara framhá almenningi en mun valda ráðherranum talsverðum vandræðum,“ segir völvun.

## Styttist í nýjan biskup

Mikið hefur gengið á innan íslensku þjóðkirkjunnar undanfarid. Meðlimum fækkar á hverju ári og ýmis hneykslismál hafa komið upp á yfirborðið, til dæmis mál sem varðar séra Þóri Stephensen sem vakti mikla athygli á síðasta ári. Viðbrögð kirkjunnar hafa verið slæg og æðstu leiðtogar hlotið skömm í hattinn fyrir, sérstaklega Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands. „Ég sé áframhaldandi óróa innan þjóðkirkjunnar og sérstaklega í kringum Agnesi. Það er sístækkandi fylkingin innan kirkj-

unnar sem telur að hún sé ekki hæf til að gegna embættinu. Aðallega vegna þess að hún er of hrædd við að taka erfiðar ákvarðanir og takast á við brýn en óþægileg verkefni. Þá hefur hún safnað að sér hirð ráðgjafa sem eru of íhaldssamir að mati margra annarra presta. Það skilur til dæmis enginn hvernig Auður Eir Vilhjálmssdóttir er í áhrifastöðu innan þjóðkirkjunnar. Agnes gæti tórað út árið en það styttist í að nýr biskup verði vígður. Leitinn að arftakanum er þegar hafin,“ segir völvun.

## Meðlimir trúfélags brjóta á réttindum starfsmanna

Þá sér völvun stórt hneykslismál varðandi annað trúfélag. „Það kemur í ljós að valdamiklir einstaklingar innan safnaðarins hafi brotið á réttindum erlends starfsfólks. Svikið það um réttmæt laun og haldið úti eins konar þrælstarfsemi,“ segir völvun.



**Nýtt öflugt bókhaldskerfi í skýinu frá manninum sem færði okkur Dynamics Ax**

Prófaðu frítt í 30 daga

Erik Damgaard  
Stofnandi Uniconta



# Sérblað völvunnar

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



HÚS OG MÁL:

## Gæðaþjónusta í viðhaldi, viðgerðum og frágangi

**H**ús og Mál er alhliða þjónustufyrirtæki við byggingar og viðhald fasteigna. Fyrirtækið sinnir jöfnum höndum húsaviðgerðum, nýbyggingum, gluggaviðgerðum og parketlagningu. Fyrirtækið er í eigu Litháans Darius Kochanas sem flutti hingað til lands árið 2000 með tvær hendur tómar og hóf störf við parketlagningu. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og Darius hefur byggt upp blómlega starfsemi þar sem áhersla er á vandaða og persónulega þjónustu.


„Fagmenn okkar geta endurnýjað húsið, heimilið, skrifstofuna, vinnustaðinn eða sumarþústaðinn og nota við vinnu sína aðeins bestu fánleg efni. Hús og Mál framkvæmir alla byggingarvinnu í samvinnu við reynslumikla iðnaðarmenn. Við sinnum húsaviðgerðum, þakviðgerðum, parketslípun og parketlöggn, gluggaviðgerðum, innréttingum, undirbúningi verkefna, málningarvinnu og lyftaraleigu,“ segir Darius.

Hús og Mál leggur mikið upp úr faglegri ráðgjöf og leitast ávallt við að benda viðskiptavinum á bestu lausnirnar, þeim að kostnaðarlausu.

Tíminn líður hratt og áður en við vitum af verður vor í lofti. Þá fara margir að sinna

viðhaldi húseigna sinna. Viðhaldsþjónusta hjá Hús og Mál er í höndum reynslumikilla byggingasérfræðinga. Sérfræðingarnir hjá Hús og Mál hafa gert upp, endurnýjað og málað hinar ýmsu byggingar bæði erlendis og héraðs og má þar nefna kvikmyndahús, háskóla, söfn og kirkjur – fyrir utan fjölbýlishús og einbýlishús.

Hús og Mál sinnir jafnt litlum sem stórum verkefnum. Til að fá nánari upplýsingar eða panta verk skaltu hringja í síma 778-7688. Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðunni [husogmal.is](http://husogmal.is). ■



SENDIBÍLASTÖÐIN EHF. FAGNAR 70 AFMÆLI Á NÆSTA ÁRI:

# „Trúin flytur fjöll en við flytjum allt annað“



**S**endibílastöðin hf. var stofnuð 29. júní árið 1949. Hún var upphaflega staðsett að Ingólfsstræti 11 en flutti svo í Borgartún 21 árið 1956. Í dag er stöðin að Klettagörðum 1 og hefur verið síðan 1999. Sólveig Þóra Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sendibílastöðvarinnar hf., segir að á staðnum sé einkarekið mótuneyti fyrir bílstjórana og einnig er í boði kaffi og meðlæti allan daginn. „Andrúmsloftið er gott og menn hittast hér og rabba, spila brídds og tefla þegar tími gefst til. Það er reyndar ekki oft því yfirleitt er mikið að gera.“

## Allt annar rekstrargrundvöllur í dag

„Rekstur sendibílastöðva er með allt annan grundvöll í dag en áður var. Árið 2002 komu ný lög/reglugerðir varðandi það að ekki var lengur skylda fyrir sendibílstjóra að vera á viðurkenndri sendibílastöð – eins og alltaf hafði verið. Auk þess var sendibílastöðvum bannað að gefa út hámarksgjaldskrá. Við fengum undanþágu frá Samkeppniseftirlitinu. Því hámarksgjaldskrá er til verndar viðskiptavininum,“ segir hún.

Bílar hafa stækkað í gegnum tíðina og hafa þeir meiri burðargetu enda kallar markaðurinn á það. Ný tæki hafa komið til sögunnar sem léttu bílstjóranum vinnuna, t.d. rafmagnsbrettatjakkar og rafmagnströpputrillur.

Að sögn Sólveigar flytur Sendibílastöðin allt frá umslögum upp í stórflutninga.

„Við erum með bíla allt frá fimm rúmmetrum upp í tæplega 50 rúmmetra, burðargetu allt að 17 tonnum. Sumir eru með vagna aukalega sem eru um 50 rúmmetrar þar sem burður er allt að 13 tonnum. Einnig höfum við aðgang að krana og búslóðalyftum sem ná allt að 50 metrum og bera 350 kíló í hverri ferð.“

## Þjóna bæði fyrirtækjum og einstaklingum

„Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað,“ segir Sólveig brosandi. „Þjónusta okkar er viðtæk. Við þjónum bæði einstaklingum og fyrirtækjum.



Á Sendibílastöðinni starfa tveir starfsmenn en á stöðinni eru alls 70 bílstjórar.

Sendibílstjórnir eru allir sjálfstæðir verktakar með sameiginlega símaþjónustu varðandi úthlutun túra og innheimtu reikninga þeirra fyrirtækja sem eru í reikningi á Sendibílastöðinni.“

## Ísbjarnarflutningur

Aðspurð segir Sólveig að það skýtnasta sem fyrirtækið hefur flutt til þessa sé líklega ísbjörn. „Hann var uppstoppaður, sem betur fer,“ segir hún hlæjandi.

„Annars er ekkert sem við neitum að flytja svo framarlega sem farmurinn kemst í bílana og allt sé löglegt. Við höfum hingað til ekki lent

í því að þurfa að neita viðskiptavini um flutning.“

Sendibílastöðin hf. Klettagörðum 1, 104 Reykjavík.

Símar: 553-5050 og 533-1000.  
www.sendibilastodin.is. ■



# VERTU REYKLAUS Í EITT SKIPTI FYRIR ÖLL MEÐ NICOTINELL



NÝ VEFSÍÐA  
[WWW.NICOTINELL.IS](http://WWW.NICOTINELL.IS)



Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur níkótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).



DANSFÉLAGIÐ HVÖNN:

# Dansfélag í fremstu röð fyrir alla aldurshópa

**D**ansfélagið Hvönn býður upp á dansnámskeið fyrir alla aldurshópa, bæði barnadansa og samkvæmisdansa. Einnig sér Hvönn um skólakennslu fyrir 1.–4. bekk.

Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta dansfélag innan Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ).

Dansfélagið Hvönn er með frábæra aðstöðu í Vallakór 14, Kórnum, með 220 fermetra danssal.

Aðstaðan er mjög góð fyrir nemendur og einnig foreldra og aðstandendur sem fylgja börnum sínum á æfingar og keppni.

Fjöldi Íslandsmeistara og bikarmeistara hefur æft með Hvönn og keppnispör félagsins hafa verið að standa sig afar vel á mótum héraendis og erlendis.

Einnig eru afar eftirsótt barnadansnámskeiðin þar sem Hvönn býður upp á þjálfara og túlka fyrir börn af erlendu þjóðerni.

**Námskeið vorunnar hefjast 12. janúar 2019, í boði er:**

Barnadansar fyrir 3–4 ára, 40 mínútna tímar, sem eru blanda af leik og alvöru. Námskeiðið endar á nemendasýningu.

Barnadansar fyrir 5–6 ára, 50 mínútna tímar, sem eru blanda af barnadönsum og grunn í samkvæmisdönsum. Námskeiðið endar á nemendasýningu.

Skólakennsla fyrir 1.–4. bekk, 45 mínútna tímar í 10 vikur, grunnur af samkvæmisdönsum og íslensku gömlu dönsunum. Námskeiðið endar á nemendasýningu.

Samkvæmisdansar fyrir 7–9 ára og 10–12 ára, 1 klst. tímar, grunnur í samkvæmisdönsum og íslensku gömlu dönsunum. Námskeiðið endar á nemendasýningu.

**Bæði byrjenda- og framhaldshópar í boði.**

Samkvæmisdansar fyrir 13 ára og eldri, 1,5–2 klst. tímar fyrir þá sem stunda dans sem keppnisíþrótt.

Einnig er boðið upp á hjónahópa


og einkatíma fyrir alla á öllum aldri.

Félagastarf innan Hvönnar er öflugt og eru spíladagar, bíóferðir, böll, skemmtikvöld, æfingabúðir og margt fleira sem gert er á hverri önn.

Hvönn býður upp á bæði systkina- og fjölskylduafslátt, einnig aðstoðar félagið við að sækja um styrki vegna Fristunda-korts Reykjavíkur og Tómstundakorts Kópavogs.

Dansfélagið Hvönn er í Vallarkór 14, netfang er hvonn@hvonn.is.

Heimasíða hvonn.is Dansfélagið Hvönn og Facebook.



STERKARI BÖRN:

# Sjálfsstraust – sjálfsagi – sjálfsvörn

**P**essi námskeið eru ekki síst miðuð að börnum sem hafa orðið fyrir einelti. Við tökum allt það góða úr bardagalistunum og fellum það saman við almennar styrktaræfingar þannig að börnin fá að kynna grundvallaratriðum á borð við armbeygjur, hnébeygjur og rétta líkamsstöðu. Ef barnið verður sterka andlega og líkamlega, minnka líkur á einelti og mótstöðu-afl barnsins í slíkum hremmingum eykst sömuleiðis,” segir Sigursteinn Snorrason, eigandi bardagaskólans Mudo Gym í Víkurhvarfi 1, Kópavogi.

Einkunnarorð námskeiðsins Sterkari börn eru: Sjálfsstraust, sjálfsagi og sjálfsvörn. Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 6 til 14 ára.

## Aukið sjálfsstraust er lykilatriði

„Við erum alls ekki að kenna börnunum að meiða hvert annað,” segir Sigursteinn, enda er ekki um eiginlega bardagátíma að ræða. Við tökum það besta úr nokkrum bardagalistum eins og Taekwondo, hnefaleikum og fleiri greinum. Aðalatriðið er samt alltaf það að gefa þeim aukið sjálfsstraust. Það næst með auknum sjálfsaga og að vita að þau geta varið sig, ef til þess kemur.

Börnin eru ekki í bardagagalla en sniðin er að þeim barnvæn útgáfa af Taekwondo bardagalistinni sem hæfir þeim. „Börnin öðlast aukið sjálfsstraust við að standa belta-

prófin og færast upp á næsta stig, eða með því brjóta spýtu með höndunum og sigrast á ýmsum þrautum. Þetta byggir ekki síður upp andlegan styrk þeirra en líkamlegan,” segir Sigursteinn.


## Næstum þriggja áratuga reynsla af Taekwondo

Námskeiðið Sterkari börn er hluti af úrvali námskeiða sem eru haldin í bardagaskóla Sigursteins, Mudo Gym að Víkurhvarfi 1. Sigursteinn, sem er 43 ára gamall, á að baki 28 ára feril sem bardagalistamaður:

„Þetta var bara Karate Kid-pakkinn hjá mér. Ég tók þetta alla leið, fluttist 19 ára gamall til Suður-Kóreu, þaðan sem íþróttin er upprunnin og tók svarta beltið.”

Taekwondo-iðkendur hefur fjölgað mjög hér á landi undanfarin ár en Sigursteinn stofnaði sinn skóla árið 2016. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á barnastarf með afar góðum árangri. Taekwondo er yfir 2.000 ára gömul sjálfsvarnarlist en hún þróast í sífellu og að sama skapi þróar Mudo Gym sífellt áfram sitt farsæla starf með börnum og unglíngum.

Sterkari börn æfa sjálfsvörn, styrkingu líkamans, félagsþroska og skilning. Kennt er í sex vikna námskeiðum eða heilli önn. Sjá nánar á vefsíðunni sterkariborn.is. ■





SKAUTASVELLIÐ EGILSHÖLL:

# Sjáumst á svellinu

**Þ**egar jólahangikjötið og reyktu skinkurnar fara að setjast formlega að í maganum er tilvalið að skella sér á skauta! Skautasvellið í Egilshöll er eitt stærsta og glæsilegasta inni-skautasvell landsins og er opið allt árið um kring.

## Góð verð fyrir hópa

Skautasvellið í Egilshöll býður upp á skemmtilegar skautaferðir fyrir hópa hvort sem um er að ræða skólahópa, fjölskylduhópa, afmælisveislur eða vínahópa en töluvert hefur færst í aukana að vinnuhópar komi í Egilshöllina í hópefli. Að sjálfsgöðu er gefinn góður afsláttur af hópferðum en afsláttur miðast við að greitt sé fyrir allan hópinn í einu.

## Verðdæmi:


Fjölskyldupakki fyrir fjóra: Aðgangur + skautar + hjálmur: 3.800 kr. fyrir hópinn.

Afmælispakki 1: Aðgangur + skautar + hjálmur + pizza + gos: 1.800 kr. á mann.

Hægt er að bóka skólahópa á virkum dögum kl. 09.00–13.00 fyrir einungis 500 kr. á mann.

Það er um að gera að skvetta aðeins úr klaufunum á svellinu og ekki er verra að það er í stuttu færi frá einum besta pizzustað Íslands og einu glæsilegasta kvikmyndahúsi landsins.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á [www.egilshollin.is](http://www.egilshollin.is)  
Skautasvellið Egilshöll  
Fossaleyni 1, Reykjavík ■



## OPNUNARTÍMI Í KRINGUM ÁRAMÓTIN:

28. DES. 13-18

29. OG 30. DES. 13-18

LOKAÐ 31. DES. OG 1. JAN.

## EFTIR ÞAÐ ER VENJULEGUR OPNUNARTÍMI:

ALLA VIRKA DAGA: 13.00-14.45

AÐ AUKI ER OPIÐ Á EFTIRMIDDGI MIÐ. OG FÖS: 17.00-19.00

LAU. OG SUN: 13.00-16.00





## TÓNLISTARSKÓLI FÍH: Tónlistarkennarar í fremstu röð

**T**ónlistarskóli FÍH er fyrsti skólinn á Íslandi sem hóf kennslu í rytmísku námi, þ.e. öðru námi en klassísku tónlistarnámi, og var lengi vel eini skólinn hérlandis sem kenndi það. Skólinn hefur verið leiðandi frá upphafi í rytmískri kennslu eða allt frá áttunda áratugnum. Skólanum var í byrjun skipt upp í almenna námsdeild með hefðbundnu sniði, jazzdeild eða rytmíska og svo fullorðinsfræðsludeild. Síðar var kerfið einfaldað og skipt var upp í undirbúningsdeild og svo framhaldsdeild fyrir lengra komna, þar sem í boði var sigilt, jazz- og svo roknám.

### Námið sniðið að þörfum nemandans

„Í dag er þetta aðeins opnara. Grunnurinn á hljóðfæri þarf að vera góður hvort sem um er að ræða rytmíska eða klassíska tónlist og í dag hægt að byrja strax að læra rytmískt ef fólk vill það. Svo þarf heldur ekkert endilega að velja þegar maður er að byrja, heldur er nemendum frjálst að máta sig við ýmsar tónlistarstefnur eftir því sem þeim hentar. Námið er sniðið að þörfum nemandans og skólinn leggur ríka áherslu á samspil og samvinnu nemenda,“ segir Snorri Sigurðarson aðstoðarskólalastjóri.

### Fjölbreytileiki í hljóðfæravali

Það er öllum frjálst að sækja nám í skólann, hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna. „Þó er hægt að sækja um að læra á hvaða hljóðfæri sem er. Ef það er ekki kennari starfandi við skólann sem kennir á viðkomandi hljóðfæri þá finnum við kennara. Það er meðal annars einn nemandi að læra á mandólin í skólanum,“ segir Snorri.

### Kennarar eru tónlistarmenn í fremstu röð

„Kennaralið skólans hefur alltaf verið skipað tónlistarfólki í fremstu röð sem gefur nemendum okkar ákveðið forskot. Tónlistarskóli FÍH hefur enda útskrifað eða kennt stórum hluta þeirra tónlistarmanna sem hafa atvinnu í popp-, rokk- og jazzgeiranum. Einnig er skólinn búinn fullkomnu hljóðveri og höfum við tekið upp mikið magn tónleika í gegnum tíðina. Nemendur okkar hafa að sjálfsögðu notið góðs af því,“ segir Snorri.



Á næstu önn verður boðið upp á átta vikna námskeið fyrir byrjendur á aldrinum 12–18 ára. „Við ætlum að kenna í hópum á bassa, gítar, trommur og piano og setja þau saman í samspil. Þetta er virkilega skemmtilegt og gott grunnnámskeið fyrir krakka sem elska tónlist og hafa áhuga á að prófa tónlistarnám,“ segir Snorri.

Opíð er fyrir umsóknir á vorönn á heimasíðu skólans: [tonlistarskolifih.is/index.php/umsoknir](http://tonlistarskolifih.is/index.php/umsoknir)

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu skólans <http://tonlistarskolifih.is/>

Tónlistarskóli FÍH er staðsettur að Rauðagerði 27, 108 Reykjavík.

Sími: 588-8956 ■



FRAKTLAUSNIR:

# Sérfræðingar í hugsandi frakt

Í grunninn erum við dreifingar-fyrirtæki í Reykjavík og erum mjög öflugir í dreifingu á vörum á höfuðborgarsvæðinu. Við sjáum um vöruhýsingu, gámalosun og heimakstur fyrir fyrirtæki á borð við Frakt flutningsmiðlun ehf. og Blue Water Shipping, í því felst meðal annars að tæma alla gáma sem koma til landsins og keyra vörur heim að dyrum til viðskiptavina þeirra. Einnig sjáum við um flutning fyrir Smyril Line Cargo og DB Schenker," segir Arnar Þór Ólafsson hjá Fraktlausnum.

Auk þess sinnir fyrirtækið umfangsmiklum vöruflutningum til og frá Flúðum og Keflavík. „Við getum flutt vörur fyrir hvern sem er og erum opnir fyrir samstarfi við bæði stærri og minni aðila. Við erum mikið í alls konar sérflutningum, til dæmis flytjum við mikið af límtrjám fyrir Límtré Vírnet," segir Arnar en fyrirtækið er afar vel búid ýmsum tækjum fyrir flutninga.

„Við höfum mikið úrval af tækjum, til dæmis sendibíla í öllum stærðum, gámalýftur, lengjanlega flatvagna, frystivagna með heilopnun, bílaflutningavagn, vélavagna, walking-floor vagn og erum mikið í gámaflutningum. Auk þess eigum við vagna undir vélar og bíla sem við flytjum oft," segir Arnar, en samtals starfa um 20 starfsmenn hjá fyrirtækinu.

„Við erum mikið í því sem við viljum kalla hugsandi frakt. Við flytjum oft dýran og viðkvæman varning sem okkur er treyst fyrir og það er ekki sama hvernig farið er að. Þá sjaldan að eitthvert verkefni hentar okkur ekki þá afþökkum við



það og vísum á samkeppnisaðila ef við vitum að þeir eru betur til þess fallnir. Markmiðið er góð viðskipti til langframa en ekki stundarhagur," segir Arnar.

Eigendur Fraktlausna hafa áratuga reynslu af flutningastarfsemi og fyrirtækið þykir veita afar góða og trausta þjónustu.

Í vöruhúsi félagsins á Héðinsgötu 1-3 sjá Fraktlausnir einnig um að taka á móti vöru til áframflutnings á Snæfellsnes og í Borgarnes fyrir BB og syni ehf. og Júlía Jóns í Borgarnesi.

Enn fremur taka Fraktlausnir að sér lestun gáma, sem og almenna vörudreifingu.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni [fraktlausnir.is](http://fraktlausnir.is) ■







SÖLUTRAUST:

# Uppfærður öryggisbúnaður

Fyrirtækið Sölutraust hefur verið starfrækt í 15 ár og sérhæfir sig í sölu á ýmsum öryggisvörum, til dæmis sjúkrakössum og skyldum vörum, mengunarvarnarbúnaði og öryggismerkingum. En þessar mikilvægu vörur eru bara einn þáttur í starfsemi. Þjónustan við viðskiptavini er ekki síður mikilvægur þáttur og kemur meðal annars fram í stöðugu viðhaldi á öryggisbúnaðinum og aðlögun að hverjum og einum viðskiptavini eftir aðstæðum hans.

„Það hefur orðið hugarfarsbreyting í öryggismálum hér á landi og kæruleysi hefur minnkað og nánast undantekning að starfsmenn noti ekki viðeigandi öryggisbúnað eins og öryggishjálma. Starfsfólk er í auknum mæli farið að gera kröfur til sinna vinnuveitenda um að öryggismál séu í lagi,“ segir Vignir Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sölutrausts.

## Litið gagn af óáfylltum sjúkrakassa

Einn mikilvægur liður í öryggismálum er að sjúkrakassi sé ekki bara til staðar heldur að hann sé ávallt uppfærður og sé með öllu því innihaldi sem fólk reiðir sig á. „Sjúkrakassinn er sambærilegur við slökkvitæki að því leyti að ef teki er af án þess að fylla á aftur þá verða þessi tæki gagnslaus og skapa falskt öryggi. Hluti af okkar þjónustu er að fylla reglulega á sjúkrakassa og fylgjast með að allt sé í þeim sem þar á að vera. Til að minnka röt í sjúkrakössum út af skráum og smáskeinum þá eru plástraskammtarar góð lausn og eru mjög margir af okkar viðskiptavinum búnir að koma sér upp slíkum búnaði. Einnig eru hafðir augnskols- og eða brunagelsplattar hjá sjúkrakössum sem hægt er að nýta sér eftir þörfum,“ segir Vignir.

Augnskol og brunagel eru líka mikilvægur sjúkra- og öryggisbúnaður sem Sölutraust tryggir að ávallt sé til reiðu þar sem þess er þörf. „Augnskol gegn ætandi efnum er bráðnaúsynlegt á stöðum þar sem menn geta fengið




hættuleg efni í augu. Ég þekki dæmi um atvik þar sem rafgeymir sprakk og starfsmaður fékk rafgeymasýru í augun. Vinnustaðurinn var nýbúinn að fjárfesta í augnskolsbúnaði og það tókst að skola augu og andlit í tæka tíð. Maðurinn kom til vinnu eftir fjóra daga með heil augu,“ segir Vignir.

## Oliuþerriklútar og flotgirðingar

Mengunarvarnarbúnaður er annar mikilvægur þáttur í starfsemi Sölutrausts. Ber þar hæst oliuþerriklúta sem nýtast til að halda vinnusvæðum hreinum sem eykur í senn öryggi og ánægju á vinnustað, og hins vegar flotgirðingar sem lágmarka skaða af mengunarslysum. „Ef olía fer í sjó er flotgirðingu kastað út og hún hreinsar upp mengunina á stuttum tíma. Þetta eru uppsogspulsur sem fljóta á vatni og draga eingöngu í sig oliukennda vökva – en ekki vatn,“ segir Vignir.

Fyrir utan þetta eru ónefndar vörur á borð við öryggis- og aðvörunarskilti, sápur og hreinsiefni, fellistiga, hringstiga og flóttastiga. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni solutraust.is. ■





# Fyrsta skiptið hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda

**H**ver man ekki eftir fyrsta kossinum? Fyrsta deitinu? Runkinu? Eða kynlífinu? Það mun eflaust margt skemmtilegt (eða óskemmtilegt) rifjast upp fyrir áhorfendum á sýningu leikritsins Fyrsta skiptið, en eins og nafnið gefur til kynna þá fjallar sýningin um fyrstu skiptin og allt það vandræðalega sem fylgir þeim.

Leiksýningin Fyrsta skiptið, sem sýnd er í Gaflaraleikúsinu í Hafnarfirði, hefur fengið frábærar viðtökur áhorfenda og hefur selst upp á hverja sýningu á fætur annarri. Uppselt er nú á allar sýningar í desember. Gaflaraleikhúsið heldur áfram sýningum á Fyrsta skiptinu á nýju ári og er nú þegar farið að seljast upp á sýningar í janúar. Sýningin hefur einnig hlotið einróma lof gagnrýnenda og er ekki seinna vænna að næla sér í miða á þessa margrómuðu og myndu leik-sýningu!

„Fyndnasta sýningin á höfuðborgarsvæðinu.“ **Silja Huldudóttir, Morgunblaðið.**

★★★★★

„Áhorfendur emjuðu af hlátri og sýningin er sett fram á einstaklega einlæg og opinskáan hátt.“

**Ólga Björt Þórðardóttir, Fjarðar-pósturinn**

★★★★★

„Beinlínis dásamleg leiksýning.“ **Silja Aðalsteinsdóttir, TMM.**

„Fyrsta skiptið er ekki beint þessi Hollywood-sena. Það er mjög óraunhæft að búast við að allt muni ganga fullkomlega upp í fyrsta sinn sem þú gerir eitthvað.“ segir í viðtali við aðstandendur sýningarinnar sem birtist á Babl.is. Leikararnir í sýningunni eru þau Arnór Björnsson, Berglind Alda Ástþórsdóttir, Inga Steinunn Henningsdóttir, Mikael Emil Kaaber og Óli Gunnar Gunnarsson. Leikstjóri sýningarinnar er Björk Jakobsdóttir.

## Verðlaun fyrir að vera skráttar

Leikararnir hafa allir unnið hörðum höndum að sýningunni í allt sumar frá því þau útskrifuðust úr menntaskóla. Í sýningunni eru þrjú frumsamin lög sem bera titlana Fyrsta skiptið. Þú veist þú ert hrifinn og Sambandsslit. Lögin eru eftir Mikael, Óla og Hall Ingólfs sem pródusaði lögin. Mikael og Óli hafa áður samið tónlist saman, og Berglind

og Inga hafa mikið flippað saman í gegnum tíðina. „Við vorum alltaf með einhver atriði í grunnskóla. Oft mættar upp á svið saman með frumsamin lög um kennara og nemendur.“ Fyrir það fengu stelpurnar verðlaun frá skólastjóranum. „Það voru sem sagt verðlaun fyrir að vera skráttar.“

Við erum að leika okkur sjálf í sýningunni, og hoppum svo af og til í leiknar senur. Leikritið er byggt á sögum frá okkur og góðum vinum eða sögur sem við höfum heyrt.“ Í sýningunni má til dæmis sjá fyrsta skiptið sem Mikael losaði um brjóstahaldara sem var víst mjög stressandi. „Það er mjög hratt flæði í sýningunni. Við hoppum frá því að vera að spjalla við áhorfendur og yfir í fólk í miðri senu. Við erum líka með abstrakt senur eins og að túlka sleik í dansi eða kynlíf í íþróttum.“

## Kynlíf í íþróttum?

„Þessar sögur fæða svo af sér leikrænar senur, það eru ekkert mjög margar senur sem eru beinar reynslu-sögur, þetta er miklu frekar við að taka reynslusögurnar fyrir og gera grín að þeim. Þetta á fyrst og fremst að vera myndi. Við viljum ekki að fólk haldi að það sé að fara að sitja í tveggja klukku-tíma jafningjafræðslu. Þótt jafningjafræðslan sé náttúrulega mjög næs.“

Björk leikstjóri segir að hugmyndin hafi komið upp þegar hún safnaði saman krökkunum og bað þau um að byrja að skrifa. „Ég sagði þeim að skrifa bara eitthvað og ekki vera að hugsa textann sem leikrit. Þá komu fram senur sem fjölluðu um þetta, og okkur fannst geggjað að hafa þetta sem heildarkonsept.“

Þegar leikararnir voru fyrst að opna sig um sín fyrstu skipti þá var víst ekki legist um að fá að byrja. „Við vorum alveg smá hikandi fyrst. Það var allavega ekki jafn auðvelt og það er núna.“

## En hvað ef „fyrsta skiptið“ mætir á sýninguna?

„Fyrsti kossinn hennar Beggu er að vinna í sýningunni. Hann er grafiskur klippari. En hann hefur alveg húnur fyrir þessu.“ Fyrsti koss Óla mætti á frumsýninguna. „Það verður bara gaman.“ Fyrsta skiptið sem Arnór stundaði kynlíf er tekið fyrir í sýningunni „en ég er ennþá með þeirri stelpu þannig að ég ætla rétt að vona að hún mæti á sýninguna. Svo er litla frænka mín að fara að mæta á sýninguna og er eitthvað smá stressuð, en þetta verður bara gleði.“ Mikael segir að hann



sé hins vegar ekki með neinn úti í sal sem hann þarf að hafa áhyggjur af. „Við erum samt auðvitað öll með ömmur og afa að horfa en það eru öðruvísi áhyggjur. Við gerum bara brandara úr því, og segjum alltaf „hæ amma“ þegar við erum nýbúin að gera eitthvað skrítið og ógeðslegt.“

## Voru stressuð yfir að salurinn yrði fullur af reiðum ömmum

Nú voru leikararnir og höfundar sýningarinnar augljóslega taugatrektir áður en þeir vissu hversu góð viðbrögð hún fengi í kjölfarið, en gagnrýnendur hafa keppt við að lofa Fyrsta skiptið. Því það erfiða við að setja upp grinsýningu er að sjálfsgöðu að vita ekki hvort hún sé myndin fyrr en á aðalæfingunni. „Maður vill ekki „jinxa“ eins og Mikki gerir alltaf með því að segja að við þurfum að taka góða pásu eftir einhvern brandara því það verður hlegið svo mikið. Síðan er Begga alltaf fljót að bæta við „já, eða það verður ekkert

hlegið“. Það væri leiðinlegt að fatta daginn fyrir frumsýningu að sýningin er ekkert myndin. Allir yrðu bara ógeðslega móðgaðir og salurinn fullur af reiðum ömmum.“

Gaflaraleikhúsið sýnir fjölda leiksýninga ár hvert og er um að gera að næla sér í miða á Fyrsta skiptið, eða fjárfesta í bestu jólagjöf sem hugsast getur og kaupa gjafabréf handa einhverjum vel völdum vini eða fjölskyldumeðlimi.

Nánari upplýsingar um sýningar Gaflaraleikhússins má nálgast á vefsíðu Gaflaraleikhússins, gaflaraleikhusid.is

Hvort sem þú ætlar að hlæja að móðgast út af Fyrsta skiptinu þá er hægt að kaupa miða á sýninguna á tix.is eða í síma 565-5900.

Gaflaraleikhúsið er að Víkingastræti 2, 220 Hafnarfirði.

Netpóstur: midasala@gafalaraleikhusid.is ■

Þekking í þína þágu

# Menntastoðir – fjarnám

Nám með minni viðveru en sömu gæðum

Menntastoðir er undirbúningur til áframhaldandi náms og miðar við háskólabrú Keilis og frumgreinadeildir við Bifröst og H.R. Einnig má nýta einingar úr Menntastoðum inn í nám í framhaldsskóla s.s. grunn að iðnnámi.


## Kjörorð Menntastoða MSS eru:

- Framúrskarandi fjarnámskennsla
- Sveigjanleiki í námi, óháð tíma og rúmi
- Metnaðarfull þjónusta og stuðningur við nemendur

Ummæli nemenda:

### **Herdís Ósk Sveinbjörnsdóttir**

Menntastoðir er frábær skóli með frábærum kennurum sem leggja alla sína vinnu í að hjálpa okkur að ná sem bestum árangri og undirbúa okkur fyrir næstu skref í náminu.



### **Særún Lúðvíksdóttir**

Ég tók Menntastoðir í fjarnámi erlendis frá og er það klárlega grunnurinn að þeim árangri sem ég hef náð í mínu námi. Það er mér ómetanlegt hvernig kennararnir hvöttu mig áfram og gáfu mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að byrja í námi eftir langt hlé. Ég mæli hiklaust með MSS, nútímalegt námsumhverfi og persónulegt viðmót sem byggir upp og hvetur áfram.

### **Ari Freyr Skúlason**

Það var virkilega gaman að hefja nám á ný, þar sem ég hafði ekki verið í skóla síðan ég var 15 ára. Fór ungur út í atvinnumennskuna í knattspyrnu. Ég mæli klárlega með Menntastoðum. Skipulagið var einfalt og þægilegt.



### **Rúrik Gíslason**

Ég lauk við fjarnám frá Menntastoðum og tilfinningin við að ná þeim áfanga var frábær. Námið í Menntastoðum er frábær grunnur fyrir næstu námsskref og fann ég hvað það kom sér vel að hafa farið í Menntastoðir þegar ég hélt námi mínu áfram eftir útskrift.

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Bára  
412 5952 eða á [aslaug@mss.is](mailto:aslaug@mss.is)





# Jólagjöfin í ár er svalir

**B**yggingafyrirtækið Svalir sér um að hanna svalir fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki. Allar teikningar sem þarf til byggingarsamþykktar eru útvegaðar, meðal annars skráningartöflur og eigendaskiptasamningar.

Fyrirtækið er í eigu Benedikts Sveinssonar byggingastjóra en þungamiðjan í starfsemi hans er breytingar á húsnæði og viðgerðir vegna lekamála, ekki síst í tilvikum þar sem staðlar og reglugerðir hafa ekki verið uppfylltar við framkvæmd.

Benedikt er sérfræðingur í stálsmíði og með áratuga reynslu á því sviði. Benedikt er jafnframt með byggingastjóraréttindi og Svalir útvega byggingastjóratryggingar þar sem við á.

Hvort sem verkefnið er stórt eða lítið, smíði á stálburðarvirki, húsasmiði, svalir, stigar eða handrið er markmiðið Svala ávallt að skila af sér óaðfínnanlegri vinnu og gæðum.

## Gamla klassíska útlitið snýr aftur í nýrri gerð af svölum

Svalir kynna nú nýja tegund af íbúðasvölum. Viðtekið er með upphengdar svalir að stök halda þeim uppi að innanverðu en nú verður breyting á:

„Við erum að hætta með þessa tegund og kynnum nú útfærslu þar sem knegti eða konsúla er undir svölunum við vegginn þannig að yfirborðið er hreint ásyndar, líkt og svalirnar væru ásteyptar við húsið. Þetta er sama yfirbragð og einkennir svalir á gömlu og virðulegu húsnæði í miðbænum. Ég rissaði upp þessa hugmynd og sendi síðan á arkitektinn minn, Harald Ingvársson hjá Plús Arkitektum, og hann er að teikna þetta inn í þrívídd núna,“ segir Benedikt en framleiðsla er á næsta leiti.

Sjá nánar um starfsemina á vefsíðunni [svalir.is](http://svalir.is) ■



Svalir hafa unnið við Hörpuna.



Svalir hafa unnið við HR



Luxaflex®



Luxaflex®  
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með Luxaflex Power View. Komdu við í sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 9 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á [www.zenus.is](http://www.zenus.is).

ZENUS | SMÍÐJUVEGI 9 | 200 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | [www.zenus.is](http://www.zenus.is)

ZENUS

Dr. med. Christine  
**SCHRAMMEK**

**GREEN PEEL®**



**TIL HAMINGJU !**  
**GREEN PEEL®**  
fagnar 60 ára afmæli



## GREEN PEEL® – The Original Herbal Peeling

Þrjár mismunandi tegundir meðferða, GREEN PEEL® Herbal Peeling Classic, GREEN PEEL® Energy og GREEN PEEL® Fresh Up.

Upprunalegu jurtablönduna má laga að húðgerð hvers og eins, ástandi og persónulegu meðferðarmarkmiði. Hvort sem það er að fríska létt upp á húðina eða vinna á örur eða öldrun húðarinnar.

Í yfir 60 ár hafa húðsjúkdómalæknar þróað GREEN PEEL®. Mikill árangur hefur náðst af Herbal Peeling um heim allan. Tug þúsundir manna hafa fengið lausn á húðvandamálum sínum með glæsilegum árangri.

Auk GREEN PEEL® meðferða er húðlína frá Dr. Christine Schrammek sem hefur lækisfræðilegan innblástur auk þess að sameina nýjustu virku efnin sem eru í hæsta gæðaflokki.

Markmið húðlínunnar er að bjóða upp á lausnir fyrir öll húðvandamál.

Margar af vörum Dr. Med. Christine Schrammek derma.cosmetics hafa unnið til fjölda verðlauna og má þar nefna vörur eins og Blemish Balm Original BB kremið, Resvera Cell Concentrate, Herbal Care Lotion og fleiri.

### Viðurkenndir meðferðaraðilar og útsöluaðilar á Íslandi.

Verði þinn vilji. Borgartún 3. Reykjavík. Sími: 517 9291  
Pandora snyrti- og fótaþgerðastofa. Þangbakka 8-10. Reykjavík. Sími: 555 1006  
Carisma snyrtistofa. Hafnargötu 57. Reykjanesbæ. Sími: 421 7772  
Heilsa og útlit. Hlíðasmára 17. Kópavogur. Sími: 562 6969.  
Snyrtistofan Tulip. Hæðasmára 6. 201 Kópavogur. Sími: 566 6100.  
Hjá Jóhönnu Svövu. Stapavegi 7. Vestmannaeyjum.

The power of natural beauty.

Fyrir meðferð



Öhreinindi í húð

Eftir fyrstu meðferð



Töluverð bæting á útliti

Fyrir meðferð



Ótímabær öldrun í húð

Eftir fjórðu meðferð



Töluverð minnkun á hrukum



# EKKI GLEÝMA GASINU - FYRIR HÁTÍÐIRNAR

ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI FYRIR AGA GAS Á GAS.IS



Smellt eða skrúfað?  
Það skiptir ekki máli, við eigum bæði!

**AGA**  
GAS  
FYRIR GRILLIÐ



# IÐNAÐARGASIÐ FÆST HJÁ ÍSAGA

ÞÚ FINNUR SÖLUSTAÐI  
OG UMBOÐ Á AGA.IS



**ÍSAGA**  
GAS  
FYRIR IÐNAÐINN



# Cover Iceland svala- og handriðalausnir

**B**jóðum venjuleg kerfi og einnig sérhönnuð kerfi fyrir aðstæður þar sem krafist er sérstaks styrkleika vegna vindálags

Cover Aluproducs hefur verið frumkvöðull í hönnun á glerbrauta-prófilum síðan á níunda áratug síðustu aldar og er kerfið orðið vel þekkt um allan heim. Cover er finnst gæðafyrirtæki og hafa Íslendingar tekið vel við sér því á aðeins þremur árum hafa verið sett upp um yfir fimm hundruð svalir og sólstofur um allt land. „Við erum með glerhandriða lausnir fyrir verktaka með möguleika fyrir svalalokun fyrir kaupendur íbúða. Cover Iceland býður einnig upp á kaup á heilum kerfum á hagstæðu verði,“ segir Þuríður Kristín hjá Cover Iceland.

## Hentar íslenskum aðstæðum

Cover hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður þar sem getur orðið ansi vindasamt, kalt og blautt eins og við höfum mörg hver fengið að reyna á eigin skinni bæði í allt sumar og líka síðasta vetur. Í dag gera svo flestir íslenskir arkitektar og verkfræðingar kröfur um sérstakt vindálagspól því það hefur sýnt sig að hérlendis geta vindhviður orðið afar snarpar og sterkar vegna ýmissa landfræðilegra skilyrða. Cover Iceland býður meðal annars handrið og svalalokunarkerfi sem er sérstaklega hannað og þróað kerfi fyrir íslenskt veðurfar og er sérstaklega vindþolið. Þá er glerið allt að 20 mm og 15 mm í svalalokum. Bilum milli glerja er lokað með PVC-þéttlistu sem kemur í veg fyrir að snjór og vatn komist inn. Þannig býður Cover Iceland 100% vatns- og vindþétt svalalokunarkerfi.

„Cover-svalalokunarkerfin veita skjól allan ársins hring og lengja til muna þetta stutta sumar sem okkur

á norðurhveli jarðar býðst ár hvert. Þannig eykur Cover notagildi svalanna og jafnframt verðmæti fasteignarinnar,“ segir Þuríður.

## Öryggi og hljóðeinangrun

Glerið sem notað er í Cover-kerfin er fjórum sinnum sterkara en venjulegt gler af sömu þykkt. „Öryggið felst í því að ef það brotnar þá molnar það í ótal litla mola í stað hvasstra stærri brota í venjulegu gleri. Einnig geta glerjaðar svalir með einföldu gleri minnkað hávaða að utan um 7 desíbel. Og ef um er að ræða 2500 Herz-hávaða þá minnkar hljóðið um 13,5 desíbel,“ segir Þuríður.

## Hágæða kerfi

Hjólábúnaðurinn er eitt af aðalmerkjum Cover-glerbrautarkerfisins en hjólalegurnar gera glerbrautarkerfið afar þægilegt í notkun. Hjólin eru jafnstór að ofan og neðan sem gerir það að verkum að Cover-svalalokunarkerfið er skröltfritt og glerflekinn er algjörlega njörvaður niður, sem er nauðsyn hér á landi. Glerflekarnir hanga ekki í efri braut heldur renna til á jafnstórum hjólum í efri og neðri braut sem tryggir jafnt álag og útilokar glamur og stirðleika.

## Þarf ekki lengur að moka snjó

„Það nýjasta hjá okkur eru svo rennihurðir og glerskálar með þaki. Einnig er hægt að fá stök þök svo sem yfir tröppur og skýli við útidyr. Þá þarf ekki að moka snjóinn úr tröppunum,“ segir Þuríður.

Nánari upplýsingar má nálgast á [www.covericeland.is](http://www.covericeland.is)  
CoverIceland ehf.  
Auðbrekka 10, 200 Kópavogur  
(+354) 519-7771 – 777-7001  
[covericeland@covericeland.is](mailto:covericeland@covericeland.is) ■





Sala á öllum hreinlætisvörum  
og áhöldum til ræstinga fyrir  
fyrirtæki, stofnanir og  
heimili í verslun okkar



# Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

## Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.  
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:  
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri  
Símar: 461-5232 / 892 5232  
865 2425 (vaktími allan sólarhringinn)  
Netfang: [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) Veffang: [www.thrif.is](http://www.thrif.is)

Með allt á hreinu í 15 ár



## Sjónvarpsería Heru slær í gegn

Hera Hilmarsdóttir verður fljót að jafna sig á skellinum, stórmyndinni *Mortal Engines*, þar sem hún er í lykillhlutverki. Framundan er sjónvarpserían *See* sem framleidd er af þungvigtarfélagi fyrir Apple TV. Sú sería mun gera það að verkum að stjarna Heru rís hátt á árinu.

## Arabískur sigur í Eurovision

Undankeppni Eurovision verður umdeild og mótmæli vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslendinga í úrslitakeppninni í Ísrael verða hávær. Aðstandendur keppinnar munu þó láta gagnrýnina sem vind um eyru þjóta og halda ótrauðir áfram. „Íslenska framlagid mun ekki gera neinar rósir líkt og fyrri ár. Það sem mesta athygli vekur er að sigurvegarinn verður af arabísku bergi brotinn.“

## Jóhannes Haukur landar stóru hlutverki

Stórleikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson verður enn stærri á árinu. „Það gengur allt upp hjá Jóhannesi Hauki og hann á eftir að vekja verðskuldaða athygli fyrir stórt alþjóðlegt verkefni. Hann er með mörg járn í eldinum og ég skynja að hann iði í skinninu með að upplýsa um eitthvert stórt verkefni,“ segir völvan.

## OMAM skjótast (aftur) upp á stjörnuhimininn

Þá sér hún íslenska stórhljóm-sveit komast aftur í sviðsljósið á árinu. „Það hefur lítið farið fyrir *Of Monsters and Men* undanfarin ár. Hljóm-sveitin gefur skyndilega út sína þriðja plötu á árinu og slær enn á ný í gegn. Í framhaldinu er boðað til tónleikaferðalags sem er af óþektri stærðargráðu fyrir íslenska hljóm-sveit,“ segir völvan.



## Smjöríð drýpur af hverju stráí

Dáðasti sonur Kópavogs, Árni Páll Árnason, betur þekktur sem Herra Hnetusmjör, fer að reyna fyrir sér á erlendum vettvangi. „Pilturinn þráir að verða moldríkur og hann verður það ekki sem íslenskur tónlistarmaður. Hann fer því að herja utan landsteinanna. Árangurinn í enskumæl-andi löndum verður ekki merki-legur en smjöríð mun slá óvænt í gegn í Austur-Evrópu.“

## Einstakar RVKDTR

Völvan sér einnig fyrir sér mikla velgengni Reykjavíkurdætra á ár-



inu. „Sveitin tekur við stórum alþjóðlegum verðlaunum í byrjun árs og í kjölfarið opnast fjölmargar dyr. Það er ekki til nein hljóm-sveit eins og þær í veröldinni. Ég sé fyrir mér að nýtt lag með sveitinni muni slá í gegn á alþjóðavettvangi á næsta ári.“

## Ragnar tekur við konungstign

Rithöfundurinn Ragnar Jónsson, sem er lögfræðingur í hjáverkum,

skákaði metsöluhöfundunum Arnaldi Indriðasyni og Yrsu Sigurðardóttur á metsölulista þessara jóla. Bók Ragnars, *Þorpið*, seldist í bílförnum og völvan sér fyrir velgengni á erlendri grundu. „Þorpið er langbesta bók Ragnars og mun njóta mikillar velgengni erlendis. Sérstaklega í Bretlandi og Þýskalandi. Þá sé ég fyrir mér að næsta bók Ragnars verði enn betri. Hann er að taka við konungstigninni af Arnaldi,“ segir völvan.



# Gleðilegt nýtt ár!



POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS



## Frægir fjölga sér

Dáður matgæðingur og fjölmiðlakona, sem nýlega fann ástina í örmum ungs manns, tilkynnir um að brátt muni þau fjölga mannkyninu. Fréttinni verður vel tekið enda hafa vegir ástarinnar hjá fjölmiðlakonunni verið þyrnum stráðir.

Einn frægasti sjónvarpsmaður Íslands tilkynnir einnig að von sé á erfingja. Sá er kominn á fimmtugsaldurinn og því ekki seinna vænna. Að auki eru flestir vinir hans orðnir ráðsettir fjölskyldumenn og því var aðeins einn kostur í stöðunni.

## Eiður finnur ástina og nýtt starf

Eiður Smári Guðjohnsen gengur út en erlend snót heillar kappann upp úr skónum. Í kjölfarið tilkynnir knattspyrnuhetjan að hann hafi tekið við útsendarastarfi hjá bresku liði.

## Ímynd hinnar fullkomnu eigin konu hrygur

Þekkt sjónvarpskona skilur við maka sinn á árinu. Það veldur miklu upp-námi hjá aðdáendum hennar enda sjónvarpskonan dáð af almenningi og hefur yfir sér ímynd hinnar fullkomnu eigin konu og móður.

## Logi söðlar um

Logi Bergmann Eiddsson tilkynnir um starfslok sín hjá Árvakri og útvarpsstöðinni K100. Síðar á árinu snýr hann aftur á skjáinn í metnaðarfullu verkefni hjá Sjónvarpi Símanans.



## Svala finnur lífsförunaut

Ástarlíf Svölu Björgvinsdóttur verður áfram á allra vörum á næsta ári. Fyrst verður greint frá skilnaði hennar en síðan finnur hún aftur ástina síðar á árinu. „Hún mun finna lífsförunaut sinn,“ segir völván.

## Losti ráðherrans

Ástamál ráðherra verða í brennidepli en upp kemst um náið samband hans við samherja í pólitík. „Það er ekki gott að segja hvort þar sé um að ræða aðstoðarmann eða annan þingmann. Málið verður allt hið óþægilegasta enda tíðkast sjaldan að fjalla um málefni hjartans, eða öllu heldur lostans, hjá valdamönnum í samfélaginu,“ segir völván.

## Rangfeðraður Íslendingur stígur fram

Þjóðþekktur Íslendingur vekur gríðarlega athygli á árinu þegar viðkomandi stígur fram og segir frá því að hann sé rangfeðraður. „Fleiri stíga fram í kjölfarið og mikil umræða geisar um þetta þjóðfélagsmeini sem enginn hefur þorað að ræða fyrr. Sá er hóf umræðuna mun verða hylltur sem hetja í kjölfarið,“ segir völván.



## Íslensk klámbylting

Íslenska klámmyndaleikkonan Tinna Gunnarsdóttir, betur þekkt sem Tindra Frost, setur allt á hliðina þegar kynlífsmyndband sem er tekið upp hér á landi er frumsýnt. Um það segir völván: „Í kjölfarið kemur í ljós að fleiri íslenskir klámmyndaleikarar hafa látið ljós sitt skína á erlendum vettvangi þó að þeir hafi farið huldu höfði hingað til.“

## Insta-par á hvers manns vörum

Tvær gríðarlega vinsælar samfélagsmiðlastjórnur opinbera samband sitt á árinu og verður parið í fjölmiðlum í kjölfarið. „Þetta verður nýtt ofurpar og verður umdeilt eftir því.“



## Birni Braga fyrirgefið

Upprisa Björns Braga Arnarssonar hefst á næsta ári. Hann mun nota tímann fjarri sviðsljósinu til þess

að verða umfangsmeiri í útgáfu bóka auk þess sem hann mun hefjast handa við framleiðslu á hvers konar skemmtiefni fyrir leiksvið og sjónvarp. „Fórnar lamb Björns Braga fyrirgef honum og þjóðin mun smátt og smátt taka hann aftur í sátt.“

## Bylting í rapp-senunni

Tveir ungir karlkyns rapparar stíga fram og opinbera ástarsamband sitt. „Samkynhneigð hefur verið tabú í hinni karllægu íslensku rappsenu og því vekur yfirlýsing rapparanna mikla og jákvæða athygli.“

## Skilnaður í kjarabaráttu-stormi

Vinstrisinnaður áhrifamaður í stjórn- og verkalyðsmálum tilkynnir um hjónaskilnað sinn. Tíðindin verða kunngerð í miðjum kjarabaráttustormi. Í kjölfarið dregur leiðtoginn sig í hlé frá opinberri umræðu í nokkrar vikur.

## Ljótur skilnaður

Annar skilnaður skekur þjóðina en um er að ræða þekkt par á besta aldri úr íslenski trúarkreðsu. „Í kjölfarið fara þau að atyrða hvort annað í fjölmiðlum. Þetta verður frekar blóðugt,“ segir völván.

UMHVERFISVÆNI  
RUSLAPOKINN



SEGÐU NEI  
VIÐ PLASTI





ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ

www.igf.is

# SPORT



## Íþróttavöruverslun

PLAY.



# Öll helstu merkin á einum stað

**Opnunartími**

Virka daga 11-18  
Laugardaga 11-16

**Sundaborg 1** Sími 553 0700

**NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN**

Fylgdu okkur á 

# FRÉTTIRNAR SEM VÖK

Vinsælustu fréttir ársins á DV.IS

**E**ins og árið á undan var DV og dv.is í mikilli sókn á árinu. DV opnaði nýjan og glæsilegan vef sem lesendur tóku fagnandi. Í nóvembermánuði féll aðsóknarmet DV í tvígang þegar tæplega 450 þúsund stakir notendur heimsóttu vefinn yfir viku tíma. Að meðaltali voru rúmlega 120 þúsund gestir á dag sem heimsóttu vef DV.

Hvers konar miðill er DV í dag? DV er eins og áður, frjálst og óháður og tekur á spillingu. DV hefur hins vegar stækkað og er nú eins og hlaðborð þar sem allir geta fundið bita við sitt hæfi. Miðillinn birtir í kringum 120 fréttir á dag. Lítill hluti af þeim er svokallaðar gular fréttir eða æsifréttir. Þær fréttir verða hins vegar oft áberandi vegna vinsælda. Blaðamenn DV hafa haldið áfram að sinna hlutverki sínu þegar kemur að rannsóknarblaðamennsku og má þar nefna ástandið í Krýsuvík, Biskups málið eða að vera leiðandi í umfjöllun um Braggamálið þar sem brúlað var með almannafé. Þá birti DV fyrstu frétt upp úr Klaustursupptökunum en DV hafði aðgang að upptökunum ásamt Stundinni og Kvinnablaðinu. En skoðum hvaða fréttir voru vinsælastar á árinu.

## Björn Bragi káfaði á stúlku undir aldri

Frétt DV um að Björn Bragi Arnarsson, skemmtikraftur og uppistandari, hefði káfað á stúlku undir lögaldri fór í mikla dreifingu á samfélagsmiðlum. Átti atvikið sér stað eftir skemmtun hjá KPMG á Akureyri, en Björn var veislustjóri þar. Stúlkan sem Björn Bragi áreitti kynferðislega var aðeins 17 ára. Loguðu samfélagsmiðlar í kjölfarið. Björn Bragi baðst afsökunar opinberlega og í kjölfarið birtu foreldrar stúlkunnar bréf fyrir hennar hönd þar sem hún fyrirgaf Birni Braga.



Björn Bragi

isma en tók fram að um vangaveltur væri að ræða. Fréttin varð ein sú umdeildasta á árinu og hart tekist á í athugasemdakerfinu.

## SS stöðvar auglýsingar um Árna pylsusala

Sláturfélag Suðurlands ákvað að stöðva auglýsingar um Árna pylsusala eftir að eldri dómur vegna kynferðisbrots leikarans Kjartans Guðjónssonar fór á flakk um samskiptamiðla. Dómurinn var frá árinu 1989. Auglýsingarnar um Árna slógu í gegn fyrir löngu en Steinþór Skúlason, forstjóri SS, ákvað eftir að hafa heyrt af dómnum að stöðva allar birtingar á auglýsingunum.

## Umdeild Hafdís


Hafdís Kristjánsdóttir, einkabjálfi og margfaldur Íslandsmeistari í fitness, skrifaði pistil um sjálfsvíg karlmanna. Þar sagði hún að einn og sama daginn hefðu fjórir karlmenn svipt sig lífi. Hún spurði sig hvort sjálfsvígin tengdust femín-

## Guðný í tjaldi með langveikan so


Í júlí birtist frétt sem varpaði ljósi á að samfélagið bregst okkar minnstu bræðrum og systur. Guðný Guðnadóttir er einstæð móðir fjögurra barna, og er yngsta barn hennar langveikt. Íbúðin sem Guðný leigði var seld ofan af þeim og þrátt fyrir stanslausa leit fann hún enga íbúð fyrir fjölskylduna til að flytja í. Lesendur sem og áhrifafólk í samfélaginu var afar ósátt við að svona lagað ætti sér stað í velferðarsamfélagi.

## Kynlíf í Breiðholtslaug

Myndband af pari í ástaratlotum í Breiðholtslaug fór sem eldur í sínu um samfélagsmiðla



Ástaratlot gestanna voru tekin upp á öryggismyndavél sundlaugarinnar. Starfsmaður laugarinnar birti síðan myndir af atlotunum á Snapchat.



Guðný þurfti að hirst í tjaldi með langveikan son sinn

í október. Myndbandið var tekið upp af skjá öryggismyndavélar af starfsmanni laugarinnar sem sendi það út til fylgjenda sinna á Snapchat. Aðrir notendur tóku síðan skjáskot af myndbandinu og fóru myndirnar víða. Að sögn

forstöðumanns laugarinnar var málið litið alvarlegum augum enda starfsmaður laugarinnar sem stóð fyrir því að dreifa myndum af gestum.

## Íslensk klámstjarna í London

Klámstjarnan Tindra Frost á mörg þúsund fylgjendur á samfélagsmiðlum og hefur unnið til verðlauna fyrir leik í klám-

# KTU ATHYGLI Á ÁRINU



Tindra nýtur vinsælda í klámheiminum



Kjartan Guðjónsson í hlutverki Árna pylsusala



myndum. Tindra er líka íslensk í húð og hár og heitir réttu nafni Tinna Gunnarsdóttir og er 27 ára gömul. Tinna kallar sig Víkinga-prinsessuna í klámheiminum. Hún segist aldrei aftur ætla að flytja til Íslands.

**Hjörtur sendur heim**  
Fjölmíðlamaðurinn Hjörtur Hjartarson var sendur heim frá HM í Rússlandi af yfirmönnum sínum hjá Vodafone. Hann var þar á vegum útvarpsstöðvarinnar X-ins 977. Hjörtur sem nú er í námi í Barcelona hafði fram að þessu verið með vinsælustu

útvarpsmönnum landsins. Hermdu heimildir DV að Hjörtur hefði áreitt Edda Sif Pálsdóttur, íþróttafréttamann á RÚV. Edda Sif kærði Hjört fyrir líkamsárás árið 2012 en þau náðu samkomulagi þar sem hann viðurkenndi fulla ábyrgð og fór málið því ekki fyrir dóm. Hjörtur, sem hafði verið án áfengis í lengri tíma, féll á bindindinu í Rússlandi en ákvað strax að taka á sínum málum.

## Þingmenn hermdu eftir sel

Fréttaflutningur DV af upptökunum á Klaustri vöktu mikla athygli í nóvember og desember. Sú frétt sem var mest lesin var þegar þingmenn Miðflokksins gerðu grín að Freyju Haraldsdóttur meðan þeir sátu að sumbli á barnum Klaustri við Kirkjutorg. Þar mátti heyra hljóð sem minnti á sel þegar Freyja var rædd. Héldu þingmennirnir fram að líklega væri um að ræða hljóð í stól eða reiðhjóli að bremsa. Upptökuna má heyra á vef DV.

## Kynferðisbrot í Sandgerði

Þann 11. júlí var par í Sandgerði handtekið og úrskurðað í gæsluvarðhald. Konunni var sleppt eftir tveggja vikna gæsluvarðhald en var svo aftur stungið í steininn grunuð um skelfileg og hrottaleg



Hafðís Kristjánsdóttir

kynferðisbrot ásamt sambýlismanni sínum en þau brutu með skelfilegum hætti á eigin börnum og setti óhug að þjóðinni þegar málið komst í hámaeli.

## Stjórnumedhöndlari ákærður

Jóhannes Tryggvi Sveinbjörnsson hefur verið kærður til lögreglu af minnst tíu konum og þá hefur á fjórða tug kvenna haft samband við Sigrúnu Jóhannsdóttur lögfræðing sem heldur utan um mál

kvennanna. Jóhannes rekur fyrirtækið Postura sem sérhæfir sig í meðhöndlun á slæmri líkamsstöðu og lagfæringar á verkjum í stoðkerfi. Jóhannes er afar vinsæll, bæði hjá almenningi og eins fræga fólkinu. Þrátt fyrir stærð málsins hefur Jóhannes ekki verið úrskurðaður í gæsluvarðhald og er enn við störf. Á meðan stíga sífellt fleiri konur fram. ■

# Greinar Fókus sem vöktu athygli á árinu

Á Fókus er að finna umfjöllun um fólk, bæði í fréttamolum og styttri og lengri viðtölum, Tímavélina, umfjöllun um menningu: bækur, kvikmyndir og sjónvarp, leiklist, tónlist og tónleika, viðburði, próf, gjafaleiki og fleira.

Þessar greinar voru vinsælastar á Fókus á árinu.

Ragna Gestsdóttir  
ragna@dv.is



## Ari myrti tvö sjö ára börn

Ari var tíu ára gamall þegar hann myrti tvo drengi með árs millibili með því að fleygja þeim út í Glerá á Akureyri. Drengirnir voru sjö ára gamlir og drukkuðu báðir í ánni. Í umfjöllun Tímavélarinnar var farið ítarlega yfir málið, þar á meðal bréf sem Ari skrifaði til mæðra drengjanna, sem hófst með orðunum: „Kæra Sólveig og Bjarnheiður. Það sem mig hefur langað að segja er að, já það er rétt að ég átti mjög erfitt sem krakki og já, það hefði átti að grípa inn í mörgum árum fyrr, en það breytir ekki því að ég er ábyrgur fyrir dauða barnanna ykkar.“




## Fjallið nýgiftur með hárigræðslu

Haþþór Júlíus Björnsson kvæntist Kelsey Henson, en þau hafa verið saman í rúmum tveimur árum og meðal annars leikið í auglýsingum saman. Einnig fór Fjallið í milljóna hárigræðslu sem heppnaðist að líkindum ekki jafnvel og hnappheldan.



## Birgitta Líf staðgreiddi rándýra fyrstu íbúð

Birgitta Líf samfélagsmiðlastjarna keypti sína fyrstu íbúð í einu dýrasta fjölbýlishúsi landsins, við Vatnsstíg í Skuggahverfinu. Birgitta Líf staðgreiddi tæpar 63 milljónir fyrir íbúðina.



## Svala Björgvins opinberar nýja kærastann

Söngkonan Svala er skilin og flutt heim og er að gera frábæra hluti í tónlistinni, bæði sjálf og með öðrum, ekki síst með föður sínum á hinum sívinsælu Jólagestum. Stuttu eftir heimkomu var Svala kominn með nýjan herra upp á arminn, Guðmund Gauta Sigurðarson, sem er 18 árum yngri en hún.



## Sólrun Diego kaupir höll í Mosfellsbæ

Sólrun Diego þrif- og Snapchatdrottning festi kaup á einbýlishúsi ásamt kærasta sínum. Í húsinu er gert ráð fyrir vetrargarði og tjörn. Þarið réðst í umfangsmiklar endurbætur og mun húsið að öllum líkindum verða stórglæsilegt og snyrtilegt að hætti Sólrúnar þegar þeim lýkur.



## Brynjar Berg féll fyrir eigin hendi – Söfnun fyrir fjölskylduna

Brynjar Berg Guðmundsson féll fyrir eigin hendi, langt fyrir aldur fram, 31 árs. Söfnun var hrundið af stað fyrir konu hans og tvö ung börn. „Brynjar var vinur allra og vildi alltaf hafa gaman. Hann á marga vini, það er ótrúlegt hvað það er margt fólk sem saknar hans,“ sagði Kristín Sif, kona hans, í samtali við DV.



## Þorbjörn Haukur féll frá – Athygli vakinn á mál-efnum útigangsmanna

Þorbjörn Haukur Liljarsson féll frá í gistiskýlinu við Lindargötu. Andlát hans og tilfinningaþrungin viðtal móður hans, Guðrúnar Hauksdóttur Schmidt, við DV viku fyrir andlát Þorbjarnar, vakti athygli á aðstæðum útigangsmanna í Reykjavík.

Nýtt öflugt bókhaldskerfi í skýinu frá mannum sem færði okkur Dynamics Ax

Prófaðu frítt í 30 daga

Erik Damgaard  
Stofnandi Uniconta

Lagast að þínum þörfum

UNICONTA  
www.uniconta.is





[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

## Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



**KRÓKUR**

á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# Helgarkrossgátan

						Höfundar- réttur skilyrtur	vatnsfall	klunna- legar		ánægjuna	efnislitla
						→			5		
						↘			fersk misræmi		
						handvegir				9	
						litaða ýfi					
Teikning: Hallvarð Andri eftirprentun bönnuð	Krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	húrraði	öskur	skass	litist fiskurinn	ber					
↙						↖	11	2 eins			
menn				10			gapa nuddast				
ilminn								spendýr	veiðarfæri		
2 eins			áttund mann				málmi dreggjjar				
		jafnskjött keyrið						snotur			
röðull				útkjálki börk			áflog þurfalingar			matjurtin	
útungun					hávaxin				höfuðfat	4	
2 eins			samið			grastopp		hvað?			
↓	7		muldrið		skítugar						
sulta					nið kappnægri			8	2 eins		
		4 eins				2 eins	egnda storm	13			
áhöldin				6					eldsneyti	fugl	
fangi				fram ávinnað	3			ílát ræksni			
	fyrir stundu lína					farveginn	væla				
mann			snugga sprell					12		skáld	
	2	fæðan spjall					sansa kögur			konu	
utar					angan				tvihljóði	2 eins	
rumpana									aftur		
sérhvert					getunni			1			

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----

# Sudoku

## Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3	2						7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

## Erfið

3	6			2				1
				8			6	7
4					1			
				1	6	3		7
					2		1	5
		9					3	
				2	5	6		
9						4		
1		5		3				

# Verðlaunagáta

## Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið [krossgata@dv.is](mailto:krossgata@dv.is)



**FORLAGIÐ**

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

**Fanney Kristbjarnardóttir**

**Sævangi 28**

**220 Hafnarfirði**


Lausnarorð GRÆNAR GREINAR

**Fanney hlýtur að launum bókina Heiður**

## Litlu álfarnir og flóðið mikla – Halastjarnan – Pípuhattur galdrakarlansins

Allir þekkjja múmínálfana, þessar stórskemmtilegu ævintýraverur sem hafa glatt ótal börn og fullorðna áratugum saman – í sjónvarpsþáttum, teiknimyndasögum, bíómyndum og ekki síst bókum.

Hér birtast tvær af sögunum ástsælu, Halastjarnan og Pípuhattur galdrakarlansins, en jafnframt allra fyrsta sagan af múmínálfunum, Litlu álfarnir og flóðið mikla, sem aldrei fyrr hefur komið út á íslensku. Þar segir frá leit múmínsnáðans og mömmu hans að múmínabba eftir að allt fer á flot. Þau eignast nýja vini og lenda í ótrúlegum ævintýrum sem halda svo áfram í hinum sögunum: Halastjarna stefnir á Múmíndal, múmínsnáðinn og



## Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókinn Múmínálfarnir

félagar fara í leiðangur upp í Einmanafjöll og eignast fleiri vini – og pípuhattur galdrakarlansins finnst og stefnir öllu í vöða.

Tove Jansson skrifaði sögurnar um múmínálfana og teiknaði myndirnar. Fyrsta sagan kom út 1945 en Múmíndalurinn varð fullmótað söguvið í Halastjörnunni. Bækurnar hafa notið gífurlegra vinsælda og verið þýddar á yfir 40 tungumál.

Steinunn Briem þýddi Halastjörnunna og Pípuhatt galdrakarlansins. Þórdís Gísladóttir þýddi Litlu álfana og flóðið mikla.



**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM  
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAPORP  
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLLI Á ÍSLANDI,  
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**



# BESTU KVÍKMYNDIR ÁRSINS 2018

Nú þegar (bíó)árið er á lokametrunum þýðir ekki annað en að gera upp framlag til kvíkmyndalistarinnar og sjá hvað upp úr stendur. Hvaða kvíkmyndir grættu okkur mest? Hverjar voru þær myndustu? Hverjar voru mest spennandi, fallegustu og, svo við gleymum því ekki, hverjar skildu mesta óbragðið eftir sig?

Þetta eru spurningarnar sem flestir reglulegir bíófarar og kvíkmynda-fíklar eiga að spyrja sig í lok hvers árs.

Listinn er miðaður við titla kvíkmynda sem sýndar eða aðgengilegar voru á Íslandi frá janúarlokum á þessu ári til loka desember.

Athugið að þetta er brot af ítarlegri úttekt, sem birtur verður í heild sinni í vefútgáfu greinarinnar.

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



## HLEGIÐ AÐ GAMANLEIK UM HARMLEIK – THE DEATH OF STALIN

The Death of Stalin er bæði lúmskt myndin og sprenglæggileg. Hún fjallar um flókin og þung málefni en spinnur alveg einstaklega hnyttinn og ruglaðan farsa úr þeim. Leikhópurinn er hreinn fjársjóður og er handritið hlaðið hnyttum frösom en skefur ekki af veruleikanum sem snýr að pólitískum átökum og fjöldamorðum á tímum Stalín. Steve Buscemi er þarna fremstur á meðal jafningja en hann er sérstaklega eftirminnilegur sem Khrushchev í krísu.



## SUSSAÐ TIL SIGURS – A QUIET PLACE

Hrollvekjan hefur verið á farsælu flugi síðustu árin og slást yfirleitt nokkrar um að bera af á hverju ári. A Quiet Place markar eina af skemmtilegri bíóferðum ársins hjá undirrituðum, þó svo að hún sé sáraeinföld og gölluð í aftari hlutanum, nær hún þó að vera undarlega áhrifarík frá byrjun til enda. Hún flýgur hátt á frumlegri grunnhugmynd og leikur sér þrælskemmtilega með þagnir og hljóðvinnslu sem gerir hana nánast að nýstárlegri þögullri mynd. Hún snýst í rauninni meira um fjölskyldutengsl en skrímsli eða dystópíu; um samskiptaleysi, missi, samviskubit og ýmislegt sem nánir ættingjar láta ósagt. Aðalleikarar myndarinnar bæði hjónakornin og krakkarnir eiga stórleik. Sannfærandi barnaleikarar eru yfirleitt algjör rúletta í hryllingsmyndum og hér er ekki feilnóta slegin.



## SVANASÖNGUR JÓHANNSSONAR OG KUNSTIR MED KEÐJUSAGIR – MANDY

Nicolas Cage er biblískum hefndarhug í hreint martraðarkenndu ferðalagi út á ystu nöf. Ofan á þetta brjálæði bætist við eitt besta kvíkmyndastef Jóhannssonar heitins (og umrætt stef sækir örugglega

meira í Vangelis en Blade Runner-tónlistin hans hefði gert) og stílbrögð sem sjá til þess að áhorfendur vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga. Mandy er bæði grafalvarleg og hressilega yfirdrifin

og Nicholas Cage fer á kostum. Myndin er einföld í framvindu en margbrotin í táknaðni manú og yfirþyrmandi dáleiðandi ef þú ert í réttum fíling. Eðlilega er Mandy svo sannarlega ekki tebolli allra, en hún sýnir tært hvað Cage getur verið ógleymanlegur þegar hann er settur í réttan taum. Og hvernig er hægt að segja nei við einu besta einvígi undanfarinna ára? En þar koma keðjusagir (já, í fleirtölu) hressilega við sögu.



## ÞANOS Í FORSETANN – AVENGERS: INFINITY WAR

Marvel-stúdíóið hefur dritað út myndum undanfarin ár sem hafa mikið skemmtanagildi en fá kannski ekki hrós fyrir djúpa sögu eða flókna karaktera. Þess gerist yfirleitt ekki þörf enda markhópurinn ekki á höttunum eftir slíku. Það voru margir skelfdir yfir þeirri tilhugsun hvernig ætti að vera hægt að búa til kvíkmynd með öllum helstu ofurhetjum Marvel-heimsins í öndvegi en það tekst með eftirtektarverðum hætti. Myndin býður upp á hefðbundinn hasar, tæknibrellur og fimmaurabrandara en er einnig uppfull af eynd, vonleysi og dauðsföllum. Myndin nær ótrúlegu flottu jafnvægi á óteljandi persónum en í lykilhlutverki er skúrurinn Þanos sem Josh Brolin eignar sér. Meira að segja þó að framhaldsmyndin verði drasl, þá stendur þessi næstum því á eigin fótum sem góð saga um einn geðillan en einbeittan þrját sem telur sig vera að gera réttan hlut með því að eyða helmingi lífs í alheiminum. Og hvílkur endir ...

## REYFARI Á EITURLYFJUM – YOU WERE NEVER REALLY HERE

You Were Never Really Here tekur öðruvísi snúning á tveimur kunnuglegum stefnum, hefndartrýllinum og harðsoðnu rökkurmyndinni. Í slíkum myndum er yfirleitt hart ofbeldi fléttað við eins konar spæjarasögu, nema hér er komin mynd sem nálgast hið hrottaglega með bitandi og óvenjulegum hætti – og þrátt fyrir allt skiptir söguþráðurinn afskaplega litlu máli. Myndin snýst um andrúmsloft, geðshræringu og ekki síst andlegt ástand aðalpersónunnar sem túlkuð er með eldfimur hætti af Joaquin Phoenix. Sagan hvílir öll á herðum hans og óróleiki hans smitast yfir á áhorfandann. Þessi óróleiki er ef til vill betur sniðinn fyrir áhorfendur sem horfa ekki bara á kvíkmyndir sér til afþreyingar en ringulreiðin í kringum karakterinn sem Phoenix skapar er nánast áþreifanleg í hverri senu. Þessi mynd er vel tíma þíns virði.



## MINNA GEFUR MEIRA – ROMA

Nýjasta meistaraverk fagmannsins Alfonso Cuarón sýnir ljúfsára og átakanlega úttekt á samkennd, mannúðleika og kaflaskilum í lífi þeirra persóna sem Cuarón kynnr til leiks. Myndin gerist nánast á sniglahraða og gætir þess að áhorfendur fái að upplifa líf og persónuleika aðalpersónanna. Roma er einnig gullfallega skotin og nær lúmskum og bitastæðum krafti úr svarthvítu kyrrðinni. Myndin er vissulega ekki ætluð hinum óþolinmóðu en útfærslan er sigilt dæmi um notkun myndmáls sem segir meira en djúpar útskýringar. Fegurðin er allsráðandi en ljótleiki heimsins lætur á sér kræla á köflum. Því má segja að myndin sverji sig í ætt við regluna „minna gefur meira“ og í hreinni merkingu orðsins er Roma tært listaverk sem kvíkmyndaáhugafólk mun þrasa um og lesa í um ókominn ár.

**Castello**  
PIZZERIA

**ELDBAKAÐAR  
EÐAL PIZZUR**


WWW.CASTELLO.IS

**DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI**  
**DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI**

## Hitarar



## Viftur



## Rakataeki



## Lofthreinsitæki



Láttu þér líða vel - Gott úrval af vönduðum tækjum

# Þeir sem kvöddu á árinu

## Auðguðu íslenskt þjóðfélag á lífshlaupi sínu

Tíminn gefur og tíminn tekur. Á árinu hefur tíminn hrifið með sér þjóðþekktu Íslendinga sem sárt verður saknað. Hér verður nokkurra valinkunnra einstaklinga, sem kvöddu á árinu, minnst og sendum við aðstandendum þeirra innilegar samúðarkveðjur.



### Pétur Gunnarsson blaðamaður

Fæddur: 16. mars 1960  
Látinn: 23. nóvember 2018

Pétur Gunnarsson var einn fremsti blaðamaður landsins. Hann var fyrsti fréttastjóri hjá Fréttablaðinu og gegndi síðar sömu stöðu hjá Viðskiptablaðinu. Pétur stofnaði vefmiðilinn Eyjuna og gegndi þar stöðu ritstjóra og pistlahöfundar. Margir þekktir Íslendingar minnstu Péturs í kjölfar fráfalls hans, þeirra á meðal Egill Helgason: „Pétur Gunnarsson er einhver mikilsverðasti maður sem ég hef kynnst. Hann var skarpgreindur, afar fróður og réttssýnn. Hann hafði þann eiginleika að skoða mál á gagnrýninn hátt, taka ekki hlutunum eins og gefnum – og hann gat skipt um skoðun. Í samfélagi nútímans eru þetta feikilega mikilvægir eiginleikar.“ Brynjar Níelsson þingmaður minnst Péturs sem eins allra besta blaðamanns landsins: „Ólíklegt er að margir andmæli þeirri fullyrðingu minni að hann hafi verið með allra bestu blaðamönnum sem við höfum átt. Þar skipti máli hin mikla og almenna þekking sem Pétur bjó yfir. Enginn blaðamaður var betri en Pétur þegar kom að viðkvæmri umfjöllun um lögreglu- og dómsmál. Vegna þekkingar sinnar og innsæis gat hann dregið fram það sem skipti máli á hlutlausan og yfirvegaðan hátt.“



### Jóhann Jóhannsson tónskáld

Fæddur: 19. september 1969 Látinn: 9. febrúar 2018

Jóhann lést að heimili sínu í Berlín í febrúar, langt fyrir aldur fram. Undanfarin ár hafði Jóhann klifið metorðastigann hratt í heimi kvikmyndatónlistar og var orðinn meðal þeirra allra virtustu í bransanum. Hann var tvisvar tilnefndur til hinna virtu Óskarsverðlauna, annars vegar fyrir kvikmyndina *The Theory of Everything* og hins vegar fyrir kvikmyndina *Sicario*. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin og var auk þeirra tilnefndur til BAFTA- og Grammy-verðlaunanna. Áður en ferill hans sem tónskáld komst á flug hafði Jóhann gert það gott með hljómsveitum á borð við Ham og Apparát Organ Quartet.



### Jóhannes Gunnarsson, fyrrverandi formaður neytendasamtakanna

Fæddur: 3. október 1949. Látinn: 6. janúar 2018

Jóhannes, mjólkurfræðingur að mennt, eyddi ríflega hálfri ævinni í baráttu fyrir hagsmunum neytenda og var formaður Neytendasamtakanna í rúm þrjátíu ár. Jóhannes var fenginn árið 1978 til að stýra fundi Neytendasamtakanna þar sem mál borgfirskra kvenna, sem höfðu kvartað undan útrunnum mjólkurvörum, var tekið fyrir. Eftir það varð ekki aftur snúið og neytendamál áttu hug hans allan. Þegar Jóhannes tilkynnti að hann hygðist hætta sem formaður samtakanna sagði hann á Facebook: „Ég hef verið formaður samtakanna lengi og tel tíma til kominn að annar taki við keflinu. Það hefur verið mér mikil ánægja og um leið heiður að hafa átt kost á því að leiða starf Neytendasamtakanna.“



### Tómas Magnús Tómasson tónlistarmaður

Fæddur: 23. maí 1954

Látinn: 23. janúar 2018

Tómas Magnús Tómasson var bassaleikari með Þursaflokknum og Stuðmönnum auk fleiri sveita og bótti einstaklega afkastamikill tónlistarmaður. „Hann var orðheppinn og sniðugur. Það var ótrúlegt að horfa og hlusta á hann spila, hann var einn af okkar allra bestu og þó víðar væri leitað. Hann stjórnaði upptökum á mörgum af ástsælustu plötum þjóðarinnar. Hann var ótrúlegur bassaleikari og bassaskáld og hefur sett mark sitt á íslenska tónlistarsögu með fjöldanum öllum af grípandi bassalínunum,“ sagði Eyþór Ingi Gunnlaugsson söngvari, einn þeirra fjölmörgu sem tjáðu sig um fráfall Tómasar á netinu.



### Sverrir Hermannsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra

Fæddur: 26. febrúar 1930 Látinn: 12. mars 2018

Sverrir sat á þingi og gegndi stöðu ráðherra fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann sagði sig síðar úr flokknum og stofnaði nýjan flokk, Frjálslynda flokkinn. Eftir að hann hætti á þingi tók hann við sem bankastjóri Landsbankans og gegndi því starfi í áratug. Í minningarorðum um Sverri, sem Steingrímur J. Sigfússon flutti til Alþingi, segir: „Í kringum Sverri Hermannsson ríkti sjaldnast lognmolla. Hann fór jafnan mikinn í orðum og athöfnum, hafði óvenjulega auðugt tungutak, var skýr og skorinorður í ræðustól, skapmikill og stór í sniðum. Í daglegum samskiptum hér á Alþingi var Sverrir hlýr í viðmóti, hreinn og beinn og tryggur sínum. Athafna Sverris sér víða stað en hann var ekki síst maður orðsins, málsnjall og orðheppinn, viðlesinn í íslenskum bókmenntum og hafði tilvitnanir úr þeim jafnan á hraðbergi. Hann var sögumaður góður, það svo að til hreinnar listar mátti teljast. Sverrir Hermannsson verður þeim sem honum kynntust í opinberum störfum minnststæður maður, hvort sem skoðanir fóru saman eða ekki. Hann bar sig jafnan vel, lét til sín heyra og hélt reisin sinni fram á síðustu daga.“



### Einar Darri Óskarsson

Fæddur: 10. febrúar 2000 Látinn: 25. maí 2018

Einar Darri var aðeins 18 ára gamall þegar hann lést á heimili sínu eftir neyslu róandi lyfja. Andlát hans kom fjölskyldu hans í opna skjöldu, en hann hafði aðeins fiktad við misnotkun lyfseðilskyldra lyfja í skamman tíma. Fjölskylda hans hefur stofnað minningarsjóð Einars Darra sem ætlað er að veita forvarnir og fræðslu gegn misnotkun lyfseðilskyldra lyfja og fíkniefna. Minningarsjóðurinn stendur fyrir þjóðaráttakinu „Ég á bara eitt líf“, sem berst gegn fíkniefnum með áherslu á misnotkun lyfja meðal íslenskra ungmenna.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti landlæknis létust, á fyrri hluta ársins, 14 karlmenn og 2 konur vegna eitrunar sem má rekja til lyfja, áfengis og ólöglegra fíkniefna. Það sem af er ári hefur 51 andlát komið til skodunar embættisins og í flestum þeirra hafa lyf komið við sögu.

### Sigurður Svavarsson útgefandi

Fæddur: 14. janúar 1954

Látinn: 26. október 2018

Sigurður var íslenskukennari við Menntaskólann í Hamrahlíð í um tvo áratugi áður en hann sneri sér að bókaútgáfu. Hann var ritstjóri kennslubóka og síðar framkvæmdastjóri hjá Máli og menningu, útgáfustjóri hjá Eddu-útgáfu og tók þátt í að stofna bókaútgáfuna Opnu. Hann ritstýrði og þýddi fjölda bóka á ferli sínum en á hans yngri árum var hann jafnframt mikill íþróttamaður og spilaði handknattleik í meistaraflokki, bæði með ÍR og Fram. Rithöfundurinn Kristín Helga Gunnarsdóttir var ein fjöldamargra sem minnstu hans hlýlega: „Siggi var lífsglaður fagareri, ljúf og hlý manneskja með stóra faðminn og næman skilning á bókmenntunum. Hann kvaddi svo snemma og snögglega og það er skarð fyrir skildi meðal bókaútgefenda. „Og svo færðu borgað fyrir að gera það sem þér finnst skemmtilegast.“ sagði hann þegar hann rétti mér fyrstu ávisunina fyrir ritverk.“



### Þorsteinn Jónsson frá Hamri rithöfundur

Fæddur: 15. mars 1938

Látinn: 28. janúar 2018

Þorsteinn gaf út sína fyrstu ljóðabók, Í svörtum kufli, aðeins tvítugur. Eftir hann liggur fjöldi ljóðabóka, skáldsagna, sagnaþátta og fjöldamargar þýðingar. Hann var í stjórn Rithöfundafélags Íslands og varamaður í stjórn, meðstjórnandi og að lokum heiðursfélagi í Rithöfundasambandi Íslands. Hann hlaut fjölda viðurkenninga fyrir ritstörf sín. Þeirra á meðal eru Íslensku bókmenntaverðlaunin, Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar, Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar, riddarakross hinnar íslensku fálkakorðu fyrir ritstörf og Heiðurslaun Alþingis. Þegar Þorsteinn hlaut heiðursviðurkenningu Menningarverðlauna DV árið 2016 sagði í rökstuðningi dómnefndar: „Þorsteinn frá Hamri hefur í áratugi auðgað og dýpkað íslenska ljóðagerð. Stílgáfa hans er einstök og hugsunin ætíð hnitmiðuð og öguð. Í verkum hans, ljóðum jafnt sem prósaverkum, endurspeglast ást og virðing fyrir náttúru landsins, sögunni og hinum þjóðlega menningararfi. Tilgerð, þrjá og raup hafa aldrei verið fylginautar þessa högværa skálds sem þekkir mátt orðanna og hefur alltaf nýtt þau til gagns. Íslenskir ljóðaunnendur standa í þakkarskuld við Þorstein frá Hamri sem hefur af örlæti, og án háreysti, miðlað snilligáfu sinni og séð þannig til þess að ljóðið rati til sinna.“



### Stefán Karl Stefánsson leikari

Fæddur: 10. júlí 1975

Látinn: 26. ágúst 2018

Stefán Karl var einn ástsælasti leikari Íslendinga og baráttumaður gegn einelti. Hann var þekktastur fyrir hlutverk Glanna glæps í leikritunum og barnabáttunum um Latabæ og hlutverk Trölla í söngleiknum Þegar Tröllur stal jólnum, í uppsetningu í Bandaríkjunum og í Kanada. Hann var í ár sæmdur riddarakrossi fyrir framlag sitt til íslenskrar leiklistar og samfélags og kjörinn maður ársins 2018 af lesendum DV. Auðunn Blöndal minnst Stefán á Twitter: „Stefán Karl sendi mér tvisvar skilaboð um ævina og bæði voru pepp þegar ég var að fá leiðindi á netinu! Þín verður saknað fallegi maður.“

### Jónas Kristjánsson, blaðamaður og fyrrverandi ritstjóri DV

Fæddur: 5. febrúar 1940 Látinn: 29. júní 2018

Jónas starfaði við fjölmiðla í ríflega hálfri öld þá einkum sem ritstjóri. Hann var ritstjóri DV í rúm tuttugu ár og stundakennari í blaðamennsku við Háskólann í Reykjavík. Hann gegndi stöðu formanns Blaðamannafélags Íslands og Íslandsnefndar International Press Institute og skrifaði jafnframt margar bækur, þá einkum bækur um áhugamál sín, ferðalög og hestamennsku. Sem fjölmiðlamaður fór hann eftir reglunni „Blaðamaður á enga vini“ og veigraði sér ekki við að beina ljósum að spillingu þar sem hún fannst. Áhrif hans á íslenska fjölmiðlun og fjölmiðlamenn eru verða mikil og minnstu hans fjöldamargir nafntogaðir Íslendingar, fjölmiðlamenn og fleiri á samfélagsmiðlum. Þeirra á meðal var Illugi Jökulsson, rithöfundur og fyrrverandi ritstjóri. „Um áhrif hans á sögu hinna ýmsu fjölmiðla má margt skrifa en fyrir ungan blaðamann fyrir nokkrum áratugum var afdráttarleysi hans lærdómsríkast. Hann kenndi manni hvort tveggja að tala enga tæpitungu og reyna aldrei að þóknast valdsmönnum. Þetta voru einkenni hans fram á síðustu stund og verða mér persónulega ævinlega efst í huga.“



*J&S Watch co.*  
REYKJAVÍK



GEFÐU ÞEIM SEM ÞÉR ÞYKIR  
VÆNT UM TÍMA UM JÓLIN

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is

# Við eigum bara þessa einu jörð



ÞEKKINGARMIDLUN

# ER LÍF Á MARS?

**■ Draumurinn sem sækir stöðugt á mannkynið**

Mars Eitt sinn var þar fullt af vatni.

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



## „Draumurinn sem sækir stöðugt á mannkynið“

**M**arsmaður. Dularfull vera með mörg mismunandi andlit og líkamsform sem hefur lifað í hugum manna í mörg hundruð ár. Áhugi okkar á Mars, Rauðu plánetunni, hefur lengi verið traust umgjörð um hugmyndir okkar og kannski drauma um að við séum ekki ein í alheiminum. Það þarf því ekki að undrast að geimferðastofnanir hafi mikinn áhuga á Mars og auðvitað skemmir ekki fyrir að plánetan er ekki svo fjarri jörðinni okkar svo ferðalög þangað eru möguleg. Nýlega lenti InSight, geimfar bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, á Mars en því er ætlað að vinna að jarðvísindarannsóknum.

NASA hefur um árabil stundað rannsóknir á Mars, bæði með hinum svokölluðu Marsþílum, Curiosity og Opportunity, og fjölmörgum gervihnöttum sem eru á braut um Mars. Aðrar geimferðastofnanir hafa einnig sinnt rannsóknum á Mars og má þar nefna Evrópsku geimferðastofnunina. Það er því óhætt að segja að engin pláneti í sólkerfinu, að jörðinni undanskilinni, hafi verið rannsökuð jafn

mikið og Mars. Ekki er enn ljóst hvort líf hafi einhvern tímann þrífist á Mars en draumurinn um að svo hafi verið, eða jafnvel sé, lifir enn.

Ein fyrsta þekta frásögnin af lífi á Mars er frá 1758 en þá skrifaði sænski vísindamaðurinn Emanuel Swedenborg um andleg samskipti við anda frá Mars. Þetta er auðvitað engin vísbending um líf á Mars en á þessum tíma hefur þetta eflaust þótt stórmerkilegt. Árið 1877 rannsaði Giovanni Schiaparelli Mars í gegnum sjónauka og tók þá eftir mynstri á yfirborðinu sem hann lýsti og reyndi að kortleggja. Rangtúlkun á skrifum hans yfir á ensku varð þess valdandi að orðið „canal“ (skurður) var notað um þetta mynstur. Það hafði mikil áhrif því jarðarþúum var í fersku minni að Súes-



War of the Worlds Orrustuvél frá Mars.

skurðurinn hafði nýverið verið tekinn í notkun. Af þeim sökum tengdi fólk orðið „canal“ við skurð gerðan af vitsmunaverum og taldi að vitsmunaverur hefðu grafið skurði á Mars.

Árið 1894 styrkti bandaríski

stjórnufræðingurinn Percival Lowry þessar hugmyndir um skurðina með skrifum sínum og lengi á eftir taldi fólk að líf væri á Mars. Í kjölfar vísindamanna kom síðan skapandi fólk á borð við H.G. Wells sem sendi árið 1898 frá sér bókina War of the Worlds sem snerist einmitt um innrás Marsbúa á jörðina. Þar með var heimur vísindaskáldsagna orðinn til. Á næstu árum streymdu bækur, teiknimyndabækur og myndir á markaðinn þar sem siðmenntaðar, meira eða minna, verur frá Mars voru kynntar til sögunnar. Þekktasta verkið er líklegast útvarpsleikrit, byggt á War of the Worlds sem var útvarpað 1938 í Bandaríkjunum. Það var að sögn svo raunverulegt að margir hlustendur fylltust skelfingu vegna yfirvofandi innrásar Marsbúa. En skelfingin var þó ekki eins mikil og oft hefur verið látið í veðri vaka í gegnum tíðina.

### Tæknilegar framfarir

Eftir því sem tækninni fleygði fram var hægt að komast nær plánetunum en bara með að horfa á þær í gegnum sjónauka. Árið 1965 tók Mariner 4 fyrstu myndina af annarri plánetu og 1976 birti NASA nýja mynd af yfirborði Mars. Viljug augu, og það var nóg af þeim, töldu sig sjá andlitsmynd á steini. Þessu vísuðu vísindamenn á bug en þetta var eins og eldsneytisinnspýting fyrir hugmyndirnar um líf á Mars. Það var ekki fyrr en 1998 sem NASA tók aftur mynd af þessum sama steini og með nýrri og miklu betri myndavélataekni varð erfiðara að standa fast á að hér væri um andlit að ræða.

Til Mars hafa verið send 18 geimför. Fimm náðu aldrei á leiðarenda, fjögur hröpuðu til jarðar á Mars og

tvö eyðilögðust í landingu. Þau sjö sem hafa náð alla leið á áfangastað hafa tekið nærmyndir af plánetunni. Enn er nóg af viljugum augum og margir hafa talið sig sjá allt frá verum, sem líkjast mönnum, til nagdýra og annarra vera. Vísindamenn hafa bent á að það sé 60 stiga frost á Mars og að þar sé enginn lofthjúpur sem veiti vernd eins og hér á jörðinni og því séu lífsskilyrði þar mjög erfið. Hugleiðingum fólks um að það sjái verur á myndunum hefur verið hafnað og rök færð fyrir að í slíkum tilfellum sé heilinn að stríða fólki því hann hefur hæfileika til að búa til myndir sem fólk vonast til að sjá.

Vísindamenn hafa lengi verið nokkuð sammála um að eitt sinn hafi verið mikið af frosnu vatni á Mars. Árið 2015 sló NASA því föstu að þar væri einnig fljótandi vatn. Þá sögðu menn að öruggt væri að fljótandi vatn væri að finna á Mars við ákveðnar aðstæður. Vatnið er þó að sögn mun saltara en það sem er hér á jörðinni en það er einmitt saltið sem kemur í veg fyrir að vatnið frjósi.

Curiosity, annar Marsbíla NASA, hefur fundið greinileg ummerki um lífrænar sameindir á Mars en þær gætu verið komnar frá lifandi verum. Bíllinn hefur verið að störfum á svæði þar sem var haf fyrir um 3,5 milljörðum ára. Þetta hefur eðlilega ýtt undir vonir og sannfæringu sumra um að líf hafi eða sé á Mars. Telja verður líklegt að við munum fá svar við því á næstu árum enda er sífellt verið að auka rannsóknir á Mars og virðist sem ekki séu svo ýkja mörg ár í að menn verði sendir þangað. En hvort þeir snúi aftur eða fari aðeins aðra leiðina er svo annað mál. ■

## REYKJAVIK RAINCOATS



### REYKJAVIK RAINCOATS

HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

### AÐRIR ÚTSÖLUSTADIR

EPAL - LAUGAVEGI 70

EPAL - HARPA

AIRPORT FASHION - LEIFSTÖÐ



# Gólfefnaval

## Kæru viðskiptavinir og samstarfsaðilar

*Gleðilegt nýtt ár og bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnum 20 árum.*

*Það hefur verið okkur hjónum og starfsfólki Gólfefnavals sönn ánægja að starfa með ykkur þennan tíma. Um leið höfum við lært betur hvaða hlutir skipta ykkur mestu máli. Hluti sem gera líf okkar fallegra og umhverfisvænna.*

*Við vonum að framtíðin verði ykkur gæfurík og við hlökkum til að takast á við ný verkefni með ykkur, á komandi árum.*



**Bona**<sup>®</sup>

**BAUWERK**  
Parkett

**POLYFLOR**<sup>™</sup>  
COVERING THE WORLD

**Tarkett**

**moduleo**<sup>®</sup>  
Design Floors

# Spurning vikunnar Hvað stóð upp úr á árinu 2018?



Hjá Parki færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Þjófum aðeins það besta fyrir þig!

**Parki**  
INTERIORS

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



# TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

# Í mat er þetta helst: Gjaldprot, niðurgangur og smjörsmokkur

■ Það vantaði ekki matarfréttirnar á árinu ■ Sviptingar í veitingahúsabransanum

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



## Ásdís Rán og beikonpylsan

Ein mest lesna fréttin á nýstofnuðum matarvef DV á árinu sem er að líða er uppljóstrun Garðars Gunnlaugssonar um matarvenjur fyrrverandi eiginkonu sinnar, Ásdísar Ránar Gunnarsdóttur.

„Ásdís fær sér beikon pullu með kartöflusalati,“ tísti Garðar til að leiðrétta rangfærslur annars tístara sem fullyrtu að glamúrfyrirsætan fengi sér pylsu með öllu þegar hún vildi gera vel við sig. Matarvefurinn leitaði til Ásdísar Ránar, sem staðfesti þetta.

„Ef ég fæ mér pylsu, sem gerist kannski einu sinni til tvisvar á ári, þá vil ég hafa hana svona.“

## Gjaldprot og Gordon

Margir veitingastaðir fóru á hausinn á árinu, svo sem LOF, veitingastaðurinn á Hótel Holti, Egill Jacobsen, Nora Magasin, Ugly Pizza, Laundromat Café, steikhúsið Argentína og Borðið.

Veitingastaðurinn Sumac átti hins vegar góðu gengi að fagna á árinu, ásamt öðrum stöðum, en stjörnukokkurinn Gordon Ramsay kallaði Sumac meðal bestu veitingastaða á Íslandi. Gordon sagði íslenska laxinn vera besta fisk í heimi. Það er nú ekki amalegt.

## Spurning um „prinsipp“ og mannorð

Sigmar Vilhjálmsson, oftast kenndur við Hamborgarafabrykkuna, var mikið í fréttum á árinu. Hann seldi til að mynda öll hlutabréf sín í Hamborgarafabrykkunni og Keiluhöllinni, en salan kom mörgum á óvart. Það sem vakti hins vegar mun meiri athygli voru deilur Sigmars við Skúla Gunnar Sigfússon, sem oftast er kenndur við Subway, sem reknar voru fyrir dómstólum í vor. Sigmar og Skúli voru í samstarfi fyrir einhverjum árum áður en upp kom ósætti á milli þeirra eftir sölu tveggja lóða á Hvolsvelli árið 2016. Sigmar tjáði sig um málið á Facebook daginn fyrir dóm.

„Ég mun líklega aldrei fá til baka þá fjármuni sem ég hef lagt í þetta mál, enda er þetta ekki rekið áfram af mér vegna peninga. Þetta mál er spurning um „prinsipp“ og mannorð. Þetta mál er spurning um það hvort maður ætli að láta vaða yfir sig og láta snúa sig niður í krafti peninga og hótana um ærumeiðingar, eða standa í lappirnar og láta menn svara fyrir gjörðir sínar.“

Svo fór að Sigmar bar sigur úr býtum í Héraðsdómi Reykjavíkur.



## Okrið í Þrastalundi

Þær voru svo ófár fréttirnar sem voru fluttar af verðlagningu á veitingastaðnum Þrastalundi á árinu. Morgunblaðið sagði til að mynda frá því að 750 millilítrar af íslensku vatni kostuðu þar 750 krónur á meðan lítrinn kostaði 850 krónur. Mörgum blöskraði þetta, þar á meðal Bubba Morthens.

„Þrastalundur brunch auglýsing er að drepa mig, og 750 millilítra vatnsflaska kostar 750 krónur. Ætli það séu dyraverðir þarna með haglabyssur og kokkurinn stendur yfir manni með hnúajám og eigandinn kemur syngjandi í salinn stolt siglir fleygið mitt,“ tísti Bubbi.

Þá var einnig sagt frá okurverði á núðlupakka frá Knorr sem var seldur í Þrastalundi á 750 krónur. Sværrir Einar Eiríksson, eigandi Þrastalundar í Grímsnesi, kom af fjöllum þegar blaðamaður Vísis spurðist fyrir um verðið á núðlum og lækkaði verðið niður í 450 krónur.



## Uppköst og niðurgangur eftir heimsókn á Skelfiskmarkaðinn

48 viðskiptavinir Skelfiskmarkaðarins veiktust af matareitrun í lok október og byrjun nóvember. Mengaðar ostrur ollu eitruninni, en nóróveirur greindust í þeim. Ostrurnar sem í boði eru á veitingastaðnum eru innfluttar frá Spáni og ræktaðar áfram til manndis í Skjálfaflóa, nánar til tekið á Húsvík. Var þetta í fyrsta sinn sem nóróveira var staðfest í ostrum á Íslandi, en Agúst Reynisson, einn eigenda staðarins, var skiljanlega í áfalli þegar að blaðamaður DV náði sambandi við hann.

„Það kom upp einhver veira. Síðan við heyrðum af fyrsta tilvikinu þá höfum við verið dag og nótt að vinna í þessu. Við erum nýr veitingastaður og búið að vera erfið fæðing, þó það sé brjálað að gera. Að sjálfsögðu viljum við ekki fá fréttir af þessu.“



## „Þetta er bara svo hræðilegt“

Marga hryllti við fréttaskýringu Kveiks um plast, en meðal þess sem fréttakonan Sigríður Halldórsdóttir kafaði ofan í var magn örplasts í vatni. Sigríður fór með vatn úr þvottavél á rannsóknarstofu Matís þar sem það var síað. Svanhildur Hauksdóttir, starfsmaður Matís, leitaði svo eftir plastögnum í þvottavatninu.

Kom í ljós að mikið var af plastögnum í þvottavatninu en Sigríður fékk Svanhildi einnig til að rannsaka kranavatn af reykvíska heimili. Í því sýni voru að meðaltali 27 örplastsagnir í hverjum lítra drykkjarvatns, en rannsóknir Veitna fyrir á árinu sýndu fram á að ekki væru nema 0,2 til 0,4 agnir í hverjum lítra kranavatns. Sá varnagli var þó sleginn í Kveik að þátturinn hefði einungis látið kanna eitt sýni af einu heimili.

Þessar niðurstöður komu Sigríði þó í opna skjöldu.

„Þetta er bara svo hræðilegt,“ sagði hún í þættinum. Kom fram að óljóst væri hvaðan plastið kæmi og hvaða áhrif það hefði á landsmenn.



## Græddu á braggamálinu

Akureyrsla bakarið Kristjánbakari hefur framleitt svokallaða Bragga – tveggja laga súkkulaðiköku, fyllta með smjörkremlu og húðaða með súkkulaðihjúp – síðan í kringum 1970. Bragginn varð óvænt afar vinsæll í október á árinu sem er að líða í skugga hins umdeilda braggamáls er varðaði braggann í Nauthólsvík sem fór langt fram úr kostnaðaráætlun.

Sala á Bragganum tífaldaðist þegar braggamálið kom upp, en Kristjánbakari ákvað að bregða á leik og bauð líka upp á uppperða bragga með innfluttum stráum frá Svíþjóð.

„Við ákváðum að nýta okkur umtalið og skjóta aðeins á þetta glórlausa mál,“ sagði Viktor Sigurjónsson, sölu- og markaðsstjóri Kristjánbakarís, í samtali við matarvef DV á sínum tíma. „Okkur fannst þetta myndi þar sem við áttum vöru sem heitir það sama. Maður verður að taka smá grín á þetta – það má ekki taka lífinu of alvarlega.“

Viktor og félagar í Kristjánbakarí nýttu þetta tækifæri til hins ýtrasta og færðu meira að segja borgarfulltrúum Bragga sem rann ljúflega niður.

**Mamma Veit Best**  
HREIN HEILSA

**NATURAL VITALITY**  
Lifandi Hindberja og Sítrónberja

**SLÖKUN**  
Styrkur gegn streitu  
Kemur tilfærði á kalk upptöku og jafnar  
balansinn magn magnesíum í líkamann

**BETRI SVEFNI**

# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu





## „Hænan þjáist frá fæðingu til dauða“

Ein athyglisverðasta grein á matarvef DV á árinu var viðtal við Rákel Eyfjörð Tryggvadóttur, fyrrverandi eggjabónda. Rákel flutti á jörð fyrir norðan árið 2011 og gerðist eggjabóndi. Í febrúar 2017 gafst hún hins vegar upp á sál og líkama. Í viðtali við DV lýsti Rákel þessum grimma eggjaíðnaði.

„Þegar unginn kemur í hús þá er hann ekki farinn að verpa. Hann er fluttur í litlum plastkössum og er tuttugu til þrjátíu ungum þjappað saman í kassa. Þeir geta varla andað og alls ekki hreyft sig. Þeir eru síðan settir inn í búrin með hama-gangi því annars gæti fuglinn dáðið, bæði út af ferðalaginu, þorsta og kvíða eða

þrengsla. Margir fuglar deyja í ferlinu, kremjast, væng- eða fótbrotna. Þá þarf að snúa þá úr hálsliðnum og henda þeim í ruslið,“ sagði Rákel og skóf ekkert af lýsingunum.

„Leita þarf að dauðum hænum í búrum daglega, en ég veit að margir gera það ekki, hvorki í bú- né gólfframleiðslu. Þær hænur rotna því bara með þeim sem eru á lífi. Velferð hænsna er langt undir því sem telst mannlegt. Í sumum búrum er ekki einu sinni mokað út skít heldur látið anga af ammoníakfýlu svo dögum skiptir, eða mánuðum. Hænan þjáist frá fæðingu til dauða. Hún fæðist í búri og drepst þar ef hún er ekki gösuð eða snúin úr hálslið.“

## Ketó-æðið mikla

Það var enginn maður með mönnum á árinu nema að prófa að vera á ketó-mataræðinu, eða svokölluðu lágkolvetna mataræði. Snýst mataræðið um að velja fituríkan mat fremur en þann kolvetnaríka, en flestir á ketó halda sig undir 20 til 50 grömmum af kolvetnum á dag. Ku mataræðið vera greinandi en bæta einnig lífsgæði þeirra sem það prófa.

Þetta ketó-æði kristallaðist í frétt um að sala á smjöri hefði aukist um rúmlega níutíu prósent síðustu tíu ár og sala á rjóma um fjórutíu prósent á sama tímabili. Bjarni Ragnar Brynjólfsson, skrifstofustjóri Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, þakkaði ketó-mataræðinu fyrir þetta í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Talandi um æði, þá greip einnig Oatly-æðið landann, en Oatly eru haframjólkurvörur framleiddar úr sænskum höfrum. Oatly virtist hverfa úr íslenskum matvöruverslunum trekk í trekk, en ekki var aðeins um Oatly-skort að ræða hér á landi heldur um heim allan.




## Steikti smokk upp úr smjöri

Klaustursmálið svokallaði er klárlega mál ársins 2018, en einn angur þess var ansi sérstakur. Meðal þeirri sem töluðu óviðurkvæmilega á Klaustri var Gunnar Bragi Sveinsson, sem dró tónlistarmanninn Friðrik Ómar inn í ölaðisumræðuna.

„Geir slapp í gegnum þetta eins og smjör á smokknum hjá honum þarna Friðriki Ómari,“ sagði hann og vísaði í það þegar Geir H. Haarde var skipaður sendiherra í Washington. Gunnar Bragi sagðist síðar í viðtali á Rás 2 harma þessi ummæli.

Þegar fréttir af Klaustursupptökunum, og fyrrnefndum ummælum Gunnars Braga, bárust brá Friðrik Ómar á leik á Instagram-síðu sinni og sneri óviðeigandi orðum Gunnars Braga upp í grín. Söngvarinn tók sig til, bræddi smjör í potti og prófaði að steikja smokk upp úr smjöri. Næsta morgun sagðist hann í viðtali við K100 hafa tekið þessum orðum þingmannsins létt, en það væri hins vegar styttra síðan hann notaði smjör en smokk.



## Úlfar Eysteinnsson 1947–2018

Matreiðslumaðurinn Úlfar Eysteinnsson lést þann 10. október, 71 árs að aldri. Úlfar var einn ástsælasti matreiðslumaður þjóðarinnar og útskrifaðist frá Hótel- og veitingaskólanum árið 1967. Hann stofnaði veitingastaðinn Pottinn og pönnuna árið 1982, í félagi við aðra, og stofnaði síðar staðina Sprengisand og Úlfar og ljón. Hann opnaði veitingahúsið Þrjá frakka þann 1. mars árið 1989, og er sá staður enn opin. Úlfar skildi eftir sig eiginkonuna, Ingibjörgu Ólöfu Magnúsdóttur tækniteiknara, og börnin Stefán og Guðnýju Hrönn sem hann átti með fyrri eiginkonu sinni, Sigríði Jónsdóttur sem lést árið 1997.



## Besta súkkulaði í heimi

Súkkulaðifrétir voru einnig áberandi á árinu sem er að líða, en beðið var eftir bleika rúbínsúkkulaðinu með mikilli eftirvæntingu. Rúbínrauða súkkulaðið er upprunnið frá svissneska súkkulaðiframleiðandanum Barry Callebaut, sem hefur eytt undanförunum þrettán árum í að þróa það. Sælgætisframleiðandinn Núi Sírius var handvalinn af Barry Callebaut til að setja súkkulaðið á markað á Íslandi, sem hann og gerði á árinu. Súkkulaðið fór misvel ofan í fólk, en fallett er það.

Þá komst íslenski súkkulaðiframleiðandinn Omnom í fréttirnar seinnipart nóvember, en mjólkursúkkulaði framleiðandans, Milk of Nicaragua, vann gullverðlaun á heimsmeistaramótinu í súkkulaðigerð sem besta mjólkursúkkulaði í heimi.



Sægreifinn við gömlu höfnina  
**Eilíf hamingja**

HÁDEGISTILBOÐ VIRKA DAGA

GRILLAÐ ÞORSKSPJÓT,  
HUMARSÚPA & BRAUÐ

2.850





# Settu vefmálin í góðar hendur

VEFSVÆÐIÐ ÞITT ER ÞAÐ MIKILVÆGASTA SEM  
ÞÚ HEFUR TIL ÞESS AÐ NÁ TIL ÞÍNS MARKHÓPS.


Við smíðum fallega, leitarvélavæna og skilvirka vefi sem virka hnökralaust í öllum tækjum og eru hannaðir til að selja þína vöru eða þjónustu á netinu.

---

<https://reykjavikdigital.is/>  
hallo@reykjavikdigital.is  
781-2000

---

# Tímarvélín



Flugeldar,  
Flugeldar,  
Flugeldar!  
Hvergi hefur, þessi ná dögur en á  
Lækjarforqsbazarnum

Gamla  
auglýsingin

Morgunblaðið 18. desember 1913

# KONUNGUR GÖMLU DANSANNA HVARF SPORLAUST

■ Setti bórsýru á gólfid ■ Ómögulegt að dansa undir áhrifum

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



Sjálfsgagt hefur aldrei verið uppi kokhraustari maður á Íslandi en Gunnlaugur Guðmundsson, meistari gömlu dansanna. Gunnlaugur kom frá Vopnafirði og stýrði dönsunum á skemmtistöðum í Reykjavík um áraraðir. Hann hafði sterkar skoðanir á dönsunum og þróun þeirra til hins verra. Jafnframt var hann ákaflega sannfærður um eigið ágæti og víðraði það í viðtölum. Gunnlaugur hvarf sporlaust einn daginn.

## Hætt kominn póstburðarmaður

Gunnlaugur Guðmundsson var fæddur milli jóla og nýárs árið 1905 ásamt tvíburabróður sínum Ásgeiri. Þeir ólust upp á bænum Ásbrandsstöðum við Vopnafjörð. Ásgeir og önnur systkini Gunnlaugs tóku við búskapnum á bænum og Gunnlaugur bjó þar framan af. Gunnlaugur stundaði hefðbundin bústörf en var einnig bifreiðarstjóri. Bifreiðar voru fáttáðar á Íslandi á þessum árum, sérstaklega á Austurlandi.

Gunnlaugur sinnti meðal annars póstpjónustu í sveitinni og það gat verið hættulegt starf. Stundum fór hann á hestbaki eða

gangandi á milli staða. Í eitt skiptið munaði litlu að Gunnlaugur yrði úti í stórhrið nálægt bænum Hlíðarhúsi í Jökulsárhlíð.

Frá Ásbrandsstöðum kom þjóðlegt fólk og gegnheilt Framsóknarfólk. Gunnlaugur var þar engin undantekning. Hann var mikill samkvæmissmaður og eldheitur í gömlu dönsunum. Ekki leið á löngu þar til hann var farn að stýra gömlu dönsunum í félagsheimilum á Austurlandi.

Árið 1942, þegar Gunnlaugur var 36 ára gamall, fluttist hann að bænum Hjarðarhaga í Jökuldal. Hann átti þá nýja bifreið og sinnti akstri þar í alls þrettán sumur. Þennan tíma starfaði hann jafnframt sem meðhjálpari og hringjari í Hofteigskirkju.

## Vandræðaástand í gömlu dönsunum

Árið 1957 fluttist Gunnlaugur á mölina og starfaði aðallega við byggingarvinnu í nokkur ár. Eftir það starfaði hann hjá Blikksmiðjunni Gretti og á sjötugsaldri fór hann að starfa á Laugarðalsvellingum. Gunnlaugur hætti ekki að dansa eftir að hann kom til Reykjavíkur heldur miðlaði kunnáttu sinni og reynslu á því sviði til borgarbúa.

Á sjöunda áratugnum stýrði

hann reglulega gömlu dönsunum í Góðtemplarahúsinu og Framsóknarhúsinu. Á áttunda áratugnum í Þórscafé. Einnig á skemmtunum í nágrenni Reykjavíkur, svo sem Félagsgarði í Kjós. Undir spiluðu tónlistarmenn á borð við Guðmund Hansen, Guðjón Matthíasson, Sigmundur Júlíusson, Aage Lorange og Poul Bernburg.

Gunnlaugur hafði sterkar skoðanir á gömlu dönsunum og var ekki bjartsýnn fyrir hönd þeirra á efri árum. Viðraði hann þessar skoðanir sínar bæði í ræðu og riti. Í nóvember árið 1975 var hann í viðtali hjá Dagblaðinu. Þar sagði hann:

„Gömlu dansarnir eru orðnir stórskemmdir vegna þess að búið er að bæta inn í þá alls konar toppfígúrum, sem allir taka upp þannig að þessir oflátungar halda að þetta sé fyndið.“

Máli sínu til stuðnings nefndi hann Vínarkrúsinn. Í stað þess að taka hin venjulegu spor til beggja hliða var búið að setja inn milli-snúninga sem ekki áttu heima þar. Taldi hann þetta vandræðaástand fyrst og fremst vera hljómsveitarstjórnunum að kenna og sinnuleysi þeirra gagnvart dansstjórnunum. Væri samskipta- og stjórnsleysisð orðið svo mikið að



Tvíburar Gunnlaugur og Ásgeir Guðmundssynir frá Ásbrandsstöðum.

„Ég hef verið talinn einn besti dansstjóri sem völ er á“

pörin dönsuðu ekki einu sinni sama dansinn. Eitt þar dansaði kannski vals, annað marsúrka og það þriðja ræl, allt undir sama laginu. Þetta skapaði eitt allsherjar öngþveiti á dansgólfinu.

## Meira að segja kvenfólkið farið að drekka

„Ég hef verið talinn einn besti dansstjóri, sem völ er á og vil nefna sem dæmi að fyrir þremur árum stjórnaði ég dansi sjö kvöld í röð í Ingólfskjallaranum og fólk er enn þá að hæla mér fyrir mína

stjórn. Góður dansstjóri eins og ég gengur á undan með góðu fordæmi, dansar á undan fólkinu svo það sjái hvað á að dansa og hann á að sjá um að fólk dansi ekki annað en það sem sagt er fyrir,“ sagði hann.

Að mati Gunnlaugs var það hlutverk dansstjórnans að sjá um að fólk skemmti sér vel og færi ánæggt heim. Undirstöðuatriði í því væri röggssöm dansstjórn, kunnátta fólks og hált gólf. Stýrði hann danspörum með harðri hendi og setti grófmálaða bórsýru

## HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

# PENINGAR RUNNU ÚR S

## ■ Mörg þúsund krónur

Íbúar á Ísafirði voru gáttaðir þegar peningaseðlar tóku að streyma út um skolpræsi bæjarins og út í fjöruna. Þjóðviljinn greindi frá því að börn hefðu fundið seðlana og lögregla væri að rannsaka málið. Annaðhvort væri um að ræða hræddan þjóf eða ruglaðan mann.

## Mörg þúsund krónur

Það var í marsmánuði árið 1961 sem börn á Ísafirði fundu fyrstu peningaseðlana. Þeir höfðu verið rifnir áður en þeim hafði verið sturtað niður. Börnin fóru með tættu seðla til yfirlögregluþjóns og sögðu hvar þau hefðu fundið þá, í fjörunni fyrir neðan Tanga.


Við nánari athugun fundust fleiri seðlar, aðallega 500 krónu seðlar af eldri gerð. Nam þetta mörg þúsund krónum og voru menn gáttaðir að einhver hefði sturtað þeim niður í klósett. Mátti



gera ráð fyrir að fleiri seðlar hefðu endað í ræsinu en þeir sem fundust, að einhverjum hefði skolað út í sjó.

Lögreglan lagði hald á þá seðla sem hún komst yfir. Ætla mátti þó að börnin hefðu haldið einhverju eftir sjálf. Fyrstu grunsemdir lögreglunnar voru þær að hér hefði þjófur verið á ferðinni





Gunnlaugur Guðmundsson  
Kokkhaustasti maður landsins.

á gólfid til að gera það hálara, en hún er stórvarasöm. Gunnlaugur taldi að færni á borð við hans væri að deyja út.

„Ákveðin dansstjórn skapar engin leiðindi. Fólk bara heldur að því finnst leiðinlegt. Þegar góður dansstjóri gengur á undan, skemmtir fólk sér mun betur, og þú mátt skjóta því inn í frá eigin brjosti að danshúsin eigi að temja sér notkun dansstjóra til að allir geti verið ánægðir.“

Gunnlaugur sparði ekki stóru orðin um eigið ágæti.

„Þó eru þeir eða fjórir menn, sem eru eins góðir og ég. Ég hef fengið orð fyrir að vera taktfastur, þannig að dómur, sem ég hef dansað við, hafa sagt það við mig og ég finn líka undir eins hvort þær hafa dansað við einhvern, sem kann gömlu dansana, eða ekki.“

Eina helstu áskorunina sem steðjaði að gömlu dönsunum taldi hann einnig vera aukna brennivínsdrykkju á skemmtunum.

„Mér þykir fyrir því að sjá meira að segja kvenfólkið rorra um hálfullt. Læknarnir hafa sagt að gömlu dansarnir séu besta íþrótt, en það þýðir ekkert að iðka íþróttir undir áhrifum víns.“

Gunnlaugur kom einnig fram í sjónvarpsviðtali þetta sama ár. Það var í þættinum Anna í Hlíð hjá Helga Péturssyni, úr Ríó

Trío. Sagði hann þar marga unga menn öfunda sig.

„Það hafa margir ungir menn komið til mín og óskað þess að vera orðnir eins og ég. Þessir yngri, þó þeir spili gömlu dansana, þá eru þetta ekki reglulegir gömlu dansar sem þeir spila,“ sagði hann með áherslu.

### Hvarf sporlaust eftir læknisheimsókn

Skömmu eftir að Gunnlaugur kom fram í þessum tveimur eftirminnilegu viðtölum hvarf hann sporlaust. Þann 26. nóvember (HVÆÐA ÁR?) var greint frá því að leit væri hafi að Gunnlaugi, sem var þá sjötugur og búsettur í Barmahlíðinni ásamt öðrum manni.

Fimmtudaginn 25. nóvember hafði hann komið við á Landspítalanum. Eftir það fór hann út að ganga og sást ekki meir. Um kvöldið fór sá sem með honum bjó að ókyrrast og tilkynnti hvarfið. Sagði hann frá því að Gunnlaugur væri sykursjúklingur og hætt við yfirlíði. Væri hann klæddur í gráa úlpu og með köflóttan hatt.

Björgunarsveitir leituðu á öllu höfuðborgarsvæðinu, með fram strandlengjunni og á slöngubát. Gunnlaugur fannst hins vegar ekki og var dánardagur hans skráður 26. nóvember. Hann var ókvæntur og barnlaus. ■

# BISKUP SAGÐI KIRKJU VANHELGAÐA VEGNA GIFTINGAR

## ■ Bahaíapar gift í Árbæjarkirkju

Sumarið 1967 varð mikil ólga innan íslensku Þjóðkirkjunnar þegar hjónavígsla að sið bahaía fór fram í Árbæjarkirkju. Sigurbjörn Einarsson biskup setti sig upp á móti athöfninni og Sigurður Pálsson vígslubiskup sagði að kirkjan væri vanhelguð.



### Falleg en framandi athöfn

Þann 17. ágúst árið 1967 greindi Morgunblaðið frá því að hjón hefðu verið gefin saman að sið bahaía í Árbæjarkirkju. Voru þetta Svava Magnúsdóttir og Fabio Tagliavia frá Palermo í Ítalíu. Bládamenn voru kallaðir til til að vera viðstaddir athöfnina og var Ásgeir Einarsson forstöðumaður til svara um þessi framandi trúarbrögð sem taldi þá átján einstaklinga á Íslandi.

Spurðu bládamenn út í réttarstöðuna og þótti þeim með miklum ólíkindum að parið hefði fengið heimild fyrir þessu frá Þjóðkirkjunni. Ásgeir svaraði því að biskup Íslands hefði sýnt þessum trúarbrögðum mikinn skilning en Þjóðkirkjur annarra landa hefðu minni samúð með þeim. Hefði biskup til dæmis veitt góða umsögn þegar bahaíar sóttu um löggildingu sem trúfélag.

Um 40 voru viðstaddir athöfnina. Fyrst var Fabio leiddur inn og síðan Svava. Þá lásu þeir tilkvaðir upp úr spámannaritum bahaía, Ásgeir fór með bæn og brúðhjónin fluttu vitnisburð hvort á sínu tungumálinu, íslensku og ítölsku. Lásu þau upp heitorðin og settu upp hringana í kjölfarið. Falleg athöfn og öll eftir kúnstarinnar reglum.

En það voru ekki allir með bros á vör þennan dag. Fyrir utan stóð Lárus Sigurbjörnsson, kirkjuvörður í Árbæ. Hann sagði við bládamenn

að sóknarpresturinn hefði gefið leyfi og tilvonandi hjón sýnt alla tilskilda pappíra. Þrátt fyrir þetta hafi hann reynt að ná tali af biskupi til að láta vita en án árangurs. Lárus hafi því orðið að gefa grænt ljós á þetta en hafði miklar efasemdir enda voru bahaíar taldir skyldari múslimum en kristnum.

### Kirkjan sögð vanhelguð

Deigi eftir að giftingin fór fram fékk Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands, að fréttu af málinu. Kom þetta honum algerlega í opna skjöldu. Sagði hann að ef hann hefði vitað þetta fyrir fram hefði hann ekki leyft athöfninni að fara fram innan veggja kirkjunnar. Hann sagði:

„Bahaítrúflokkurinn er ekki kristinn trúflokkur og það fólk, sem í þennan flokk gengur, hefur ekki aðeins sagt skilið við Þjóðkirkjuna í skipulagslegu tilliti, heldur sagt skilið við kristna trú. Það hefur fullkomið frelsi til þess að sjálf sögðu, en gerir sér væntanlega grein fyrir, hvað það er að gera.“

Enn fremur:  
„Kirkja, sem er Kristi vígð, verður ekki léð til athafna á vegum trúarbragða, sem ekki viðurkenna Krist

eins og kristin kirkja játar hann og boðar.“

Sigurður Pálsson, vígslubiskup í Skálholti, var svo miður sín þegar hann frétti af athöfninni að hann taldi Árbæjarkirkju vanhelgaða. Hann sagði:

„Skoðun mín á þessu miðast við það, hvernig vígslan er skilgreind en mín tilfinning er sú, að það ætti að endurvígja kirkjuna. Þetta mál ber að leggja undir úrskurð biskups Íslands, en ég teldi ástæðu til að stöðva allar helgiathafnir í kirkjunni á meðan sá úrskurður liggur ekki fyrir.“

Einnig voru til þeir prestar sem sáu ekkert að vígslunni og lýstu þeir sinni skoðun bæði í blaðaskrifum og úr predikunarstólum. Gaf biskup þá út aðra yfirlýsingu og sagði Árbæjarkirkja yrði ekki endurvígð og athöfnin hefði ekki óhelgað húsið. Slíkt yrði aðeins gert ef eitthvað kæmi upp sem ógilti upprunalegu vígsluna og væri matsatriði í hvert skipti. Jafnframt ítrekaði hann að athöfnin hefði verið „slys“, „vangá“ og „hugsunarleysi“ sem mætti ekki endurtaka sig en ekki „syndsamlegt athæfi.“ ■

## SKOLPRÆSINU Á ÍSAFIRÐI



sem hefði orðið hræddur og viljað losa sig við þýfi. Um veturinn var einmitt 3.000 krónum stolið af elliheimili bæjarins. Seinna var sú hugmynd slegin út af borðinu því að sú upphæð sem fannst var langtum hærri en stolið var þaðan.

Þá kom önnur hugmynd fram. Að hér væri á ferðinni

„ruglaður maður“ sem sturtað hefði peningunum niður í kasti. Lögreglan hóf rannsókn og leit í húsum en það reyndist erfitt í ljósi þess hversu mörg hús áttu frárennsli að skolpræsinu. Frekari frásögn af málinu var ekki reifuð. ■

# GAMILÁRS PARTY

31. desember næstkomandi  
klukkan 23.00 - 04.30  
verður dansað  
inn í nýja árið

DJ adamis adammix  
sér um að halda ykkur dillandi



Óskar þér og þínum  
farsældar á nýju ári

Hafnargata 19a Keflavík S. 421 4601





# Kínverjar lögðu sitt af mörkum til að stríðið myndi vinnast

■ Töpuðu um leið friðnum

Kristján Kristjánsson  
ritstjorn@dv.is



Fyrri heimsstyrjöldin var blóðug og mannskæð í Evrópu og hafði mikil áhrif á atburði næstu áratuga. Í henni tókust mörg Evrópuríki á og bárust á banaspjót. En það vita kannski ekki allir að um 2,4 milljónir asískra hermanna börðust á evrópsku vígstöðvunum og að 300.000 til 500.000 þeirra féllu, margir þeirra frá Kína. Kínverjar lögðu því sitt af mörkum til að stríðið ynnist en í kjölfar stríðsins töpuðu þeir hinu diplómatska stríði.

Kína, Japan og Indland léku stórt hlutverk í fyrri heimsstyrjöldinni sem var háð í Evrópu. Margir Asíubúar og Evrópubúar vita hins vegar ekki um þessa þátttöku Asíuríkanna í „stóra stríðinu“ eins og það var kallað

í Asíu. Stuðningur Asíuríkanna við Vesturveldin hafði mikil áhrif á þróun Asíu og hvernig hún er í dag.

Árið 1917 bauð hið nýja kínverska lýðveldi Bretum að senda 96.000 Kínverja til Evrópu til að styrkja breska herinn. Bretar þáðu þetta boð með þökkum og það sama gerðu Frakkar þegar þeim voru boðnir 40.000 Kínverjar til styrktar franska hernum. Kínverjarnir voru þó ekki hermenn heldur voru þeir einhvers konar stuðningssveitir við herina, þeir sáu um ýmis störf sem þurfti að sinna til að hermennirnir gætu barist. Þeir fengu laun fyrir störf sín og þeir sáu um þvotta, hlúðu að særðum, sáu um birgðaflutninga og héldu innviðum herjanna gangandi. Þeir sóttu særða og látna á vígvöllinn og fluttu skotfæri til vígstöðvanna.

„Samhliða grimdarlegu framferði Japana braust blóðugt borgarastríð út

Japan var rísandi veldi á þessum tíma en landið hafði skotist inn í klúbb stórveldanna þegar japanski sjóherinn sigraði þann rússneska 1905 og með því að gera Kóreu að nýlendu 1910. Á síðustu árum fyrri heimsstyrjaldarinnar var mikilvægt að hafa yfir öflugum sjóher að ráða en Bretar voru komnir í þá stöðu að geta ekki



Fyrri heimsstyrjöldin Kínverskir túlkar.

lengur varið skip sín fyrir þýskum kafbátum. Japanir sendu því herskip til Miðjarðarhafs til að fylgja breskum kaupskipum og það sama var uppi á teningnum á Atlantshafi og Kyrrahafi.

## Skorti reynslu

Þegar friður komst á í Evrópu í nóvember 1918 voru bæði Kínverjar og Japanir í liði sigurvegaranna. En það kom Kínverjum illa að þá skorti reynslu og herstyrk til að koma vel út úr þeim samningaviðræðum sem þá hófust. Hershöfðingjar og pólitíkusar komust að þeirri niðurstöðu að það væri mikilvægara til langs tíma lítið að hafa Japana góða heldur en Kínverja. Menn óttuðust að Japanir myndu standa utan við Þjóðabandalagið, forvera SP, og ekki taka fast sæti í öryggisráði þess ef kröfum þeirra yrði ekki mætt. Það var því gengið að þeim kröfum Japana að þeir fengju að halda þeim svæðum sem Þjóðverjar höfðu hernumið á meginlandi Kína. Þetta varð síðar stuðpúðinn í hernámi Japan á norðurhluta Kína.

Kínverjar töpuðu þessu diplómatska spili því vestræn ríki, þar á meðal Bandaríkin, litu með réttu á Japan sem nýtt hvern á heimsvísu sem væri mikilvægt að eiga góð samskipti við. Japanir stóðu stórveldum þessa tíma fyllilega á sporði hvað varðaði tækni, stjórnmál, diplómatska hæfileika og getu. Kína var á hinn bóginn veikburða ríki, þar ríkti ringulreið og samfélagið var óskipulagt og í augum Evrópumanna líktist það ekki væntanlegu stórveldi. Þetta var í hróplegu ósamræmi við hugmyndir kínversku elítunnar á kínversku samfélagi en hún taldi það vera ævafornt menningarsamfélag

sem ætti eðlilega að vera á toppi fæðukeðju hins þekktu heims.

Versalasalningurinn hafði því miklar afleiðingar í Kína. Þegar innihald hans lá fyrir brutust út mikil mótmæli í Peking og öðrum stórborgum Kína. Í Shanghai var ráðist á bresku ræðismannskrifstofuna og byggingar sem tengdust Japan á einhvern hátt. Biturleiki og sárindi vegna misheppnaðrar taktíkur í Evrópu varð til þess að þetta nýja, brothætta lýðveldi lét undan og hrundi til grunna. Ný uppreisnarhreyfing leit dagsins ljós og út frá henni urðu síðan til pólitískar hreyfingar sem hafa sett mark sitt á Kína alla tíð síðan. Má þar nefna Þjóðernissinnann Chiang Kai-Shek og Mao Zedong með kommúnistana. Samhliða grimmdarlegu framferði Japana braust blóðugt borgarastríð út. Það stóð til 1949 þegar kommúnistar sigruðu og Þjóðernissinnar flúðu til Taívan þar sem þeir sitja enn þann dag í dag.

En fyrri heimsstyrjöldin hafði ekki aðeins áhrif í Kína því hermenn frá Indlandi, Víetnam, Kambódíu og fleiri ríkjum börðust í henni. Þeir upplifðu því hryllinginn með eigin augum og fréttir bárust til Asíu af átökunum svo almenningur gat fylgst með því sem gekk á. Fram til þessa höfðu nýlendþjóðirnar verið álitnar yfirburðarþjóðir og eiginlega fyrirmyndir elítunnar í Asíu. En nú snerist dæmið við og pólitískir vindar fóru að blása sem kröfðust frelsis frá evrópsku nýlenduherunum. Upp úr þessum jarðvegi varð til hugmyndafræði og stjórnmálamenn sem mynduðu sjálfstæðishreyfingarnar sem kröfðust sjálfstæðis eftir síðari heimsstyrjöldina. Versalasalningurinn og fyrri heimsstyrjöldin höfðu því mikil áhrif á þróun mála í Asíu. ■

## ÁSKRIFTARKLÚBBATILBOÐ DV OG VOGUE

### Wizar lock

Wizar lock Leður 239.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð 179.925 kr.

Wizar lock Tau 199.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð 149.925 kr.

Tilboðið gildir til áramóta.



Vogue  
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík / Sími 533 3500  
Hofsbót 4 - Akureyri / Sími 462 3504

### Áskriftarklúbbur DV

Meðlimir áskriftarklúbbs DV framvísa aðildarkorti sem er í gildi hverju sinni til að nýta sér þau tilboð og fríðindi sem eru í boði hverju sinni fyrir áskrifendur DV.



Áskriftarklúbbskortid gildir til 31.12.2018

## 1 SYSTEMS OneRecords

Óflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum að halda utan um mál og fylgiskjöl. Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála og notendur geta á einfaldan hátt séð stöðu mála sem þeir bera ábyrgð á.



## 1 SYSTEMS OneBigBrother

Tryggir rekjanleika á uppruna skjala, hver gerði hvað og hvenær. Hver opnaði og skoðaði skjal og heldur utan um breytingarsögu þess.

## 1 SYSTEMS OnePortal

Vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta á sjálfvirkum máta sent inn og fylgst með umsóknum og erindum á vefnum.



## 1 SYSTEMS OneWorkSpace

Þitt eigið verkefnasvæði innanhúss eða verkefnavefur á örfáum mínútum, með möguleika á aðgangi verkta og fleiri aðila inn á læst verkefnasvæði eða vef.



## 1 SYSTEMS OneTime

Tímaskráningarkerfi sem heldur utan um tíma sem fer í einstök mál, verkefni, og verkefnaflokka, t.d. eftir tegundum viðskiptavina.



## 1 SYSTEMS OneQuality

Lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahandbóka og skjala þeim tengdum.



## 1 SYSTEMS OneCrm

Hagkvæm lausn sem gerir kleift að sjá allar upplýsingar um viðskiptavinum á einum stað, hvort sem um ræðir samskipti og skjöl eða t.d. fjárhagslegar upplýsingar úr ERP kerfum.



## 1 SYSTEMS OneContract

Góð yfirsýn yfir gerða samninga geta hæglega veitt gott samkeppnisforskot og komið í veg fyrir, eða dregið verulega úr, áhættu.



# Gledilegt nýtt ár

Starfsfólk OneSystems  
þakkar viðskiptavinum sínum  
frábært samstarf á liðnu ári.

# Öðruvísi og einfaldir forréttir um jól

■ Skiptum klassíkinni út fyrir nýmeti ■ Leikum okkur með jólahefðirnar

Margir hafa það sama í matinn ár eftir ár á jólum en það er um að gera að leika sér með eitthvað nýtt á þessari stærstu hátíð ársins. Auðveldast er að byrja á að brydda upp á nýjungum í forrétt og hér eru nokkrar hugmyndir. Munið bara að æfa ykkur fyrir stóra daginn svo ekkert fari úrskeiðis.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



## Sætir og saltir fetabitar

### Hráefni:

fetaostur (helst heill klumpur sem skorinn er niður í teninga)  
hunang  
pistasúhnetur, smátt saxaðar

### Aðferð:

Stingið tannstöngli í hvern fetatening. Dýfið fetateningunum í hunang og látið renna af þeim hunangið. Veltið þeim strax í muldar pistasúhneturnar.

## Sveppa og spínatkrans



### Hráefni:

- 2 msk. olía
- 2 hvítlauksgeirar, stórir
- 1 lítil rauðlaukur, smátt saxaður
- 285 g spínat
- 225 g sveppir, smátt saxaðir
- ½ tsk. svartur pipar
- ¾ tsk. ítalskt krydd
- ½ tsk. reykt paprikukrydd
- ½ tsk. cayenne-pipar
- ¼ bolli ferskt kóríander, saxað
- ½ bolli ricotta-ostur (eða kotasæla)
- ¼ bolli rifinn parmesanostur og hefðbundinn ostur
- 450 g smjördeig
- salt eftir smekk

### Aðferð:

Hitið ofninn í 190°C og klæðið ofnplötu með smjörpappir. Hitið 2 matskeiðar af olíu í pönnu yfir meðalhita. Steikið hvítlaukinn og laukinn í 2 mínútur. Bætið sveppum saman við og hrærið. Kryddið með salti, pipar, ¼ teskeið af reyktu papriku og ¼ teskeið af cayenne-pipar. Eldið í 3 til 4 mínútur, eða þar til safinn gufar upp. Bætið spínati saman við og eldið í 2 til 3 mínútur. Setjið blönduna í skál og blandið ricotta-osti, parmesan, osti, ítölsku kryddi, restinni af cayenne-pipar og restinni af reyktu paprikunni saman við. Smakið til. Bætið kóríander saman við og blandið vel saman. Fletjið út smjördeigið og dreifið úr blöndunni á annan helling deigsins. Lokið því síðan og búið til rúllu sem síðan verður hringur. Klippið í deigið hér og þar til að fyllingin skini í gegn. Bakið í 20 til 25 mínútur og leyfið að hvíla í nokkrar mínútur áður en brauðið er borið fram.



## Nett fjölnotataeki

MANITOU MLT 625-75 H

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

### Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetá: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK



## Brie og trönuberjalostæti

### Hráefni:

- 225 g smjördeig
- 225 g brie-ostur
- ½ bolli trönuberjasulta
- ¼ bolli pekanhnetur, saxaðar
- 6 rósmaríngrænar, saxaðar
- bökunarsprey
- hveiti

### Aðferð:

Hitið ofninn í 190°C og spreyið bökunarspreyinu í hólfin á

múffupönnu. Fletjið smjördeigið út og notið til þess hveiti. Skerið í 24 ferhyrninga og setjið einn ferhyrning í hvert hól á múffupönnunni. Skerið brie-ostinn í 24 bita og setjið einn bita í hvern ferhyrning. Setjið síðan smá trönuberjasultu yfir, pekanhnetur og rósmarín. Bakið í 15 mínútur, eða þar til deigið er gullinbrúnt.

PON

# Ertu að flytja



Vantar þig sendibíl, flutningskassa eða önnur tæki sem gera flutninga auðveldari ?

Hjá okkur getur þú leigt sendibíl í stærð sem hentar fyrir þig, með eða án lyftu og keyrir sjálf/ur !

Einnig leigum við sterka kassa til flutninga, trillur og fleira

Kannaðu málið á [www.cargobilar.is](http://www.cargobilar.is)

**CARGO**  
sendibíla-leiga

**566 5030**  
[www.cargobilar.is](http://www.cargobilar.is)

# Hetjur og skúrkar ársins 2018


Hörður Snævar Jónsson  
hoddli@433.is



Það getur verið stutt á milli hláturs og gráturs í fótbolta, líkt og í öðrum íþróttum. Smáatriði geta skorið úr um hvort þú verður hetja eða skúrkar. Knattspyrnuárið hefur verið skemmtilegt að flestu leyti, íslenskir aðdáendur fengu að upplifa heimsmeistaramótið

í fyrsta sinn, úrslitin hefðu mátt vera betri en flestir taka það með sér í sumarlandið að hafa upplifað stærsta sviðið. Erlendis gekk mikið á en eins og alltaf, er íslenskt knattspyrnuáhugafólk mikið að fylgjast með enskum fótbolta, þar hefur margt og mikið gerst. Hetjur og skúrkar verða til á hverju ári, hverjir sköruðu fram úr og hverjir áttu vont ár.

## Hetjur ársins 2018:



**Kylian Mbappe**

Það er ekki hægt að líta yfir þetta knattspyrnuár án þess að horfa í frammistöðu Kylian Mbappe, leikmanns PSG og franska landsliðsins. Þrátt fyrir ungan aldur er Mbappe orðinn einn allra bestu knattspyrnumaður í heimi, frammistaða hans á heimsmeistaramótinu var geggjuð þar sem Frakkar unnu þennan eftirsóttu titil. Það er ekki langt í að Mbappe taki fram úr Cristiano Ronaldo og Lionel Messi og verði besti knattspyrnumaður í heimi, árið 2019 gæti verið árið þar sem það gerist.



**Cristiano Ronaldo**

Sagan mun dæma hann sem einn ótrúlegasta íþróttamann sögunnar. Ronaldo er 33 ára gamall en hann var besti leikmaður Real Madrid þegar liðið vann meistaradeildina þriðja árið í röð. Hann fór svo á heimsmeistaramótið með Portúgal og setti upp sýningu fyrir alla í fyrsta leik gegn Spáni. Flestir á hans aldri eru hræddir við nýja áskorun en í sumar gekk Ronaldo í raðir Juventus og þar hefur hann haldið áfram að vera einn besti leikmaður heims. Ný deild, ný áskorun en samt heldur Ronaldo áfram að sigra heiminn. Magnaður íþróttamaður.



**Alfred Finnbogason**

Framherjinn knái hefur að einhverju leyti átt erfið ár. Meiðsli hafa hrjáð hann en þegar heilsa hans hefur verið í lagi, hefur frammi- staðan verið í heimsklassa. Með Augsburg í Þýskalandi hefur Alfred raðað inn mörkum þegar heilsan hefur leyft honum það og með íslenska landsliðinu hefur uppskrifin verið eins. Alfred glímdi við meiðsli fyrir heimsmeistaramótið í Rússlandi en þangað mætti hann og stimplaði sig inn með látum. Mark Alfreds gegn Argentínu er merkilegasta augnablikkið á þessu íþróttarári á Íslandi, stærsta sviðið er fyrir stærstu stjórnurnar.

## Skúrkar ársins 2018:



**Lloris Karius**

Markvörðurinn frá Þýskalandi átti eitt eftirminnegasta atvik ársins 2018 í fótbolttanum. Ætla má að Karius sé enn að hugsa um mistök sín fyrir Liverpool í úrslitum meistaradeildarinnar í maí. Þar gerðist markvörðurinn sekur um dómgreindarleysi sem reyndist Liverpool dýrkeypt. Liverpool hefur ekki unnið stóran titil í mörg ár og þarna sáu stuðningsmenn félagsins möguleika á einum slíkum. Karius var orðinn fyrsti kostur í mark Liverpool en þessi mistök urðu til þess að honum var sparkað burt frá félaginu í sumar, dýrkeypt mistök fyrir alla aðila.



**Erik Hamren**

Byrjunin fyrir sænska þjálfarann með íslenska landsliðið hefur verið hreint hræðileg, sex leikir og ekki einn sigur. Svakalegur skellur í hans fyrsta leik gegn Sviss og liðið hefur ekki jafnað sig af því. Hamren hefur hins vegar verið óheppinn. Honum hefur aldrei tekist að fá alla bestu leikmenn liðsins saman og það munar um það. Hamren fékk erfiða byrjun og frammistaðan á köflum var afar slæm. Hamren þarf að eiga góða byrjun á nýju ári ef hann ætlar að ekki að missa starf sitt nokkuð fljótt og örugglega.



**Jose Mourinho**

Bikaróði Portúgalinn missti tókin á sínu liði, Manchester United, árið 2018. Það gerði hann svo rækilega að hann var rekinn seint í desember eftir hörnumlega spilamennsku hjá sigursælasta félagi Englands. Mourinho var í vondu skapi stærstan hluta ársins. Liðið féll úr leik í 16 liða úrslitum meistaradeildarinnar gegn Sevilla, tapaði í bikarúrslitum gegn Chelsea og eftir það fór allt í vitleysu. Mourinho var í stríði við bestu leikmenn liðsins og örlög hans voru ráðin. Mourinho getur þó huggað sig við uppsagnarbréfið en með því fylgdu nokkrir milljarðar í vasa hans.

**GIMLI**  
FASTEIGNASALA



Næsti kafli  
hefst hjá okkur

Þjóðum uppá frítt söluerðmat  
Grensásvegi 13, 108 Reykjavík / S: 570 4800

# ALHLIÐA GARÐARÞJÓNUSTA FAGLÆRÐIR GARÐYRKJUFRÆÐINGAR

- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- TRJÁSNYRTINGAR
- HELLULAGNIR

- RÁDLEGGINGAR UM PLÖNTUVAL
- SLÁTTUR
- BEÐAHREINSANIR O.FL.



**Sælandsgarðar ehf.**

# SAKAMÁL



**12** mínútna ferð Howards Barts Unruh um Camden í New Jersey í Bandaríkjunum kostaði þrettán manns lífið. Allt síðan Unruh sneri heim af vígvöllum Evrópu í heimsstyrjöldinni síðari hafði hann verið einrænn og upp á kant við flest fólk. Hann var atvinnulaus og var haldið uppi af móður sinni, en sjálfur hékk hann heima, æfði skotfimi í heimagerðri æfingaádstöðu og sinnti einhverju kirkjutengdu. Unruh, sem var af flestum talinn vera „mömmustrákur“, varð með tímanum vænisjúkur mjög og byrjaði að halda dagbók um allt það sem hann taldi að sagt væri um hann. Við hverja færslu setti hann athugasemdina „hefna“. Þann 6. september, 1949, tók hann Luger-skammbýssu sína og fór um Camden og skaut handahófskennt á þá sem á vegi hans urðu. Þegar upp var staðið lágu sex karlar, fjórar konur og þrjú börn í valnum. Unruh var dæmdur til ævilangrar dvalar á geðsjúkrahúsi og andaðist 19. október 2009.


# FÍLAPJÁLFAFARI MYRTUR

■ San Dwe varð af tekjum vegna  
Said's Ali ■ Morð var lausnin

Þann 25. ágúst, 1928, var lög-  
regluþjónninn Maynard  
Evans á sinni reglubundnu  
eftirlitsgöngu í og við  
Regent's Park í London. Gangan  
hafði verið tíðindalítill en á því varð  
breyting þegar hann gekk fram á  
slasaðan mann ekki langt frá tap-  
íra-húsi Dýragarðs London. Var  
þar um að ræða búrmískan fíla-  
þjálfara að nafni San Dwe.

## Lítill meiðsli

Farið var með San Dwe á San  
Pancras-sjúkrahúsið og í ljós kom  
að meiðsli hans voru ekki alvar-  
leg. Lögreglan hafði engu að síð-  
ur nokkrar spurningar sem hún  
vildi fá svör við og sagði San Dwe  
að hann hefði komið til Englands  
í nóvember 1927 með Pa Wa,



**Börn á fílsbaki**  
San gat tvöfaldað  
tekjur sínar með  
slíkum ferðum.

**San Dwe** Ekkert  
fréttist af honum  
eftir að hann losnaði  
úr fangelsi.



**Said var hátt skrifaður  
hjá dýragarðinum sökum  
sérþekkingar hans í þjálfun fíla**

heilagan, hvítan fíla sem Dýragarð-  
ur London hefði fengið að láni frá  
auðugum trúarleiðtoga.

verðri hurðinni ef slaghamarinn  
var notaður til að komast inn?

## Innbrot illmenna

San Dwe deildi húsnæði með öðr-  
um fílapjálfa, Indverja að nafni  
Said Ali. Said var hátt skrifaður  
hjá dýragarðinum sökum sérþek-  
kingar hans í þjálfun fíla. San Dwe  
sagði lögreglunni að fjórir menn  
hefðu brotist inn herbergi hans og  
Said's, vopnaðir öxum. San hefði  
náð að flýja með því að stökkva út  
um gluggann, sem var í 10 metra  
hæð frá jörðu; þannig hefði hann  
slasað sig. Said Ali hefði ekki átt  
slíku láni að fagna.

## Spurning vaknar

Lögreglan dreif sig heim til félag-  
anna og þar var lík Said's alblóð-  
ugt í rúminu og við hlið hans var  
öxi. Einnig fann lögreglan blóð-  
ugan slaghamar. Yfirmaður rann-  
sóknarinnar, Arthur Askew frá  
Scotland Yard, tók eftir því að  
dymar að herberginu báru merki  
barsmíða með slaghamri, sem  
var í samræmi við frásögn San, en  
einnig var þar blóð að sjá.

Hvernig, spurði Arthur sjálfan  
sig, stóð á því að blóð var á utan-

## Myrtur vegna peninga

San Dwe var handtekinn og  
ákærður fyrir morð. Hvað ástæð-  
una fyrir morðinu varðaði kom  
í ljós að um var að ræða eina þá  
algengustu í sögunni; peningar.  
Þannig var mál með vexti að Said  
hafði séð um ferðir barna á fílsbaki  
í dýragarðinum og þannig tekist  
að nánast tvöfalda tekjur sínar.

Síðan hafði Said farið heim til  
Indlands um veturinn og San Dwe  
tekið við af honum, með meðfylg-  
andi tekjuaukningu.

## Dauðadómur mildaður

Þegar Said kom aftur til Englands  
á vormánuðum og tók aftur við  
barnaferðunum varð San af mikl-  
um tekjum. San hafði þá tekið  
ákvörðun um að ryðja keppinaut  
sínnum úr vegi með ádurnefndum  
afleiðingum. San Dwe var dæmd-  
ur til dauða en dómurinn síðar  
mildaður og breytt í lífstíðarfang-  
elsi. Honum var sleppt úr pris-  
undinni árið 1932 og fór heim til  
Búrma og heyrðist ekkert af hon-  
um þaðan í frá. ■

## BORÐPLÖTUR & SÓLBEKKIR



## Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8  
S. 587 - 6688  
fanntofell.is



# Góð ráð

fyrir gæludýrin um

## áramótin



Slakandi lyktarsprey, hálsólar og lyktardreifingar í innstungur frá Canosept og Felisept

Inniheldur efni sem eru náttúrulega slakandi fyrir hunda og ketti

Gott er að hafa gæludýrið í herbergi þar sem lítið heyrir inn, jafnvel án glugga

Hafðu dregið fyrir glugga

Hafðu útvarp eða sjónvarp í gangi

Vertu með dýrinu ef hægt er

Bjóddu uppáhalds nagdótið

Gefðu Kong með góðri fyllingu (fryst fylling endist extra lengi)

Meatlove blautfóður er frábær fylling í Kong

Gefðu gott bein (ekki eldað)

Farðu með hundinn út í taum (veist aldrei hvenær einhver fer að skjóta upp í nágrenninu)

Farðu tímanlega út með hundinn fyrir áramótin (frábær tími er meðan á skaupinu stendur)

Haltu kettinum inni dagana í kringum áramót ef hægt er

Gætið þess að dýrið sé í öruggu rými þar sem ekki er hætt við að það sleppi út þegar umgangurinn er hvað mestur

Gæludýr eiga ekki heima á brennum - slys geta alltaf gerst

**gæludýr.is**

Smáratorg · Bildshöfði · Grandi · Hafnarfjörður



Sanal Relax - töflur með náttúrulegum jurtum sem eru þekktar fyrir slakandi áhrif á hunda, ketti og nagdýr án þess að vera sljógandi



# UMMÆLI ÁRSINS 2018

Árið er senn á enda og ýmislegt eftirminnilegt fékk að flakka í fjölmiðlum. Sumt til að stuða. Sumt í hálfkæringi. Sumt átti aldrei að fréttast. Hér eru nokkur af eftirminnlegustu ummælum ársins 2018.

Kristinn Haukur Guðnason  
kristinn@dv.is



„Mér finnst lagið alveg ótrúlega leiðinlegt, því miður“ - Jóhannes Þór Skúlason

Framlag Íslands til Eurovision fór misvel í landann. Flestir voru samþykka um að Ari Ólafsson flytti lagið af stakri snilld og ekkert væri upp á hann að klaga. Hins vegar voru margir á því að lagið væri einfaldlega grútleiðinlegt og ætti engan séns á að komast upp úr riðlinum. Það reyndist rétt.

„Partýið er búið“ - Vigdís Hauksdóttir

Vigdís lýsti þessu yfir þegar hún boðaði innkomu sína í borgarmálin. Var hún, sem oddviti Miðflokksins, kjörin borgarfulltrúi í vor. Vigdís er þekkt fyrir að líða ekkert bruðl með almannafé og hefur hún látið mikið fyrir sér fara í braggamálinu sem upp kom í sumar.



„Ég ek á guðs vegum“ - Ásmundur Friðriksson

Akstursmál Ásmundar hafa verið mikið í umræðunni á árinu. Hefur mörgum fundist þingmaðurinn aka full langt á kostnað skattborgaranna og skrifað á sig bílferðir sem koma þingstörfunum ekki við. Ásmundur sagðist aldrei hafa lent í óhappi á ferðum sínum, æki eftir aðstæðum og væri laginn við það.



„Konur reyna alltaf að troða sér þar sem karlmenn vinna“ - Kristinn Sigurjónsson

Lektor við Háskólann í Reykjavík olli miklum usla í haust eftir miður skemmtileg ummæli um konur á vinnustöðum. Var honum í kjölfarið vikið frá störfum.



„Ókíðíki bæjó“ - Garðar „Gæi“ Viðarsson

Þetta voru einu viðbrögð Snapchatstjórnunnar Gæja eftir að eiginkona hans, Anna Björk Erlingsdóttir, var dæmd fyrir fjárdrátt, skilasvik og fleira. Gæi er ein vinsælasta samfélagsmiðlastjarna landsins og kallar sig Iceredneck á Snapchat. Hann sjálfur var ekki kærður vegna málsins.

## GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBUÐ

Svefn og heilsa óskar landsmönnum gleðilegs nýs árs

Sjáumst úthvöld á nýju ári



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU  
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

Svefn & heilsa  
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum



„Ég vil ekki vera húspræll“ - Sanna Magdalena Mörtudóttir

Sanna, frambjóðandi Sósíalístaflakksins, vakti mikla athygli fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. Þótti nálgun hennar hispurslaus og vitnaði hún til að mynda í Malcolm X máli sínu til stuðnings. Sanna fékk glimrandi kosningu og náði örugglega sæti í borgarstjórn.



„Eftir flokkinn liggur ekkert“ - Óssur Skarphéðinsson

Óssur hefur þótt beittur á ritvællinum eftir að hann hætti formlega þátttöku í stjórnmálum. Þegar ljóst var að Björt framtíð myndi ekki bjóða framkrafta sína í sveitarstjórnarkosningunum í vor ritaði hann ófagra grafskrift flokksins. Lýsti hann þessari sögu sem hinni sorglegustu í síðari tíma stjórnmálum.

# ERTU AÐ FLOKKA EÐA PLOKKA ?

Farðu inn á [www.igf.is](http://www.igf.is) og komdu  
flokkunarmálunum í lag

Í nýrri netverslun Íslenska gámafélagsins [www.igf.is](http://www.igf.is) færðu allt sem þú þarft fyrir flokkunina



Þriggja flokka stálílát  
60 L



Stálílát með rauf og  
pedal 90 LTR



Matussi minimax  
35-50 L



Ruslatína



Flokkunartunna með  
pedal til í mörgum litum



Stálílát með 2 hólfulum  
og pedal 30 L



Moltugerðartunna  
310 L



Umhverfisvænir  
ruslapokar



Troðslugrind á  
hjólum




Græna tunnan





***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.  
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-  
Bjálkapykkt 70 mm.**



*Sjáðu úrvalið á [goddi.is](http://goddi.is)*

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á  
lager í gráum og brúnum litum  
Verð frá **58.500 kr.**




# **GODDI.IS**

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

„Mér finnst þetta bera merki um takmarkalausan drullusokkshátt af spítalanum“ – **Kári Stefánsson**

Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar var ekki þáttur við þær tafir sem urðu á uppsetningu já-eindaskannans sem fyrirtækið gaf Landspítalanum. Upprunalega átti skanninn að vera kominn í notkun í september árið 2016 en var ekki tekinn í notkun fyrr en í desember árið 2018.



„Einhverra hluta vegna datt mér í hug að eitt það sniðugasta sem þú getur gert sem barnaniðingur á Íslandi er líklega að ganga í Sjálfstæðisflokkinn“ – **Bragi Páll Sigurðarson**

Bragi Páll gerði allt vitlaust með pistli sínum á Stundinni um landsfund Sjálfstæðisflokksins í vor. Þar dansaði hann hárfint á línu háðs, alvöru og ósvífni. Lýsti Páll Magnússon þingmaður Stundinni sem „endaþarmi íslenskrar blaðamennsku“ í kjölfarið.



„Ég trúir því að þú sért útvalinn af guði“ – **Guðmundur Örn Ragnarsson**

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, kom fram í viðtali á sjónvarpsstöðinni Omega sem átti ekki eftir að alla honum neins nema háðs. Sjónvarpspredikarinn hóf samstundis að ausa Eyþór lofi og lýsti því yfir að almættið hefði valið hann sem borgarstjóra. Þótti Eyþóri sjálfum þetta augljóslega vandræðalegt og reyndi að gera sem minnst úr þessu.



„Ég kem fljótlega“ – **Sindri Þór Stefánsson**

Strokufanginn Sindri varð heimsfrægur þegar hann tók flug úr landi með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Ekki leið á löngu þar til leitað var að honum um alla Evrópu og þá steig hann fram og gaf út yfirlýsingu um að hann kæmi fljótlega aftur heim. Skömmu síðar var hann handsamaður í Hollandi.



## KLAUSTURSMÁLIÐ

Umræður sex þingmanna Miðflokksins og Flokks fólksins á Klaustri bar eru þess eðlis að mörg ummæli úr þeim urðu vel þekkt. Verður því að hafa sérstakan kafla um þau hér í umfjöllun um ummæli ársins.

„Það hefur engin gugga teymt mig meira á asnaeyrunum en hún, sem ég hef ekki fengið að ríða“ – **Bergþór Ólason um Lilju Dögg Alfreðsdóttur.**

„Henni er ekki treystandi og hún spilar á fólk eins og kvenfólk kann“ – **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson um Lilju Dögg Alfreðsdóttur.**

„Þetta snýst allt um og ég held við séum öll í þessum slag til að láta gott af okkur leiða og eru miklu meiri líkur til að það gerist undir merkjum Miðflokksins heldur en Flokks fólksins, af því að þið eruð með þessa hurrandi klikkuðu kuntu sem formann Flokks fólksins sem þið ráðið ekki við“ – **Bergþór Ólason um Ingu Sæland.**

„Hún getur grenjað um þetta en getur ekki stjórnað“ – **Karl Gauti Hjaltason um Ingu Sæland.**

„Hún er ung, en það fellur hratt á hana. Hún er miklu minna hot í ár en hún var fyrir fjórum árum síðan“ – **Bergþór Ólason um Írisi Róbertsdóttur.**

„Geir slapp í gegnum þetta eins og smjör á smokknum hjá honum þarna Friðriki Ómari“ – **Gunnar Bragi Sveinsson um skipun Geirs H. Haarde í sendiherrastöðu.**

„Oddný er ekkert ágæt, hún er algjör apaköttur“ – **Gunnar Bragi Sveinsson um Oddnýju Harðardóttur.**

„Freyju eyju?... [selahljóð!]“ – **Anna Kolbrún Árnadóttir og ónefndur Miðflokksmaður.**

„Ef þú tekur þrjá bókstafi, u-n-t, og bætir við einum staf fyrir framan. Hvaða staf setur þú þar?“ – **Ólafur Ísleifsson um konur.**

„Welcome to politics, Bergþór Ólason“ – **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.**

„Mér blöskraði það sem ég heyrði“ – **Bára Halldórsdóttir eftir að hún tók upp samræðurnar.**

„Þeir eru ofbeldismenn og ég segi: Þetta er alveg skýrt í mínum huga, ofbeldismenn hafa ekki dagskrárvald í íslensku samfélagi“ – **Lilja Dögg Alfreðsdóttir í Kastljósi.**

EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR &  
UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500



# FRÁBÆRAR EIGNIR

með góða staðsetningu

BÚM  
BETUR



bygg.is

## Naustavör 16-26

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 16-26 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 123-210 fm, 3ja til 5 herbergja. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Skoðið  
teikningar  
á bygg.is

**NÝTT Í SÖLU**

## Naustavör 20-26



BÚM  
BETUR



bygg.is



## Naustavör 16-18

Hönnunarverðlaun Kópavogsbæjar

BÚM  
BETUR



bygg.is



## Lundur 7-13

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum áklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 7-13 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 101,9-196,8 fm. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Skoðið  
teikningar  
á bygg.is

**NÝTT Í SÖLU**

## Hlíðarhverfi

Reykjanesbæ

Fyrsti áfangi Hlíðarhverfis sem nú er kominn í sölu liggur á milli Þjóðbrautar og Skólabrautar. Þarna er um að ræða blandaða byggð einbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og lágreistra fjölbýlishúsa. Stutt er í alla nauðsynlega þjónustu og öruggar göngu- og hjólaleiðir í skóla og íþróttastöðu sem er í næsta nágrenni.

Íbúðirnar í fjölbýlishúsum Hlíðarhverfis eru 4-5 herb. 112,6 - 148,7 fm  
Einbýlishúsin á bilinu 230,1 - 248,5 fm  
Parhúsin á bilinu 170,9 - 203,9 fm

Skoðið  
teikningar  
á bygg.is

**NÝTT Í SÖLU**

BÚM  
BETUR



bygg.is



**STUÐLABERG**  
FASTEIGNASALA  
Hafnargötu 20, 230 Reykjanæsbær S: 420 4000  
Guðlaugur H. Guðlaugsson löggiltur fasteignasali  
studlaberg@studlaberg.is

**FASTEIGNA  
MARKAÐURINN** ehf  
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500  
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

**FASTEIGNASALAN  
TORG**  
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR  
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ  
Sími 520 9586

**FJÁRFESTING**  
FASTEIGNASALA EHF  
Sími 562 4250  
www.fjarfesting.is  
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 34 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.

# Barnastjarna keppir við bróður sinn í flugeldasölu

**E**nn á ný takast bræðurnir Einar S. Ólafsson og Rúnar Laufar Ólafsson á á flugeldamarkaðinum. Einar rekur Alvöru flugelda í Akralind og Rúnar Stóra flugeldamarkaðinn við Smiðshöfða. Athygli vekur að Rúnar notar skilti merkt Alvöru flugeldum til að auglýsa sinn markað. Til að byrja með ráku bræðurnir saman flugeldasölu en það samstarf varði aðeins í eitt ár.

**Brugðust illa við**  
DV hefur áður fjallað um

samkeppni bræðranna og tóku þeir þá báðir illa í spurningar blaðamanns. „Finnst þér þetta upphefjandi fyrir þig sem persónu?“ sagði Einar og „Hættu að búa til þvælu,“ sagði Rúnar.

Einar kom Íslendingum fyrst fyrir sjónir sem barn með hinu geysivinsæla lagi „Ég vil ganga minn veg.“ Hann átti þó ekki eftir að flengjast í tónlistinni heldur gerðist síðar bifvélavirki. Einar komst aftur í deiglu þegar hann gekk í það heilaga í Krossinum með annarri

barnastjörnu, Hönnu Valdísi Guðmundsdóttur, sem söng svo ljúflega um Línu langsokk í eina tíð. Minna hefur farið fyrir Rúnari á opinberum vettvangi.

#### Umdeildur bransi

Barátta bræðranna er langt því frá að vera eini barningurinn þegar kemur að flugeldamarkaðinum. Lengi vel hefur staðið styr milli björgunarsveitanna annars vegar og einkarekinna flugeldasala hins vegar. Vilja sumir meina að það séu hrein drottinsvik að kaupa ekki flug-

elda af björgunarsveitunum. Hafa þó íþróttafélög og önnur félagasamtök sem selja flugelda sloppið að mestu við gagnrýni.

Einnig eru fleiri og fleiri að komast á þá skoðun að flugelda eigi að banna alfarið. Þeir sem beita sér fyrir banninu gera það á grundvelli umhverfissjónarmiða, dýraverndar og lýðheilsu-sjónarmiða. Enn virðist þó sem flestir Íslendingar vilji halda í þennan sið og benda á að fjöldi útlendinga komi til landsins gagnert til að fylgjast með brjálæðinu.



## Lítt þekkt ættartengsl

### Leikarinn og knattspyrnukempan

**E**inn ástsælasti leikari þjóðarinnar, Stefán Karl Stefánsson, lést þann 21. ágúst síðastliðinn og var þjóðin harmi slegin við fráfall hans. Stefán Karl hafði glímt við ólæknandi krabbamein um langt skeið og háð baráttuna af slíku hugrekki og æðruleysi að eftir var tekið.

Stefán Karl var náskyldur öðrum leikara, Magnúsi Ólafssyni, sem er frægastur fyrir túlkun sína á Bjössa bollu. Magnús er móðurbróðir Stefáns Karls. Sonur Magnúsar, og þannig frændi Stefáns Karls, er einnig þekktur fyrir leikræna tilburði, ekki á sviði heldur í sjónvarpslýsingum. Það er knattspyrnukappinn fyrrverandi, Hörður Magnússon.

## Ólafur trúlofaður

**Ó**lafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, og Ragnheiður Agnarsdóttir settu upp hringana um jólin en þau hafa verið saman síðan árið 2017.

Ólafur var áður ritstjóri hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Hann var kvæntur Halldóru Traustadóttur í tuttugu ár og um tíma var hann með Hildi Sverrisdóttur, varapingmanni Sjálfstæðisflokksins.

Ragnheiður er stofnandi Heilsufélagsins og starfaði áður sem framkvæmdastjóri Tryggingamiðstöðvarinnar. Hún var áður gift Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallar Íslands, sem féll frá langt fyrir áður fram árið 2011.



# FAGLEG ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF!

## ÖLL ÞJÓNUSTA Á SAMA STAÐ

### HÚSAVIÐGERÐIR

### ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI

- SMÍÐAVINNA
- MÚRVINNA
- MÁLNINGARVINNA

### HELLULAGNIR

### LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- JARÐVINNA
- DRENLAGNIR
- HELLULAGNIR
- ÞÖKULAGNIR

Eind ehf

788 8870 | eind@eind.is